

# MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL EVRÓPU 2005

**Dómareifanir**

2. hefti 2005 (júlí – desember)

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

**Ritstjóri:** Björg Thorarensen  
**Ritnefnd:** Oddný Mjöll Arnardóttir  
Skúli Magnússon

**Mannréttindadómstóll Evrópu**  
**Dómareifanir**  
**2. hefti 2005 (júlí – desember)**

© Mannréttindastofnun Háskóla Íslands  
Dreifing Háskólaútgáfan  
ISSN 1670-6145  
Ljósmynd á kápu er fengin frá Evrópuráðinu  
Prentun Gutenberg

Útgáfan er styrkt af dómsmálaráðuneytinu

## Frá ritstjóra

Í þessu hefti gefur að líta reifanir dóma Mannréttindadómstóls Evrópu frá seinni hluta ársins 2005 sem markverðir teljast fyrir túlkun ákvæða sáttmálans og þýðingu geta haft fyrir íslenskan rétt. Hér er einnig birt ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu um frávísun á máli Kjartans Gunnarssonar gegn Íslandi en í tímaritinu er stefnt að því að birta í heild sinni allar ákvarðanir og dóma í íslenskum málum.

Í fyrrgreindu kærumáli gegn Íslandi er tekist á við áhugaverðar spurningar um mörk friðhelgi einkalífsins og tjáningarfrelsis, en kærandi tapaði meiðyrðamáli sem hann höfðaði vegna ummæla lögmanns Íslenska útvarpsfélagsins sem birtust í Fréttablaðinu með gagnrýni á störf hans sem formanns bankaráðs Landsbankans. Í ákvörðuninni fjallar Mannréttindadómstóllinn ítarlega um það hvort æra og mannorð falli undir friðhelgi einkalífsins samkvæmt 8. gr. sáttmálans, en svo virðist sem dómstóllinn hafi ekki áður þurft að svara þeirri spurningu afdráttarlaust.

Af öðrum athyglisverðum úrlausnum Mannréttindadómstólsins sem reifaðar eru í þessu hefti má sérstaklega benda á dóm yfirdeildarinnar í máli Leylu Sahin gegn Tyrklandi. Málið fjallar um það hvort lög og reglur sem banna notkun á íslömskum höfuðklútum í háskólum brjóti gegn trúfrelsinu. Í málinu er tekist á um grundvallarspurningar um rétt til að bera trúartákn og viðleitni stjórnvalda til að tryggja jafnrétti karla og kvenna í veraldlegu þjóðfélagi sem byggja á lýðræðislegum gildum þar sem reynt er að stemma stigu við notkun trúarlegra tákna sem hafa jafnframt sérstaka pólitíska merkingu. Varð niðurstaða yfirdeildarinnar sú sama og í dómi deildar sjö dómara á síðasta ári – takmörkunin var talin réttlætanagerleg og í samræmi við meðalhófskröfur og jafnframt nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Dómurinn er ítarlega rökstuddur og er athyglisvert innlegg í þá umræðu sem nú stendur sem hæst um alvarlega árekstra trúfrelsis og tjáningarfrelsis í Danmörku og öðrum vest-rænum lýðræðisríkjum.

Vinna við reifanir dóma í þessu hefti var í höndum Herverar Pálsdóttur lögfræðings og laganemanna Helga Þórs Þorsteinssonar og Jóhannesar Stefáns Ólafssonar. Eru þeim færðar bestu þakkir fyrir.

Kærum til Mannréttindadómstóls Evrópu fækkaði nokkuð á síðasta ári, þrátt fyrir spár um annað, en samkvæmt ársskýrslu fyrir árið 2005 bárust dómstólnum rúmlega 41 þúsund kærur í stað rúmlega 44 þúsund árið áður. Kærum gegn íslenska ríkinu hefur einnig fækkað, sjö kærur voru skráðar á síðasta ári, árið 2004 voru þær tíu og árið 2003 voru þær sautján. Fjöldi kærumála gegn Íslandi hefur einatt verið sveiflukenndur á milli ára og tæplega hægt að draga sérstakar ályktanir af þessum tölum. Níu kærum gegn Íslandi var vísað frá dómstólnum á árinu 2005. Í átta tilvikum var um að ræða óbirta ákvörðun nefndar þriggja dómara en ein rökstudd ákvörðun um frávísun var tekin í deild sjö dómara í máli Kjartans Gunnarssonar sem áður er nefnd.

Mannréttindadómstóllinn kvað upp 1107 dóma á árinu 2005, mun fleiri en árið á undan þegar dómarnir voru 718. Þótt kærum hafi fækkað lítillega og fleiri dómur

séu kveðnir upp er ljóst að dómstólnum er mikill vandi á höndum þar sem hann annar engan veginn miklum málafjölda og bíða nú yfir áttatíu þúsund mál afgreiðslu hans. Því veldur það vonbrigðum að útséð er um að 14. viðauki við sáttmálann sem ætlað er að einfalda verklag og stytta málsmeðferðartímann geti tekið gildi á miðju árinu eins og stefnt var að. Aðeins 27 af 45 aðildarríkjum sáttmálans hafa nú fullgilt viðaukann og óvissa er um afstöðu nokkurra ríkja til hans. Það er því áhyggjuefni að ekki er hægt að spá fyrir um hvenær viðaukinn tekur gildi en það er nauðsynleg forsenda fyrir aukinni skilvirkni í starfsemi dómstólsins.

*Björg Thorarensen*

## Efnisyfirlit

### 2. hefti 2005 (júlí – desember)

<b>2. gr. Réttur til lífs</b> .....	<b>9</b>
Said gegn Hollandi. Dómur frá 5. júlí 2005 (sjá reifun undir 3. gr.).....	9
Nachova o.fl. gegn Búlgaríu. Dómur frá 6. júlí 2005. <i>Mannsbani vegna valdbeitingar lögreglu. Rannsókn. Mismunun á grundvelli kynþáttar. Sönnunarbyrði</i> .....	9
Bader o.fl. gegn Svíþjóð. Dómur frá 8. nóvember 2005. <i>Hælisleitendur. Brottvísun úr landi. Dauðarefsing</i> .....	13
Ramsahai gegn Hollandi. Dómur frá 10. nóvember 2005. <i>Mannsbani vegna valdbeitingar lögreglu. Rannsókn. Sjálfsvörn</i> .....	14
<b>3. gr. Bann við pyndingum</b> .....	<b>17</b>
Said gegn Hollandi. Dómur frá 5. júlí 2005. <i>Umsókn um hæli. Brottvísun</i> .....	17
Rohde gegn Danmörku. Dómur frá 21. júlí 2005. <i>Gæsluvarðhald. Einangrun. Eftirlit með andlegri heilsu</i> .....	19
N gegn Finnlandi. Dómur frá 26. júlí 2005. <i>Hælisleitendur. Brottvísun úr landi</i> .....	21
Mathew gegn Hollandi. Dómur frá 29. september 2005. <i>Polandi brots. Gæsluvarðhald. Einangrun. Aðbúnaður fanga</i> .....	23
Bader o.fl. gegn Svíþjóð. Dómur frá 8. nóvember 2005 (sjá reifun undir 2. gr.).....	27
Bekos og Koutropoulos gegn Grikklandi. Dómur frá 13. desember 2005. <i>Meðferð manna í haldi lögreglu. Mismunun á grundvelli kynþáttar. Rannsókn</i> ..	27
<b>5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi</b> .....	<b>31</b>
Gosselin gegn Frakklandi. Dómur frá 13. september 2005. <i>Gæsluvarðhald. Mál tekið fyrir í dómi innan hæfilegs tíma</i> .....	31
<b>6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi</b> .....	<b>33</b>
Okay o.fl. gegn Tyrklandi. Dómur frá 12. júlí 2005. <i>Réttindi og skyldur að einkamálarétti. Synjun á fullnustu dóma. Umhverfisvernd. Takmörkun mannréttinda sem vernduð eru að landsrétti</i> .....	33
Mild og Virtanen gegn Finnlandi. Dómur frá 12. júlí 2005. <i>Réttur til að spyrja vitni</i> .....	35
Mežnarić gegn Króatíu. Dómur frá 15. júlí 2005. <i>Óvilhallur dómstóll. Hæfi dómara</i> .....	36
Alatulkkila o.fl. gegn Finnlandi. Dómur frá 28. júlí 2005. <i>Stjórn fiskveiða. Réttindi og skyldur að einkamálarétti. Aðgangur að dómstól. Takmarkanir á eignarrétti. Mismunun</i> .....	37
H.N. gegn Póllandi. Dómur frá 13. september 2005 (sjá reifun undir 8. gr.) .....	40
Draon gegn Frakklandi og Maurice gegn Frakklandi. Dómur frá 6. október 2005. (sjá reifun undir 1. gr. 1. viðauka).....	40
Bracci gegn Ítalíu. Dómur frá 13. október 2005. <i>Réttur til að spyrja vitni</i> .....	40

Roche gegn Bretlandi. Dómur frá 19. október 2005 (sjá reifun undir 8. gr.).....	41
Ouranio Toxo o.fl. gegn Grikklandi. Dómur frá 20. október 2005. (sjá reifun undir 11. gr.).....	41
Kjartan Gunnarsson gegn Íslandi. Ákvörðun frá 20. október 2005. (sjá reifun undir 8. gr.).....	42
Bocos-Cuesta gegn Hollandi. Dómur frá 10. nóvember 2005. <i>Réttur til að spyrja vitni. Kynferðisbrot gegn börnum.</i> .....	42
Ramsahai gegn Hollandi. Dómur frá 10. nóvember 2005. (sjá reifun undir 2. gr.) ..	43
Capital Bank AD gegn Búlgaríu. Dómur frá 24. nóvember 2005. <i>Lögsaga dómstóla. Gjaldþrot. Leyfi til bankastarfsemi.</i>	
<i>Almennar takmarkanir eignarréttar. Polandi brots.</i> .....	43
Iletmiş gegn Tyrklandi. Dómur frá 6. desember 2005 (sjá reifun undir 8. gr.) .....	45
Karadžić gegn Króatíu. Dómur frá 15. desember 2005 (sjá reifun undir 8. gr.) .....	45
<b>8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu</b> .....	<b>46</b>
Üner gegn Hollandi. Dómur frá 5. júlí 2005. <i>Brottvísun úr landi. Endurkomubann.</i> .....	46
N gegn Finnlandi. Dómur frá 26. júlí 2005 (sjá reifun undir 3. gr.) .....	48
H.N. gegn Póllandi. Dómur frá 13. september 2005. <i>Haagsamningur um brotnám barna. Málsmeðferð innan hæfilegs tíma.</i> .....	48
Petri Sallinen o.fl. gegn Finnlandi. Dómur frá 27. september 2005 <i>Haldlagning lögreglu á gögnum með persónulegum upplýsingum.</i>	
<i>Skýrar lagaheimildir. Lögmenn.</i> .....	50
Draon gegn Frakklandi og Maurice gegn Frakklandi. Dómur frá 6. október 2005 (sjá reifun undir 1. gr. 1. viðauka).....	51
Roche gegn Bretlandi. Dómur frá 19. október 2005. <i>Þátttakendur í gastilraunum. Hermenn. Aðgangur að gögnum um persónulega hagi. Jákvæðar skyldur. Frelsi til að taka við upplýsingum. Réttindi að einkamálarétti. Hugtakið eign.</i> .....	51
Niedzwiecki gegn Pýskalandi og Okpisz gegn Pýskalandi. Dómur frá 25. október 2005 (sjá reifun undir 14. gr.).....	55
Kjartan Gunnarsson gegn Íslandi. Ákvörðun frá 20. október 2005. <i>Vernd æru og mannorðs. Meiðyrði. Sönnunarbyrði.</i> .....	55
Leyla Sahin gegn Tyrklandi. Dómur frá 10. nóvember 2005. (sjá reifun undir 9. gr.).....	60
Shofman gegn Rússlandi. Dómur frá 24. nóvember 2005. <i>Mál til vefengingar á faðerni barns. Málshöfðunarfrestur.</i> .....	60
Tuquabo-Tekle o.fl. gegn Hollandi. Dómur frá 1. desember 2005. <i>Innflytjendur. Sameining fjölskyldu.</i> .....	62
Iletmiş gegn Tyrklandi. Dómur frá 6. desember 2005. <i>Málsmeðferð innan hæfilegs tíma. Ferðafrelsi. Svipting vegabréfs.</i> .....	63
Karadžić gegn Króatíu. Dómur frá 15. desember 2005. <i>Haagsamningur um brotnám barna. Fullnusta dóms um afhendingu barns. Málsmeðferð innan hæfilegs tíma.</i> .....	65
Wisse gegn Frakklandi. Dómur frá 20. desember 2005. <i>Gæsluvarðhaldsfangar. Upptökur samtala við ættingja.</i> .....	66

<b>9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi .....</b>	<b>68</b>
Leyla Sahin gegn Tyrklandi. Dómur frá 10. nóvember 2005. <i>Bann við notkun höfuðklúta. Réttur til aðgangs að háskóla.</i> <i>Mismunun vegna trúarbragða.....</i>	68
<b>10. gr. Tjáningarfrelsi .....</b>	<b>73</b>
I.A. gegn Tyrklandi. Dómur frá 13. september 2005. <i>Refsing fyrir umfjöllun um trúarleg málefni .....</i>	73
Hirst gegn Bretlandi. Dómur frá 6. október 2005. (sjá reifun undir 3. gr. 1. viðauka).....	74
Roche gegn Bretlandi. Dómur frá 19. október 2005 (sjá reifun undir 8. gr.).....	74
Leyla Sahin gegn Tyrklandi. Dómur frá 10. nóvember 2005 (sjá reifun undir 9. gr.)	74
Wirtschafts-Trend Zeitschriften-Verlagsgesellschaft mbH gegn Austurríki. Dómur frá 13. desember 2005. <i>Meiðyrði. Myndbirting. ....</i>	75
Kyprianou gegn Kýpur. Dómur frá 15. desember 2005. <i>Lögmenn. Dómi sýnd óvirðing .....</i>	76
<b>11. gr. Funda- og félagafrelsi .....</b>	<b>79</b>
Ouranio Toxo o.fl. gegn Grikklandi. Dómur frá 20. október 2005. <i>Starfsemi stjórn málaflokks. Jákvæðar skyldur.</i> <i>Málsmeðferð innan hæfilegs tíma. ....</i>	79
<b>12. gr. Réttur til að stofna til hjúskapar .....</b>	<b>82</b>
B og L gegn Bretlandi. Dómur frá 13. september 2005. <i>Bann við hjúskap vegna fjölskyldutengsla. ....</i>	82
<b>13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns.....</b>	<b>84</b>
Roche gegn Bretlandi. Dómur frá 19. október 2005 (sjá reifun undir 8. gr.).....	84
Ramsahai gegn Hollandi. Dómur frá 10. nóvember 2005 (sjá reifun undir 2. gr.) ...	84
<b>14. gr. Bann við mismunun.....</b>	<b>84</b>
Nachova o.fl. gegn Búlgaríu. Dómur frá 6. júlí 2005 (sjá reifun undir 2. gr.).....	84
Alatulkkila o.fl. gegn Finnlandi. Dómur frá 28. júlí 2005 (sjá reifun undir 6. gr.)...	84
Draon gegn Frakklandi og Maurice gegn Frakklandi. Dómur frá 6. október 2005 (sjá reifun undir 1. gr. 1. viðauka).....	84
Hirst gegn Bretlandi. Dómur frá 6. október 2005 (sjá reifun undir 3. gr. 1. viðauka)	85
Roche gegn Bretlandi. Dómur frá 19. október 2005 (sjá reifun undir 8. gr.).....	85
Kjartan Gunnarsson gegn Íslandi. Ákvörðun frá 20. október 2005. (sjá reifun undir 8. gr.).....	85
Niedzwiecki gegn Pýskalandi og Okpisz gegn Pýskalandi. Dómur frá 25. október 2005. <i>Mismunun. Barnabætur. Innflytjendur.....</i>	85
Leyla Sahin gegn Tyrklandi. Dómur frá 10. nóvember 2005. (sjá reifun undir 9. gr.).....	87
Bekos og Koutropoulos gegn Grikklandi. Dómur frá 13. desember 2005. (sjá reifun undir 3. gr.).....	87

<b>34. gr. Kærur einstaklinga</b> .....	<b>88</b>
Mathew gegn Hollandi. Dómur frá 29. september 2005 (sjá reifun undir 3. gr.) ....	88
Capital Bank AD gegn Búlgaríu. Dómur frá 24. nóvember 2005. (sjá reifun undir 6. gr.).....	88
<b>53. gr. Verndun núverandi mannréttinda</b> .....	<b>88</b>
Okyay o.fl. gegn Tyrklandi, Dómur frá 12. júlí 2005 (sjá reifun undir 6. gr.).....	88
<b>1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar</b> .....	<b>89</b>
Alatulkkila o.fl. gegn Finnlandi. Dómur frá 28. júlí 2005 (sjá reifun undir 6. gr.)...	89
Draon gegn Frakklandi og Maurice gegn Frakklandi. Dómur frá 6. október 2005. <i>Hugtakið eign. Lögmaetar væntingar. Eignarsvipting. Réttur til skaðabóta.</i> ....	89
Anheuser-Busch hf. gegn Portúgal. Dómur frá 11. október 2005. <i>Hugtakið eign. Lögmaetar væntingar. Vörumerki</i> .....	93
N.A. o.fl. gegn Tyrklandi. Dómur frá 11. október 2005. <i>Svipting eignar. Réttur til skaðabóta.</i> .....	94
Roche gegn Bretlandi. Dómur frá 19. október 2005 (sjá reifun undir 8. gr.).....	96
Saliba gegn Möltu. Dómur frá 8. nóvember 2005. <i>Takmarkanir á eignarrétti. Niðurrif byggingar.</i> .....	96
J.A. Pye (Oxford) hf. gegn Bretlandi. Dómur frá 15. nóvember 2005. <i>Eignarsvipting. Hefð</i> .....	97
Capital Bank AD gegn Búlgaríu. Dómur frá 24. nóvember 2005. (sjá reifun undir 6. gr.).....	100
<b>2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar</b> .....	<b>100</b>
Leyla Sahin gegn Tyrklandi. Dómur frá 10. nóvember 2005. (sjá reifun undir 9. gr.).....	100
<b>3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga</b> .....	<b>101</b>
Hirst gegn Bretlandi. Dómur frá 6. október 2005. <i>Takmörkun kosningaréttar. Fangar.</i> .....	101



---

## 2. gr. Réttur til lífs

---

**Said gegn Hollandi**

**Dómur frá 5. júlí 2005**

**Mál nr. 2345/02**

**Sjá reifun dómsins undir 3. gr.**

*Umsókn um hæli. Brottvísun.*

**Nachova o.fl. gegn Búlgaríu**

**Dómur frá 6. júlí 2005 - Yfirdeild**

**Mál nr. 43577/98**

**2. gr. Réttur til lífs**

**13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns**

**14. gr. Bann við mismunun**

*Mannsbani vegna valdbeitingar lögreglu. Rannsókn. Mismunun á grundvelli kynþáttar. Sönnunarbyrði.*

### 1. Málsatvik

Kærendur, Angelina Nachova (A) fædd 1995 og móðir hennar Aksiniya Hristova (H) fædd 1978, Todorka Rangelova (T) fædd 1955 og Rangel Rangelov (R) fæddur 1954, eru búlgarskir ríkisborgarar og búa í Búlgaríu. Þau eru sígaunar (Roma).

Málið varðaði dauða Kuncho Angelov (K), föður A, og Kiril Petkov (P), sonar T og R, sem báðir létust á 21. aldursári þann 19. júlí 1996 þegar herlögreglumenn reyndu að handtaka þá.

K og P höfðu báðir verið kvaddir til herþjónustu og snemma árs 1996 voru þeir ítrekað handteknir vegna fjarvista án leyfa. Þann 22. mars 1996 var K dæmdur til níu mánaða fangelsis og P til 5 mánaða fangelsis. Báðir höfðu áður hlotið refsisdóma vegna þjófnaðar. Þann 15. júlí 1996 yfirgáfu þeir herdeild sína án leyfis. Fóru þeir heim til ömmu K. Var hvorugur þeirra vopnaður. Þann 19. júlí 1996 sendi ofurstinn D fjóra herlögreglumenn, undir stjórn majórsins G, til að handtaka K og P. Að minnsta kosti tveir herlögreglumannanna þekktu K og P. Ofurstinn sagði herlögreglumönnum að í samræmi við reglur skyldu þeir bera handbyssur og sjálfvirka riffila og klæðast skotheldum vestum. Þá upplýsti hann þá um að bæði P og K hefðu áður verið sakfelldir fyrir refsiverð brot og að þeir hefðu sloppið úr varðhaldi. Var herlögreglumönnum sagt að beita öllum nauðsynlegum aðgerðum til að handtaka P og K. Þegar herlögreglan kom á heimili ömmu K reyndu P og K að flýja af vettvangi. Eftir að P og K höfðu verið varaðir við því að skotið yrði á þá, myndu þeir ekki gefast upp, skaut majórinn G þá með sjálfvirkum riffli sínum. Við komu á spítala voru þeir báðir úrskurðaðir látnir.

Vitni að atburðunum bar að þegar það óskaði eftir leyfi majórsins til að fá að fjarlægja barnabarn sitt af vettvangi hefði majórinn beint byssu sinni að honum og sagt: „bölvuðu sígaunarnir ykkar“.

## 2. gr. Réttur til lífs

Rannsókn hófst á dauða P og K sama dag. Í krufningarskýrslu kom fram að bæði P og K hefðu látist af skotsárum sem komið hefðu frá sjálfvirkum riffli úr fjarlægð. P hefði verið skotinn í brjóstakassa en K í bakið. Niðurstaða rannsóknarinnar var að majórinn hefði fylgt tiltekinni reglugerð sem gildi um herlögreglu. Hann hefði varað P og K við nokkrum sinnum og skotið varnaðarskotum í loftið. Hann hefði skotið þá einungis þar sem þeir hefðu ekki gefist upp og þar sem hætta var á að þeir slyppu. Þá hefði hann reynt að varna því að sár þeirra yrðu banvæn. Enginn annar hefði orðið fyrir sárum. Á þessum grundvelli höfnuðu yfirvöld því að herlögreglu-mennirnir yrðu saksóttir.

Kærendur áfrýjuðu án árangurs.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Með dómi deildar dómstólsins þann 26. febrúar 1994 hafði dómstóllinn talið einróma að brotið hefði verið gegn 2. gr. sáttmálans þegar skotið var á P og K og að fullnægjandi rannsókn á dauða þeirra hefði ekki farið fram. Þá var 14. gr., sbr. 2. gr., sáttmálans einnig talin brotin þar sem ekki hefði verið rannsakað hvort skotarásin hefði tengst kynþáttatengdum sjónarmiðum.

Þann 21. maí 2004 óskaði búlgarska ríkið eftir því að málinu yrði vísað til yfirdeildar dómstólsins.

### *Kæran*

Kærendur töldu að dauði ættingja þeirra fæli í sér brot á 2. gr. sáttmálans vegna gallaðra laga og lagaframkvæmdar sem heimilaði notkun banvæns valds án ítrustu nauðsynjar. Töldu þeir einnig að yfirvöld hefðu ekki rannsakað dauða P og K á fullnægjandi hátt og að með því hefði verið brotið gegn 2. og 13. gr. sáttmálans. Þá töldu kærendur að fordómar og óvinveitt viðmót gagnvart sígaunum hefði verið grundvallarþáttur í þeim atburðum sem leiddu til skotárásarinnar og þess að fullnægjandi rannsókn fór ekki fram. Töldu þeir þetta varða við 14. gr., sbr. 2. gr., sáttmálans.

### *Niðurstaða deildar*

Þann 26. febrúar 2004 komst deild 7 dómara að þeirri einróma niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 2. gr. sáttmálans einni sér og tekinni saman með 14. gr., en að ekki væri nauðsynlegt að skoða kærana sérstaklega frá sjónarhóli 13. gr. sáttmálans. Dómstóllinn dæmdi kærendunum Angelinu Nachovu og Aksiniyu Hristovu sameiginlega 25.000 evrur í miskabætur og Todorku Rangelova og Rangel Rangelov sameiginlega 22.000 evrur. Þá voru kærendum dæmdar sameiginlega 3.740 evrur í málskostnað.

### *Niðurstaða yfirdeildar*

Um 2. gr.: *Um dauða P og K.* Dómstóllinn taldi ámælisvert að reglugerðir um notkun skotvopna af hálfu herlögreglu heimiluðu notkun banvæns valds við handtöku hermanna og það án tillits til alvarleika þeirra ætluðu brota sem handtaka átti þá fyrir. Þessar reglugerðir voru ekki aðeins óbirtar heldur geymdu þær hvorki skýr ákvæði né fullnægjandi tryggingu gegn geðþóttaákvörðunum. Reglugerðirnar full-

## 2. gr. Réttur til lífs

nægðu því ekki kröfu 2. gr. sáttmálans um að réttur hvers manns til lífs skuli verndaður með lögum.

Yfirdeild féllst á það með deild að þar sem herlögreglumönnunum var fyrirskipað að beita öllum nauðsynlegum aðgerðum við handtökuna, þrátt fyrir að P og K væru óvopnaðir og hættulausir, hefðu stjórnvöld brugðist þeirri skyldu sinni að takmarka eins og unnt var þá hættu sem rétti P og K til lífs gæti stafað af aðgerðinni. Undirbúningur og stjórn aðgerðarinnar var því talin hafa virt að vettugi grundvallarregluna um réttinn til lífs með hörmulegum afleiðingum.

Hvað varðaði háttsemi herlögreglumannanna taldi dómstóllinn að við þær aðstæður sem uppi voru við handtökuna bannaði 2. gr. sáttmálans alla beitingu valds sem hugsanlega kynni að vera banvænt. Í því sambandi skipti ekki máli að hætta kynni að vera á því að P og K slyppu af vettvangi. Að auki hefði majórinn beitt valdi sem var langt umfram það sem nauðsyn bar til. Majórinn hefði skotið á P og K með sjálfvirkum riffli þrátt fyrir að hann bæri einnig handbyssu, en þetta gerði honum ómögulegt að miða á hina látnu með nokkurri nákvæmni. Að lokum taldi dómstóllinn óútskýrt að P var skotinn í brjóstkassa og því ekki loku fyrir það skotið að hann hefði snúið við á síðustu mínútu til að gefast upp, en allt að einu verið skotinn.

Dómstóllinn taldi því að búlgarska ríkið hefði brugðist skyldum sínum samkvæmt 2. gr. sáttmálans þar sem reglur um beitingu valds væru í grundvallaratriðum gallaðar og þar sem P og K voru skotnir til bana í aðstæðum þar sem 2. gr. sáttmálans heimilaði ekki notkun skotvopna. Ennfremur var valdbeitingin langt umfram það sem nauðsyn bar til. Búlgarska ríkið hafði því brotið gegn 2. gr. sáttmálans við dauða P og K.

*Um rannsókn á dauða P og K.* Dómstóllinn taldi að niðurstaða rannsóknar á dauða P og K staðfesti að reglur um beitingu valds herlögreglu væru í grundvallaratriðum gallaðar og virtu ekki réttinn til lífs. Skortur á rannsókn tiltekinna þátta málsins leiddi til þess að engin ítarleg rýni hefði farið fram á þeim atvikum sem máli skiptu. Nokkrar augljósar og nauðsynlegar rannsóknaraðgerðir hefðu ekki verið framkvæmdar og rannsóknaryfirvöld hafi hunsað mikilvægar upplýsingar án þess að leita nánari skýringa. Þess í stað hafi verið byggt á yfirlýsingum majórsins. Hefðu rannsóknar- og ákærvald með þessu varnað því að majórinn yrði ákærður fyrir háttsemi sína. Var tekið fram að slíkt gæfi tilefni til alvarlegra efasemda um hlutlægni rannsóknar- og ákærvalds.

Var það því niðurstaða dómstólsins að Búlgaría hefði brotið gegn þeirri skyldu sinni samkvæmt 2. gr. sáttmálans að rannsaka á fullnægjandi hátt framangreinda atburði.

Um 13. gr.: Dómstóllinn taldi að kærán gæfi ekki tilefni til sérstakrar athugunar vegna 13. gr. sáttmálans.

Um 14. gr.: *Um hugsanleg áhrif kynþáttafordóma á dauða P og K.* Dómstóllinn taldi hlutverk sitt vera að kanna hvort kynþáttafordómar kynnu að hafa verið orsakaþáttur í skotárásinni sem leiddi til dauða P og K. Þá tók hann fram í því sambandi

## 2. gr. Réttur til lífs

að við mat á sönnunargögnum yrði sönnun að vera yfir skynsamlegan vafa hafin og að í samræmi við fordæmi gæti sönnun verið talin koma fram með nægilega sterkri óbeinni sönnun og ómótmæltum staðhæfingum um staðreyndir.

Kærendur byggðu á ýmsum málsástæðum sem þeir töldu sýna fram á að manndrápin hefðu verið byggð á kynþáttafordómum. Dómstóllinn taldi þær hins vegar ekki sannfærandi. Sá möguleiki að majórinn hefði verið að fylgja reglugerðinni til hins ítrasta og hefði viðhaft sömu háttsemi án tillits til kynþáttar þeirra sem aðgerðin beindist að gat ekki verið útilokaður. Þrátt fyrir að umrædd reglugerð hefði verið gölluð í grundvallaratriðum og ekki fullnægt kröfum sáttmálans um vernd réttarins til lífs var ekkert sem benti til þess að majórinn hefði ekki beitt vopni sínu án tillits til þess að aðgerðin fór fram í sígaunahverfi.

Yfirdeildin féllst ekki á þá nálgun deildar að þar sem yfirvöld hefðu ekki rannsakað hvort skotarásin hefði byggst á kynþáttafordómum ætti sönnunarbyrðin um það atriði að færast yfir á ríkið. Dómstóllinn taldi ekki sýnt fram á að kynþáttafordómar hefðu legið til grundvallar dauða P og K. Var það því niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn 14. gr., sbr. 2. gr. sáttmálans.

*Hvort Búlgaría fullnægði skyldum sínum um rannsókn á því hvort kynþáttafordómar hefðu hugsanlega legið að baki dauða P og K.* Fyrir rannsóknaryfirvöldum hafði legið yfirlýsing vitnis um að við framkvæmd aðgerðanna hefði majórinn kallað „bölvuðu sígaunarnir ykkar“ og samtímis beint byssu að sér. Dómstóllinn taldi að kæmu fram sönnunargögn um að lögreglumenn létu falla ummæli sem fælu í sér kynþáttafordóma við framkvæmd valdbeitingar gagnvart minnihlutahóp þyrfti að bregðast við þeim með nánari rannsókn á því hvort um ofbeldi byggt á kynþáttahatri væri að ræða. Ennfremur kallaði sú staðreynd að majórinn hafði notað vald langt umfram það sem nauðsynlegt var á frekari og ítarlegri rannsókn á þessu. Þrátt fyrir fullt tilefni hefði framangreind yfirlýsing vitnis um ummæli majórsins á vettvangi á engan hátt verið könnuð frekar eða staðfestingar leitað á henni eða ástæðum þess að herlögreglumennirnir höfðu talið nauðsynlegt að beita slíku valdi sem gert var. Yfirvöld höfðu gengið fram án þess að kanna staðreyndir málsins til hlítar og lokið rannsókninni með þeim afleiðingum að majórnum var skýlt fyrir hugsanlegri saksókn.

Dómstóllinn taldi því að yfirvöld hefðu brugðist þeirri skyldu sinni skv. 14. gr., sbr. 2. gr., sáttmálans, að grípa til allra mögulegra aðgerða til að rannsaka hvort mismunun hefði legið til grundvallar atvikum málsins. Var því brotið gegn framangreindum ákvæðum með málsmeðferðinni.

Kærendunum Angelinu Nachovu og Aksiniyu Hristovu voru dæmdar sameiginlega 25.000 evrur í miskabætur og Todorku Rangelova og Rangel Rangelov sameiginlega 22.000 evrur. Þá voru kærendum dæmdar sameiginlega 11.000 evrur í málskostnað.

Sjö dómáramur skiluðu séráliti.

**Bader o.fl. gegn Svíþjóð**

**Dómur frá 8. nóvember 2005**

**Mál nr. 13284/04**

**2. gr. Réttur til lífs**

**3. gr. Bann við pyndingum**

*Hælisleitendur. Brottvísun úr landi. Dauðarefsing.*

### **1. Málsatvik**

Kærendur, Kamal Bader Muhammad Kurdi (f. 1972), Hamida Abdilhamid Mohammad Kanbor (f. 1973) og tvö börn þeirra (f. 1998 og 1999) eru sýrlenskir ríkisborgarar. Þau eru búsett í Svíþjóð. Eftir komu sína til Svíþjóðar í ágúst 2002 sóttu þau um hæli í nokkur skipti en var ávallt hafnað. Var kærendum tilkynnt í kjölfarið að þeim yrði vísað úr landi.

Í janúar 2004 sóttu kærendur enn um hæli og fóru fram á að framkvæmd ákvörðunar um brottvísun yrði frestað. Bygðu þau beiðni sína á því að Bader hefði verið sakfelldur með dómi í Sýrlandi þann 17. nóvember 2003 fyrir hlutdeild í manndrápi og dæmdur til dauðarefsingar, án þess að hann hefði þó komið fyrir dóm-inn. Í dóminum kom fram að Bader og bróðir hans hefðu ítrekað hótad mági sínum, þar sem þeir teldu hann hafa vanvirt fjölskyldu þeirra með því að fara illa með systur þeirra og hafa borgað of lítinn heimanmund. Í nóvember 1998 hefði bróðir Bader skotið mág bræðranna til bana eftir sameiginlega ráðagerð bræðranna þar um, en kærandi var talinn hafa útvegað vopnið. Í dóminum kom fram að bræðurnir hefðu flúið eftir árásina á máginn og að þeir hefðu verið sakfelldir þrátt fyrir útivist þeirra. Þá kom fram að málið mætti endurupptaka. Bader neitaði sök og hélt því fram að hann hefði setið í gæsluvarðhaldi í Sýrlandi í 9 mánuði á árunum 1999 til 2000 vegna gruns um hlutdeild í manndrápinu og verið veitt lausn gegn tryggingu.

Útlendingastofnun í Svíþjóð hafnaði umsókn kæranda um hæli í apríl 2004. Bygðði stofnunin þá ákvörðun á niðurstöðum rannsóknar lögmanns í Sýrlandi, sem fram fór fyrir tilstuðlan sænska sendiráðsins í Sýrlandi. Kom þar fram að ef Bader kæmi aftur til Sýrlands myndi mál hans verða endurupptekið og sæta málsmeðferð frá upphafi að nýju. Ef hann yrði sakfelldur yrði hann ekki dæmdur til dauðarefsingar þar sem um brot tengt æru væri að ræða. Taldi útlendingastofnun því að ótti kæranda væri ekki á rökum reistur og að kærendur þyrftu ekki á hæli að halda. Í apríl 2004 var framkvæmd brottvísunar kæranda frestað með vísan til tilmæla Mannréttindadómstólsins þar um á grundvelli 39. gr. málsmeðferðarreglna dómstólsins.

### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

#### ***Kæran***

Kærendur bygðu á því að réttindi Bader skv. 2. og 3. gr. sáttmálans yrðu brotin yrði honum vísað úr landi til Sýrlands, enda biði hans þar handtökuskipun og dauðarefsing.

### *Niðurstaða*

Dómstóllinn taldi að sænska ríkið myndi setja Bader í alvarlega hættu með því að vísa honum úr landi til Sírlands, enda hefði ríkið enga tryggingu fengið frá sýrlenskum yfirvöldum um að mál hans yrði endurupptekið og að saksóknari myndi ekki krefjast dauðarefsingar yfir honum. Að mati dómstólsins var ótti Bader við það að dauðadómur yfir honum kæmi til framkvæmda, ef honum yrði gert að snúa aftur til Sírlands, á rökum reistur. Þá byggði dómstóllinn enn fremur á því að þar sem aftökur í Sírlandi fara fram án opinbers eftirlits myndi brottvísun úr landi valda Bader og öðrum kærendum miklum ótta og angist af völdum óvissu um framkvæmd aftöknar.

Af dóminum í máli Bader var ennfremur ljóst að engar skýrslutökur höfðu farið fram fyrir dómi, aðeins höfðu verið lögð fram sönnunargögn af hálfu ákærvalds og hvorki ákærði né verjandi hans höfðu verið viðstaddir þinghöld í málinu. Taldi dómstóllinn að málsmeðferð í máli Bader fullnægði á engan hátt kröfum um réttláta málsmeðferð fyrir dómi og því ekki að ástæðulausu að kærandi óttaðist að mál hans hlyti sambærilega málsmeðferð kæmi til endurupptöku þess.

Með tilliti til atvika málsins taldi dómstóllinn rökstudda ástæðu til að ætla að yrði Bader gert að snúa aftur til Sírlands væri raunveruleg hætta á því að hann yrði leiddur til aftöku og þyrfti að þola meðferð sem bryti gegn 2. og 3. gr. sáttmálans. Því myndi brottvísun kæranda til Sírlands brjóta gegn 2. og 3. gr. Að þessari niðurstöðu fenginni taldi dómstóllinn ekki nauðsynlegt að leysa úr um hvort brotið væri gegn 13. viðauka við sáttmálann, eins og sænska ríkið hafði mælst til.

Einn dómari skilaði séráliti.

### **Ramsahai gegn Hollandi**

**Dómur frá 10. nóvember 2005**

**Mál nr. 52391/99**

**2. gr. Réttur til lífs**

**6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi**

**13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns**

***Mannsbani vegna valdbeitingar lögreglu. Rannsókn. Sjálfsvörn.***

### **1. Málsatvik**

Kærendur eru hollenskir ríkisborgarar, Renee Ramsahai, Mildred Ramsahai og Ricky Ramsahai. Þau eru afi, amma, og faðir Moravia Ramsahai sem var skotinn til bana af lögreglu í júlí 1998. Kærendur búa í Hollandi.

Að kvöldi 19. júlí 1998 stal Moravia skellinöðru eftir að hafa ógnað eiganda hennar með byssu á hátíðarhöldum innflytjenda frá Súrínam. Þjófnaðurinn var tilkynntur lögreglu. Tveir einkennisklæddir lögreglumenn sem voru á vakt þetta kvöld sáu mann á skellinöðru sem passaði við lýsingu á Moravia og reyndu að handtaka hann. Annar lögreglumannanna sá Moravia taka byssu úr beltí sínu og dró hann þá upp vopn sitt og skipaði Moravia að sleppa byssunni. Það gerði Moravia ekki og

## 2. gr. Réttur til lífs

beindi byssu sinni að hinum lögreglumanninum þegar sá nálgast hann. Sá lögreglamaður dró fram vopn sitt og skaut Moravia í hálsinn. Lögreglumennirnir kölluðu eftir lögreglubíl kl. 10.03 en þegar hann kom á staðinn kl. 10.15 var Moravia látinn.

Lögreglurannsókn var fyrirskipuð og fór hún að nokkru fram undir stjórn sveitar lögreglumannanna sem reyndu að handtaka Moravia, þ.e. tæknileg rannsókn á vettvangi, leit að sjónarvottum og skýrslutaka af vitnum á vettvangi, þ.m.t. af öðrum lögreglumönnum í sömu sveit. Sú lögreglusveit stjórnaði rannsókn málsins fyrstu fimm títán og hálfan tíma hennar, en eftir það tók sveitin aðeins þátt í rannsókninni undir stjórn ríkisrannsóknardeildar sakamála.

Að lokinni rannsókn málsins var það niðurstaða ríkissaksóknara að lögreglumaðurinn sem skaut Moravia hefði gert það í lögmætri sjálfsvörn og ákvað að hann yrði ekki saksóttur.

Pann 26. apríl vísaði áfrýjunarréttur frá kæru kæranda vegna þeirrar ákvörðunar saksóknara að ákæra ekki lögreglumanninn. Var sú dómniðurstaða ekki birt opinberlega.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

### *Kæran*

Kærendur töldu atvik skotárásarinnar á Moravia og skort á skilvirkri og sjálfstæðri rannsókn á dauða hans hafa brotið gegn 2. gr., 1. mgr. 6. gr. og 13. gr. sáttmálans.

### *Niðurstaða*

*Mat dómstólsins á staðreyndum málsins.* Dómstóllinn tók fram að hin opinbera rannsókn málsins virtist hafa verið ítarleg og að niðurstöður hennar hefðu verið skráðar með nokkurri nákvæmni. Rannsóknin fól meðal annars í sér yfirheyrslu lögreglumannanna sem hlut áttu að máli og töluverðs fjölda vitna, m.a. nokkurra sem kærendur höfðu bent á, auk söfnunar tæknilegra sönnunargagna. Dómstóllinn byggði eigið mat á málinu á þeim upplýsingum sem leiða mátti af opinberum skjölum sem ennfremur voru studd öðrum gögnum.

Dómstóllinn féllst á að lögregluþjónunum hefði í fyrstu ekki verið ljóst að Moravia var vopnaður. Þegar þeir reyndu að handtaka hann streittist hann á móti og reyndi að flýja. Annar lögreglumannanna reyndi að ná taki á honum. Eftir stutt átök náði Moravia að losa sig og dró upp byssu í nokkurra metra fjarlægð frá lögregluþjónunum. Við það dró lögreglumaðurinn upp sína byssu og skipaði Moravia að minnsta kosti einu sinni að sleppa byssunni. Moravia beindi þá byssu sinni að jörðinni, en á ógnandi hátt að mati lögregluþjónsins, og reyndi svo að ganga á brott. Þá kom hinn lögregluþjónninn til aðstoðar og sá að Moravia hélt á byssu sinni í trássi við fyrirskipun lögreglumanns. Byssa Moravia reyndist hlaðin fimm skotum og öryggi ekki á. Báðir lögreglumennirnir sáu Moravia snúa sér og lyfta þeirri hendi þar sem byssan var. Annar lögreglumannanna sá Moravia beina byssunni í átt að sér og hóf því byssu sína á loft og skaut einu sinni á Moravia án þess þó að miða sérstaklega á tiltekinn líkamshluta. Það var ekki ætlun lögreglumannsins að skotið yrði

## 2. gr. Réttur til lífs

Moravia að bana heldur vildi hann binda enda á aðstæðurnar þá þegar. Skot lög-  
reglumannsins rauf slagæð í hálsi Moravia, sem missti meðvitund á nokkrum sek-  
úndum og blæddi út á nokkrum mínútum.

Um 2. gr.: Skotárás á Moravia. Dómstóllinn féllst ekki á það með kærendum  
að lögreglumennirnir hefðu beitt banvænu eða óhóflegu valdi við handtöku manns  
sem hafði ekki gerst sekur um alvarlegri háttsemi en að ræna skellinöðru. Var það  
að mati dómstólsins ljóst að tilraun til handtöku Moravia leiddi ekki til annars en  
stuttra átaka. Ekki var þá gripið til skotvopna.

Dómstóllinn féllst ekki heldur á að lögreglumennirnir hefðu ekki undirbúið  
handtökuna réttilega. Þeir vissu ekki að Moravia var vopnaður og höfðu því enga  
ástæðu til að ætla að þeirra biði annað en venjuleg handtaka. Var því ekki hægt að  
ætlast til þess af lögreglumönnum að þeir óskuðu frekari upplýsinga eða liðsauka.  
Lögreglumennirnir drógu aðeins upp vopn sín eftir að Moravia gerði það sjálfur.  
Skoti hefði ekki verið hleypt af fyrr en hann hafði virt að vettugi fyrirskipanir lög-  
reglunnar um að sleppa vopni sínu og hefði verið að lyfta því í átt að lögreglumann-  
inum þegar hann skaut. Taldi dómstóllinn að lögreglumaðurinn hefði mátt telja líf  
sitt í hættu. Þar sem byssa Moravia var hlaðin og öryggi ekki á væri ekki hægt að  
gagnrýna það mat lögreglumannsins á aðstæðum, meira að segja ekki eftir á að  
hyggja. Var fallist á að lögreglumennirnir hefðu hegðað sér í samræmi við starfsregl-  
ur sem minnka eiga þá hættu sem hugsanlega getur stafað af notkun lögreglumanna  
á skotvopnum sínum. Þá var litið til þess að vopnin og skotin sem lögreglumennirnir  
notuðu voru sérstaklega ætluð til þess að draga úr hættu á alvarlegum áverkum eða  
mannsbana. Ennfremur að sá lögreglumannanna sem skaut hefði hlotið fullnægjandi  
þjálfun í notkun skotvopna í sjálfsvörum.

Að mati dómstólsins var valdbeitingin ekki meiri en „algjör nauðsyn“ krafðist  
til að ná fram handtöku Moravia og til að vernda líf lögreglumannanna. Var skotá-  
rásin á Moravia því ekki talin hafa brotið gegn 2. gr. sáttmálans.

*Rannsókn á skotárásinni.* Dómstóllinn taldi mat ákærvalds og áfrýjunarréttar  
á því að hlífa lögreglumanninum sem skaut Moravia við saksókn hafa verið sann-  
gjarnt. Hins vegar fullnægði rannsókn á dauða Moravia ekki þeim kröfum sem gerð-  
ar eru, þar sem hluti rannsóknarinnar var falinn þeirri lögreglusveit sem lögreglu-  
mennirnir sem þátt áttu í handtökunni voru í og þar sem dómur áfrýjunarréttar 26.  
apríl 1999 var ekki birtur almenningi. Var það því niðurstaða dómstólsins að brotið  
hefði verið gegn 2. gr. sáttmálans hvað varðaði rannsókn á skotárásinni sem leiddi  
til dauða Moravia.

Um 1. mgr. 6. gr. og 13. gr.: Dómstóllinn taldi 6. gr. sáttmálans ekki eiga við í  
máli kæranda og að kærufnið gæfi ekki sérstakt tilefni til skoðunar skv. 13. gr sátt-  
málans.

Kærendum voru dæmdar 20.000 evrur í miskabætur skv. 41. gr. sáttmálans og  
8.000 evrur í málskostnað.

Tveir dómarmar skiluðu séráliti.



---

## 3. gr. Bann við pyndingum

---

**Said gegn Hollandi**

**Dómur frá 5. júlí 2005**

**Mál nr.2345/02**

**3. gr. Bann við pyndingum**

**2. gr. Réttur til lífs**

***Umsókn um hæli. Brottvísun.***

### 1. Málsatvik

Kærandi, Mahmoud Mohammed Said, er erítrískur ríkisborgari, fæddur 1967 og dvelur í Hollandi. Þann 8. maí 2001 kom hann til Hollands og sótti um pólitískt hæli þann 21. maí 2001 í flóttamannamiðstöð á Schiphol flugvelli. Hann hélt því fram að hann hefði starfað sem hermaður í heimalandi sínu og barist í stríðinu við Eþíópíu. Þrátt fyrir að stríðinu hafi lokið 13. júní 2000, þá hafi hersveitir Eritríu ekki verið leystar upp strax vegna þess að stjórnvöld hafi óttast frekari átök milli þjóðanna.

Samkvæmt frásögn kæranda var fundur haldinn í ágúst 2000 með herfylki hans, þar sem yfirmenn hans héldu því fram að hermennirnir hefðu ekki staðið sig í bardögum. Kærandi tók þá til máls og kvartaði yfir því að hermennirnir væru svangir, þyrstir og þreyttir. Þá sagði hann að það þyrfti annað hvort að styrkja herfylkið eða að leggja það niður. Aðrir hermenn studdu hann á fundinum og deilur risu milli hermanna og yfirmanna þeirra.

Eftir fundinn, fannst kærandi hann vera undir sérstöku eftirliti yfirmanna og að honum væri fylgt eftir. Þann 5. desember 2000 var hann borinn sökum um að hafa hvatt hermennina til uppreisnar, honum var gert að skila vopnum og var honum haldið föngum í neðanjarðarbyrgi í um fimm mánuði. Hann var hvorki yfirheyrður, ákærður né leiddur fyrir rétt. 20. apríl 2001 hafi hann verið settur í jeppabifreið með ökumanni og vopnuðum verði. Hann hafi hvorki verið handjárnaður né bundinn. Á leið sinni óku þeir framhjá bíl í eigu hersins sem hafði lent í slysi. Bæði ökumaðurinn og vörðurinn fóru út úr jeppanum til aðstoðar og skildu kæranda einan eftir, og hafi honum þá tekist að flýja. Hann hafi þá komist til Súdan og eftir að hafa ferðast um nokkur önnur lönd, komst hann loks til Breda í Hollandi.

Þann 23. maí 2001, var umsókn kæranda um pólitískt hæli hafnað af hollenska dómismálaráðuneytinu. Ástæður þessa voru þær að hann gat ekki sýnt fram á nein skilríki eða önnur gögn sem gætu staðfest hver hann væri, hvaðan hann væri eða hvert hann hafi ferðast á leið sinni til Hollands. Einnig hafði það áhrif á niðurstöðuna að saga hans um flóttann þótti mjög ótrúverðug. Kærandinn áfrýjaði málinu án árangurs.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

### *Kæran*

Kærandi hélt því fram að ef hann yrði sendur aftur til heimalands síns yrði hann í mikilli hættu á að vera annað hvort tekinn af lífi, pyndaður eða látinn þola aðra ómannlega eða vanvirðandi meðferð. Bygðði hann á 2. gr. og 3. gr. sáttmálans

### *Niðurstaða*

Um 3. gr.: Dómstóllinn leit til þess að yfirlýsingar kæranda höfðu verið stöðugar og að hann hafði lagt fram upplýsingar til að hrekja ásakanir yfirvalda um að frásagnir hans væru ótrúverðugar. Sérfræðingur hjá Amnesty International í Hollandi hafði einnig rennt stöðum undir hluta af frásögn kæranda. Jafnvel þó að þau gögn sem lögð voru fram hafi verið almenns eðlis, þá taldi dómstóllinn að erfitt væri að gera meiri kröfur til kæranda í þeim efnum.

Dómstóllinn tók einnig fram að kærandi hafði sótt um pólitískt hæli í Hollandi í maí 2001, u.þ.b. einu ári áður en afvopnun hersins byrjaði, sem þótti benda til þess að hann væri liðhlaupi. Þrátt fyrir að stríðinu hefði lokið í júní 2000 þá bentu gögn sem dómstóllinn hafði undir höndum til þess að eritríski herinn hefði ekki afvopnast fljótt. Skýrsla um framkvæmd mannréttindamála í Eritreu, sem gefin var út af bandaríska utanríkisráðuneytinu þann 28. febrúar 2005, skýrði frá aðgerðum eritrískra til að hafa uppi á liðhlaupum. Í ljósi þessara aðstæðna taldi dómstóllinn líklegt að kærandinn væri liðhlaupi jafnvel þótt frásögn hans af því hvernig hann flúði herinn þætti ótrúleg.

Þá átti eftir að skera úr því hvort að kærandi væri í hættu á að þurfa að þola slæma meðferð yrði hann sendur heim. Tók dómstóllinn m.a. tillit til skýrslna frá Amnesty International þar sem kom fram að liðhlaupar í Eritríu hefðu þurft að þola einangrun, væru bundnir í sársaukafullum stellingum og jafnvel látnir liggja í sólinni í langan tíma í miklum hita. Meðferð sem þessa taldi dómstóllinn óyggjandi falla undir ómannlega meðferð. Skýrsla frá utanríkisráðuneyti Hollands studdi einnig að liðhlaupar í Eritreu hefðu hlotið slæma meðferð. Kærandinn hélt því fram að hann væri handtekinn og honum haldið föngum af eritrískum yfirvöldum, eftir að hann tók til máls á fundinum, og að hann væri þekktur af þeim. Einnig var talið að eritrísk yfirvöld héldu skrá yfir liðhlaupa.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að nægilegar líkur hefðu verið leiddar að því kærandi yrði í mikilli hættu á verða látinn þola pyndingar eða ómannlega og vanvirðandi meðferð í skilningi 3. gr. sáttmálans.

Um 2. gr.: Þar sem dómstóllinn taldi brottvísun kæranda úr landi brjóta gegn réttindum hans samkvæmt 3. gr. var ekki talin ástæða til að fjalla frekar um 2. gr. sáttmálans.

Tveir dómarar skiludu séráliti

## Rohde gegn Danmörku

Dómur frá 21. júlí 2005

Mál nr. 69332/01

### 3. gr. Bann við pyndingum

*Gæsluvarðhald. Einangrun. Eftirlit með andlegri heilsu.*

#### 1. Málsatvik

Kærandinn, Peter Rohde, er danskur ríkisborgari og fæddur 1965. Hann var handtekinn 13. desember 1994 grunaður um fíkniefnabrot eftir að tæplega 5,7 kg. af kókaíni fundust við tollskoðun á vörusendingu með papaya ávöxtum sem hann hafði pantað frá Brasilú. Hann var vistaður fangaklefa í um 16 klukkustundir þar var hann undir stöðugu eftirliti vegna þess að hann hafði lýst yfir að hann hygðist fyrirfara sér, þar sem hann þjáðist af innilokunarkennd. Daginn eftir var hann úrskurðaður í gæsluvarðhald til 10. janúar 1995, og þar af í einangrun til 28. desember 1994. Gæsluvarðhaldið og einangrunin voru svo framlengd nokkrum sinnum fram til 28. nóvember 1995 en þá var einangruninni loksins aflétt. Kærandi sat í gæsluvarðhaldi til 12. júlí 1996. Á þessum tíma var kærandi heimsóttur reglulega af læknum, hjúkrunarfræðingum, félagsráðgjöfum og tannlækni.

Þann 12. desember 1995 viðurkenndi annar maður, PL, að hafa komið kókaínu fyrir í ávöxtunum en að hann hefði gert samkomulag við kæranda um að smygla demöntum í ávöxtunum en ekki kókaíni. Þann 14. maí 1996 var kærandi sýknaður af ákæru um kókaínsmygl en var dæmdur fyrir skattsvik í 8 mánaða fangelsi og sektaður um 875.000 danskra króna með 60 daga vararefsingu.

Kærandi höfðaði mál gegn danska ríkinu vegna gæsluvarðhaldsins og krafðist bóta fyrir fjártjón og miska. Hann hélt því fram að gæsluvarðhaldsvistin, einkum sá tími sem hann var í einangrun, hefði valdið honum tjóni á geðheilsu hans. Byggði hann kröfu sína m.a. á 3. gr. Mannréttindasáttmálans. Hæstiréttur Danmerkur dæmdi kæranda rúma 1.1 milljón danskra króna í skaðabætur þann 27. ágúst 1999, og taldi að einangrunin væri helsta orsök geðrænna vandamála kæranda. Hins vegar taldi rétturinn að ekki hefði verið brotið gegn 3. gr. sáttmálans.

#### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum.

##### *Kæran*

Kærandi hélt því fram að einangrunarvist hans í 11 mánuði og 14 daga frá 14. desember 1994 til 28. nóvember 1995 hefði verið óhóflega löng og eftirlit með andlegri heilsu hans á þeim tíma hefði verið ábótavant. Með því hefði verið brotið gegn réttindum hans samkvæmt 3. gr. sáttmálans um bann við pyndingum, ómannlegri eða grimmilegri meðferð enda hefðu stjórnvöldum verið ljós skaðleg áhrif einangrunarvistar á andlega heilsu manns.

##### *Niðurstaða*

*Lengd einangrunarvistar.* Dómstóllinn tók fram að álitæfni um einangrunarvist gæsluvarðhaldsfanga í dönskum í fangelsum hefðu ítrekað komið til umræðu á milli

### 3. gr. Bann við pyndingum

danskra stjórnvalda og nefndar Evrópuráðsins um varnir gegn pyndingum. Hefði nefndin bent á að einangrun án réttar andlegrar og líkamlegrar þjálfunar væri líkleg til þess að valda einstaklingum geðrænum og félagslegum vandamálum til lengri tíma litíð.

Með hliðsjón af þessu taldi dómstóllinn að lengd einangrunar kæranda gæfi til efni til nánari athugunar vegna þeirrar hættu sem hún gæti haft á andlega heilbrigði hans. Dómstóllinn áréttaði að þegar meta skuli hvort lengd einangrunarinnar hafi brotið gegn 3.gr. þá þyrfti að taka tillit til þeirra skilyrða sem kærandi bjó við í einangruninni, sem og lengd félagslegrar einangrunar meðan á henni stóð. Kærandi var vistaður í klefa sem var um 8 fermetrar, hann hafði sjónvarp og aðgang að dagblöðum. Hann var útilokaður frá samskiptum við aðra fanga en hafði regluleg samskipti við starfsfólk fangelsisins. Auk þessa fékk hann kennslu í ensku og frönsku einu sinni í viku, fékk heimsóknir frá fangelsispresti og lögfræðingi sínum. Hann hafði samband við félagsráðgjafa 12 sinnum, var skoðaður 32 sinnum af sjúkrahjálfa, 27 sinnum af lækni og 43 sinnum af hjúkrunarfræðingi. Heimsóknir frá fjölskyldu og vinum kæranda voru einnig leyfðar en undir eftirliti. Móðir hans heimsótti hann í um eina klst. í hverri viku. Í upphafi komu vinir hans með henni, allt að fimm í einu, en lögreglan takmarkaði loks heimsóknirnar við tvo gesti í einu. Faðir og frændi kærands heimsóttu hann líka aðra hverja viku.

Þegar hafðar voru í huga þær aðstæður sem að ofan er lýst þá taldi dómstóllinn að lengd einangrunarinnar hafi sem slík ekki brotið gegn 3. gr. sáttmálans.

*Eftirlit með andlegri heilsu kæranda.* Dómstóllinn benti á að kærandinn var settur í gjörgæsluklefa í um 16 klst. þar sem fylgst var með honum 36 sinnum af starfsfólki fangelsisins og tvisvar af hjúkrunarfræðingum. Meðan á einangrun stóð fékk hann reglulegar heimsóknir heilbrigðisstarfsmanna og þær heimsóknir og annað eftirlit var aukið hvenær sem kærandi sýndi breytta hegðun.

Dómstóllinn vísaði einnig til yfirlýsingar frá yfirráðgjafa dönsku fangelsanna þar sem kom fram að kærandinn hafði ekki talinn vera sérstaklega andlega veikur af neinum af þeim sérhæfðu heilbrigðisstarfsmönnum sem önnuðust hann. Í ljósi þessa gat dómstóllinn ekki fallist á þá skoðun kæranda að eftirliti með honum hefði verið ábótavant. Hins vegar kom það fram í málinu að kærandi var ekki reglulega eða sjálfkrafa skoðaður af geðlækni eða sálfræðingi. Þrátt fyrir það var það skoðun dómstólsins að slík krafa yrði ekki gerð til yfirvalda, og að það eitt leiði ekki til þess að eftirliti með kæranda hafi verið ábótavant.

Að lokum skoðaði dómstóllinn hvort eftirlit annarra starfsmanna með hegðun kæranda hefði átt að leiða til þess að yfirvöld ykju eftirlit eða sendu kæranda í auknar rannsóknir hjá sálfræðingum eða geðlæknum. Varðandi þetta atriði þá tók dómstóllinn tillit til þess að hvorki móðir kæranda, frændi hans, fangelsispresturinn né kennari hans hefðu talið að geðsjúkdómur hefði þróast hjá kæranda og létu þau engar áhyggjur um slíkt í ljósi við viðeigandi yfirvöld, lögfræðinga eða heilbrigðisstarfsfólk. Hefðu þau gert það hefði danska fangelsiseftirlitið látið viðeigandi yfirvöld vita að grunur lægi á um að andleg heilbrigði kæranda væri í hættu vegna einangrunarinnar.

### 3. gr. Bann við pyndingum

---

Í ljósi þessa taldi dómstóllinn að eftirlit með kæranda hefði ekki verið með þeim hætti sem talin yrði brjóta gegn 3. gr. sáttmálans.

Þrír dómáramur skilufðu séráliti.

## **N gegn Finnlandi**

**Dómur frá 26. júlí 2005**

**Mál nr. 38885/02**

**3. gr. Bann við pyndingum**

**8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

***Hælisleitendur. Brottvísun úr landi.***

### **1. Málsatvik**

Kærandi er fæddur í Kongó (áður Zaire). Hann kom til Finnlands þann 20. júlí 1998 og óskaði eftir pólitísku hæli á þeim forsendum að hann hefði þjónað í sérsveit sem bar ábyrgð á vernd fyrirverandi forseta landsins, Mobutu, fjölskyldu hans og eignum. Hann hefði verið njósnari og uppljóstrari í sérsveitinni og heyrt beint undir háttsetta menn sem unnu náið með fyrirverandi forseta. Taldi kærandi líf sitt í hættu þar sem stjórn Kabila forseta, sem tók við af stjórn Motubu árið 1997, bæri ábyrgð á morðum á fyrirverandi starfsmönnum Mobutu. Þá væri kærandi einnig af sama ættbálki og Mobutu.

Árið 1999 kynntist kærandi öðrum hælisleitanda, E, og bjuggu þau saman þar til henni var vísað úr landi 22. febrúar 2000. E kom síðar aftur til Finnlands og eignuðust hún og kærandi son saman í janúar 2003.

Á árinu 2001 urðu breytingar á stjórn Kongó og batnaði ástandið í landinu eftir það. Þann 6. mars 2001 vísuðu innflytjendayfirvöld kæranda úr landi til Kongó á þeim grundvelli að ósamræmi væri í frásögn hans, hann hefði ekki getað sannað á sér deili og að þótt honum væri vísað úr landi ætti hann ekki á hættu meðferð sem væri andstæð 3. gr sáttmálans. Kærandi vísaði ákvörðuninni til stjórnsýsludómstóls en hún var staðfest þann 20. júní 2002. Kærandi fór hins vegar ekki úr landi þar sem stjórnvöld í Finnlandi ákváðu þann 5. nóvember 2002 að flytja hann ekki úr landi fyrr en Mannréttindadómstóll Evrópu hefði fjallað um kæru hans, en dómstóllinn óskaði eftir þessu á grundvelli 39. gr. reglna hans um bráðabirgðaaðgerðir.

Kærandi áfrýjaði til æðri dómstóls en þann 4. mars 2003 var brottvísun hans úr landi staðfest þar sem hann gæti ekki sannað á sér deili og uppruna né gert grein fyrir ferðum sínum áður en hann kom til Finnlands, auk þess sem fjölskyldulíf hans væri ekki þannig vaxið að það félli undir vernd 8. gr. sáttmálans þar sem hvorki hann né E, barnsmóðir hans, hefðu gilt búsetuleyfi í Finnlandi eða önnur tengsl við landið.

Þann 17. júní 2003 staðfesti undirréttur á neitun yfirvalda á beiðni E um hæli eða búsetuleyfi á grundvelli mannúðarástæðna. Þann 16. júlí 2003 var E og börnum hennar þremur vísað úr landi. E er hins vegar enn í Finnlandi og bíður niðurstöðu áfrýjunardómstóls í máli sínu.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

### *Kæran*

Kærandi taldi að hann í ljósi bakgrunns síns og tengsla við fyrrum forseta Kongó myndi hann þurfa að þola ómannúðlega meðferð samkvæmt 3. gr. sáttmálans yrði honum vísað úr landi til Kongó. Þá taldi hann að brottvísun sín myndi brjóta á rétti hans til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu samkvæmt 8. gr. sáttmálans þar sem fjölskylda hans byggir í Finnlandi.

### *Niðurstaða*

Um 3. gr.: Dómstóllinn taldi að þar sem átta ár voru síðan kærandi yfirgaf Kongó væri ekki hægt að útiloka að áhugi stjórnvalda á að taka hann í varðhald og/eða láta hann sæta illri meðferð hefði minnkað með tímanum. Þá hefðu orðið stjórnarskipti í Kongó árið 2001. Var talið hafa þýðingu við mat málsins að kærandi hafði hvorki verið í beinum tengslum við Mobutu forseta, né gegnt háttsettri stöðu í her hans, þótt ekki réðust úrslit málsins af því einu. Dómstóllinn tók fram að aðrir þættir, svo sem etni eða tengsl við áhrifamikið fólk, gætu einnig haft þýðingu við mat á þeirri hættu sem viðkomandi væri í ef honum yrði vísað úr landi. Þrátt fyrir að töluverður fjöldi af stuðningsmönnum Mobutu hefði snúið til Kongó af frjálsum vilja á síðastliðnum árum taldi dómstóllinn að það hefði ekki úrslitaáhrif þegar metin væri sú hættu sem að kæranda stafaði við endurkomu til Kongó.

Dómstóllinn taldi vega þungt að kærandi hafði verið njósnari og uppljóstrari fyrir forsetann og hafði svarað beint til háttsettra yfirmanna sem störfuðu náið með forsetanum. Vegna þeirra starfa sinna taldi dómstóllinn að kærandi gæti enn átt umtalsverða hættu á því að verða fyrir meðferð sem andstæð væri 3. gr. sáttmálans væri honum nú gert að snúa aftur til Kongó. Dómstóllinn tók fram að hættan á illri meðferð stafaði ekki aðeins frá núverandi stjórnvöldum heldur einnig frá ættingjum andstæðinga fyrrverandi forseta sem nú kynnu að leita hefnda vegna fyrri starfa kæranda í þágu hans.

Mannréttindadómstóllinn tók skýrslur af kæranda, E, öðrum hælisleitanda frá Kongó og starfsmanni finnskra innflytjendayfirvalda. Dómstóllinn taldi að heildstætt mat sönnunargagna staðfesti frásögn kæranda af störfum hans í þágu fyrrverandi forseta landsins og ljóst að hann hefði tekið þátt í aðgerðum þar sem andstæðingar fyrrverandi forseta voru áreittir, þeim haldið og þeir jafnvel teknir af lífi. Taldi dómstóllinn því að aðstæður hans kynnu að vera verri en flestra annarra fyrrverandi stuðningsmanna Mobutu og að ekki væri víst að yfirvöld í Kongó gætu eða vildu vernda kæranda. Þá taldi dómstóllinn ekki hægt að útiloka, að sú fjölmiðlaumfjöllun sem mál kæranda hafði fengið í Finnlandi, kynni að vekja upp óskir um hefnd meðal ættingja þeirra sem orðið hefðu fyrir aðgerðum sem kærandi átti hlut að á meðan hann var í þjónustu Mobutu.

Með vísan til framangreinds taldi dómstóllinn að sýnt hefði verið fram á það með fullnægjandi hætti að kæranda gæti átt á hættu meðferð sem bryti gegn 3. gr. sáttmálans yrði honum nú vísað úr landi til Kongó. Taldi dómstóllinn því að fullnusta ákvörðunar þess efnis myndi brjóta gegn 3. gr. sáttmálans á meðan sú hættu væri fyrir hendi.

### 3. gr. Bann við pyndingum

Um 8. gr.: Að virtri niðurstöðu sinni um 3. gr. sáttmálans taldi dómstóllinn ekki rísa nein sérstök álítaefni samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi að niðurstaða málsins fæli í sér fullnægjandi bætur fyrir kæranda í skilningi 41. gr. sáttmálans.

Einn dómari skilaði séráliti.

**Mathew gegn Hollandi**

**Dómur frá 29. september 2005**

**Mál nr. 24919/03**

**3. gr. Bann við pyndingum**

**34. gr. Kæfur einstaklinga**

***Polandi brots. Gæsluvarðhald. Einangrun. Aðbúnaður fanga.***

#### 1. Málsatvik

Kærandi er hollenskur ríkisborgari, fæddur 1973 og er talinn búa í Bandaríkjunum. Að atvinnu er hann líkamsræktarkennari. Þau atvik sem málið fjallar um urðu á karabísku eyjunni Arúba sem tilheyrir hollensku yfirráðsvæði.

Þann 9. október 2001 var kærandi handtekinn á Arúba vegna kæru um stórfellda líkamsárás og úrskurðaður í gæsluvarðhald. Hann sat í gæsluvarðhaldi í fangelsi á Arúba til loka apríl 2004. Mest allan gæsluvarðhaldstímann var hann í einangrun.

Þann 29. nóvember 2001 varð einn varðanna í fangelsinu fyrir stórfelldri líkamsárás og var kærandi ákærður og sakfelldur fyrir árásina. Í kjölfarið var kæranda komið fyrir í einangrun í 35 daga. Þann 4. janúar 2002 var hann settur í sérstaka gæslu sem miðaði að því að takmarka umgengni hans við aðra fanga. Var honum ekki heimilt að yfirgefa klefa sinn án handjárna og fótjárna. Tengsl hans við umheiminn voru takmörkuð. Eftir að kærandi hafði m.a. ráðist tvisvar á starfsfólk fangelsisins var honum neitað um heimsóknir og notkun síma í 28 daga.

Frá upphafi gæsluvarðhaldsins fram til haustsins 2002 var stórt gat á lofti klefa kæranda sem rigndi í gegnum. Klefinn var á efstu hæð fangelsisins þannig að sá fangi sem dvaldist í klefanum var berskjaldaður fyrir hita sólarinnar. Fangelsið sá kæranda fyrir köldu vatni en hins vegar var engin loftkæling eða annars konar kælikerfi og engar lyftur.

Frá júní 2002 þjáðist kærandi af alvarlegum veikindum í baki. Eini taugaskurðlæknir Arúba greindi kæranda með brjós-klos og taldi uppskurð nauðsynlegan. Kallaði hann eftir álit annars taugaskurðlæknis en þess var ekki aflað. Kæranda var útvegaður hjólastóll þann 14. ágúst 2002 en stóllinn var tekinn af honum eftir að hann reif járnhlut af stólnum og notaði sem vopn gegn starfsfólki fangelsisins þann 13. febrúar 2003.

Þann 19. febrúar 2003 krafðist kærandi þess fyrir innlendum dómstólum að aðbúnaður hans í fangelsinu yrði bættur. Hann benti á að aðbúnaður í klefa hans væri heilsuspillandi og að hann þyrfti að ganga niður tvær stigahæðir til að hitta gesti, komast út til hreyfingar og til þess að fara á sjúkrahús. Þá byggði hann á því að hon-

### 3. gr. Bann við pyndingum

um væri neitað um sjúkrahjálfun og hjólastól. Dómstóll fyrirskipaði fangelsinu að endurskoða gæsluna sem kæranda var gert að sæta.

Þann 14. apríl 2003 var kærandi sakfelldur fyrir líkamsárás af áfrýjunardómstóli sem mildaði þó fangelsisrefsingu hans frá niðurstöðu undirréttar töluvert með hliðsjón af þeirri ströngu gæslu sem honum var gert að sæta í gæsluvarðhaldinu.

Kærandi gekkst undir sjúkrahjálfun á spítala frá 23. maí til 13. júní 2003. Var stefnt að því að hann myndi áfram fá sjúkrahjálfun í fangelsinu en ekki varð af því. Byggði kærandi á því að líkamlegt ástand hans aftraði honum frá því að ganga frá klefa sínum til farartækis þess sem flutti hann á sjúkrahúsið.

Kæranda hefði undir venjulegum kringumstæðum verið veitt reynslulausn þann 27. janúar 2004 en honum var neitað um hana vegna hegðunar hans í fangelsinu.

Sjúkrahjálfari sem skoðaði kæranda þann 6. mars 2004 taldi hann færan um að ganga 90 metra og framkvæma líkamlega flókin verkefni, s.s. að snúa upp á líkama sinn og ganga stiga, þrátt fyrir að hann hefði ekki hlotið neina meðferð í 9 mánuði.

Kæranda var leystur úr aflánun þann 30. apríl 2004 en kæra hans var þá komin til meðferðar hjá Mannréttindadómstólnum.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

### *Kæran*

Kærandi taldi að réttur sinn samkvæmt 3. gr. sáttmálans hefði verið brotinn þar sem hann hefði sætt líkamlegu ofbeldi af hálfu starfsmanna fangelsisins, hann hefði orðið fyrir líkamlegu tjóni þegar notuð voru fótjárn á hann, honum hefði verið neitað um nauðsynlega læknaaðstoð, hjólastól og sjúkrahjálfun. Þá taldi hann einnig að lengd varðhalds og aðbúnaður hans á þeim tíma gæsluvarðhaldsins sem hann sat í einangrun og staðsetning klefa hans hefðu brotið gegn rétti hans.

### *Niðurstaða um meðferðarhæfi*

Ríkisstjórn Hollands hélt því fram að kærandi hefði ekki lengur stöðu þolanda brots í skilningi 34. gr. sáttmálans þar sem tillit var tekið til strangrar gæslu hans í fangelsinu við ákvörðun refsingar hans í dómi áfrýjunardómstóls frá 14. apríl 2003. Hefði refsingin verið milduð verulega af þeirri ástæðu. Þar sem kærandi væri ekki þolandi brots bæri Mannréttindadómstólnum að vísa málinu frá.

Dómstóllinn féllst á að lækkun refsingar í dómi áfrýjunardómstólsins hefði verið umtalsverð. Hins vegar hefði áfrýjunardómstóllinn ekki skorið úr um hvort sú stranga gæsla sem kærandi varð að sæta hefði brotið gegn réttindum hans samkvæmt 3. gr. sáttmálans og vék áfrýjunardómstóllinn hvorki að því berum orðum né heldur var hægt að ráða það af ummælum hans. Af þeirri ástæðu varð það niðurstaða Mannréttindadómstólsins að kæran væri tæk til efnismeðferðar.

### *Niðurstaða um efnishlið málsins*

Ágreiningur var milli málsaðila um staðreyndir og sönnunargögn málsins. Ríkisstjórn Hollands mótmælti myndum sem sýndu yfirborðsáverka á kæranda og dreift hafði verið í fjölmiðlum og á Internetinu. Dómstóllinn taldi eftir skoðun á myndunum að þær staðfestu ekki ásakanir kæranda um misþyrmingar í fangelsinu.



### 3. gr. Bann við pyndingum

Frá lausn kæranda úr fangelsi þann 30 apríl 2004 hafði kærandi verið í meðferð í Bandaríkjunum vegna bakveikinda sinna. Það lá hins vegar ekki fyrir að hann hefði gengið undir skurðaðgerð og þá virtist ekki hafa verið mælt með því við kæranda að hann gengist undir skurðaðgerð eftir að honum var veitt lausn. Dómstóllinn féllst hins vegar á það að síðan í júní 2002, ef ekki fyrr, hefði kæranda þjáðst af alvarlegum baksjúkdómi sem hefði líklega gert honum erfitt og sársaukafullt að ganga og erfitt um aðra líkamshreyfingu. Þrátt fyrir það taldi dómstóllinn ekki sýnt fram á að kæranda hefði verið gert ófært með öllu að hreyfa sig við þær aðstæður sem hann hafði í fangelsinu. Þá var ekki talið sýnt fram á að ofbeldi hefði átt sér stað gegn kæranda í fangelsinu sem hefði fært til verri vegar eða orsakað líkamlegt ástand hans.

Ekki hafði farið fram mat á geðrænu ástandi kæranda. Dómstóllinn taldi hins vegar að andlegt ástand kæranda væri mikilvægt fyrir efnislega skoðun málsins. Hegðun kæranda í gæsluvarðhaldi hafði einkennst af vanmætti hans við að aðlagast aðstæðum í fangelsinu, fangelsislífinu og hann hefði ekki brugðist eðlilega við þeim aga sem þar viðgekkst. Að mati dómstólsins var augljóst að kærandi hafði þjáðst af sálrænni eða geðrænni röskun sem leiddi til aukinnar tilhneigingar til mótþróafullrar og jafnvel ofbeldisfullrar hegðunar.

*Líkamleg valdbeiting gagnvart kæranda.* Dómstóllinn taldi ekki sýnt fram á að það vald sem kærandi var beittur var til að koma í veg fyrir eða stöðva ofbeldisfulla hegðun hans hefði farið fram úr því sem nauðsynlegt mætti teljast. Kærandi var ekki talinn hafa sýnt fram á að áverkar á ökkulum hans væru afleiðingar þess að hann hefði verið látinn bera fótjám. Þá hefði notkun fótjárna á kæranda verið hætt eftir að áverkar kæranda voru ljósir. Taldi dómstóllinn því ekki að brotið hefði verið gegn 3. gr. sáttmálans með notkun líkamlegs valds gegn kæranda eða notkun fótjárna.

*Læknismeðferð.* Dómstóllinn tók fram að 3. gr. sáttmálans yrði ekki túlkuð þannig að verða ætti við öllum óskum eða tilmælum fanga um læknismeðferð. Eðli gæsluvarðhalds setti óhjákvæmilega skorður sem fangar yrðu að sætta sig við. Hins vegar væri rannsókn sérfræðings sem hafði engin tengsl við, og væri óháður, fangelsinu eðlileg krafa og nauðsynleg til þess að tryggja væri að fangar sættu ekki líkamlega eða andlega illri meðferð. Dómstóllinn taldi því að val fanga á lækni skyldi að meginstefnu vera virt enda yrði allur kostnaður umfram eðlilega læknismeðferð borinn af fanganum sjálfum. Þá taldi dómstóllinn að réttmætt væri að krefjast þess að læknir hefði ávallt gilt lækningaleyfi enda leiddi sú krafa ekki til þess að fanga væri þannig neitað um skjóta og fullnægjandi læknismeðferð og ráðgjöf.

Dómstóllinn taldi ekki að meint neitun þess að leitað væri álits annars læknis á þörf þess að kærandi gengist undir skurðaðgerð yrði rakin til yfirvalda. Þá taldi dómstóllinn að réttmætt hefði verið af yfirvöldum að neita kæranda um notkun hjólastóls, enda var af honum talin stafa hætta.

Dómstóllinn féllst ekki á að kæranda hafi verið ófært að sækja sjúkrahjálfun til sjúkrahúss eða að nauðsynlegt hefði verið að sjúkrahjálfari kæmi í fangelsið. Dómstóllinn féllst á að flutningur kæranda á sjúkrahús hefði ollið honum slíkum óþægindum að eðlilegt hefði verið að hann vildi frekar að sjúkrahjálfari kæmi í fangelsið. Hins vegar hafði ástand kæranda ekki fortakslaust kallað á það að sjúkrahjálfari

### 3. gr. Bann við pyndingum

þyrfti að koma í fangelsið. Með hliðsjón af því að kærandi virtist fær um að beita líkama sínum af töluverðu afli, m.a. með því að rífa af hjólastól járnstykki, og greiningar sjúkrajálfara á honum þann 6. mars 2004 taldi dómstóllinn að ekki hefði verið brotið gegn 3. gr. sáttmálsans.

*Aðstæður í gæsluvarðhaldinu.* Takmörkunum þeim sem kæranda var gert að sæta í gæslunni frá 4. janúar 2002 mátti jafna til algerrar einangrunar. Voru aðstæðurnar því mun harðari en almennt tíðkaðist í gæsluvarðhaldi. Augljóst var að kærandi var ekki samvinnufús og hafði tilhneigingu til ofbeldisfullrar hegðunar. Dómstóllinn féllst á að fangelsisýfirvöld hefðu ekki getað haft stjórn á kæranda nema hann sætti strangri gæslu af þessu tagi.

Dómstóllinn var sammála Evrópunefnd um varnir gegn pyndingum að einangrun ætti að vera eins stutt og nauðsynlegt væri, jafnvel fyrir erfiða og hættulega fanga. Nefndin hefði talið að alger einangrun kynni að skaða persónuleika fanga og gæti falið í sér ómannúðlega meðferð sem yrði ekki réttlætt með vísan til öryggis eða annarra ástæðna. Þrátt fyrir þetta taldi dómstóllinn bann við samskiptum við aðra fanga vegna öryggis-, aga- eða verndarsjónarmiða ekki eina sér fela í sér ómannúðlega meðferð eða refsingu.

Kæranda hafði verið gert að sæta miklum takmörkunum á frelsi sínu vegna þess að hann gat ekki aðlagast eðlilegum aðstæðum í fangelsinu. Yfirvöldum hefði ekki tekist með árangri að koma í veg fyrir skaðvænleg áhrif takmarkananna. Yfirvöldum á Arúba var ljóst að kærandi var ekki hæfur til þess að vera haldið í fangelsinu við venjulegar aðstæður og að þær takmarkanir sem honum var gert að sæta ollu honum sérstaklega miklum erfiðleikum. Dómstólar höfðu leitast við að létta aðstæður kæranda að einhverju leyti en dómstóllinn taldi að stjórnvöld hefðu getað og átt að gera meira til að koma til móts við þarfir kæranda.

Dómstóllinn féllst á að húsakynni sem hæfðu aðstæðum kæranda hefðu ekki verið fyrir hendi á Arúba á þeim tíma sem málið varðaði. Það væri Holland en ekki Arúba sem bar ábyrgð á því að réttindi sáttmálsans væru tryggð og þá var ljóst að dómum sem uppkveðnir voru í einum þriggja landa Konungsríkisins Hollands mætti framfylgja í hverju þeirra. Dómstóllinn taldi því að þrátt fyrir beiðni kæranda þar um hefðu engar tilraunir verið gerðar til þess að finna honum hentugri stað til að afplána refsingu sína, annars staðar í ríkinu.

Taldi dómstóllinn því að kærandi hefði þurft að sæta þjáningu og harðræði umfram það sem óhjákvæmilegt var í gæsluvarðhaldi og að jafna mætti meðferðinni til ómannúðlegrar meðferðar.

*Klefi kæranda.* Dómstóllinn taldi ekki sýnt fram á að kæranda hefði verið ófært allan þann tíma sem hann var í fangelsinu að þrifa klefa sinn að einhverju leyti sjálfur. Tók dómstóllinn fram að kærandi hefði ekki neitað því að öðrum fanga var falið að þrifa klefann reglulega gegn greiðslu. Vegna þessa taldi dómstóllinn ekki sýnt fram á að hollenska ríkið bæri ábyrgð á óhreinlæti klefa kæranda.

Hvað varðaði gat á lofti klefa kæranda, þar sem regn og sól áttu greiða leið í gegn, taldi dómstóllinn að óásættanlegt væri að nokkrum væri haldið í aðstæðum þar sem fullnægjandi vernd gegn veðrum og vindum væri ekki fyrir hendi.

### 3. gr. Bann við pyndingum

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna taldi dómstóllinn að þjáningarfullt hefði verið fyrir kæranda að fara niður tvær stigahæðir til þess að komast út fyrir til að hreyfa sig í fersku lofti. Var því skiljanlegt að kærandi nýtti sér ítrekað ekki rétt sinn til að æfa sig utan dyra. Dómstóllinn taldi að grípa hefði átt til einhverra aðgerða til að koma í veg fyrir að þessi aðstaða kæmi upp. Í fangelsinu voru hins vegar ekki fyrir hendi þeir möguleikar að staðsetja kæranda á sömu hæð og útvistarsvæðið og þá var ekki lyfta í fangelsinu. Hins vegar hefðu yfirvöld átt að íhuga þann möguleika að vista kæranda í húsakynnum sem hentuðu betur líkamlegu ástandi hans, á öðrum stað á yfirráðasvæði hollenska ríkisins ef þörf krefði.

Dómstóllinn taldi ekki sýnt fram á að ásetningur hefði legið til þess að auðmýkja eða vanvirða kæranda en hins vegar hefðu aðstæður vistunar hans bæði ollið honum andlegri og líkamlegri þjáningu, ekki virt rétt hans til mannglegrar virðingar og hefðu falið í sér ómannúðlega meðferð.

Dómstóllinn taldi einróma að brotið hefði verið gegn 3. gr. sáttmálans þar sem kæranda var haldið í einangrun í óhóflega langan tíma án þess að nauðsyn stæði til þess, honum var haldið í a.m.k. sjö mánuði í klefa sem veitti ekki nægilega vernd gegn veðri og vindum og hann þurfti að þola ónauðsynlega líkamlega þjáningu, sem komast hefði mátt hjá, til þess að fá hreyfingu utandyra og ferskt loft.

Dómstóllinn taldi hins vegar að ekki hefði verið sýnt fram á að kærandi hefði þurft að sæta ómannúðlegri meðferð að yfirlögðu ráði eða að honum hefði verið neitað um læknishjálp eða haldið í óheilsusamlegum klefa.

Kæranda voru dæmdar 10.000 evrur í miskabætur og 3.000 evrur í málskostnað á grundvelli 41. gr. sáttmálans.

**Bader o.fl. gegn Svíþjóð**

**Dómur frá 8. nóvember 2005**

**Mál nr. 13284/04**

**Sjá reifun dómsins undir 2. gr.**

*Hælisleitendur. Brottvísun úr landi. Dauðarefsing.*

**Bekos og Koutropoulos gegn Grikklandi**

**Dómur frá 13. desember 2005**

**Mál nr. 15250/02**

**3. gr. Bann við pyndingum**

**14. gr. Bann við mismunun**

*Meðferð manna í haldi lögreglu. Mismunun á grundvelli kynþáttar. Rannsókn.*

#### 1. Málsatvik

Kærandur, Lazaros Bekos og Eleftherios Koutropoulos, fæddir 1980, eru sígunarar (Roma) og grískir ríkisborgarar búsettir í Vestur-Grikklandi.

Snemma morguns 8. maí 1998 var lögregla kölluð til vegna tilraunar til inn-

### 3. gr. Bann við pyndingum

brots í söluturn. Eigandi söluturnsins sagðist hafa staðið Bekos að verki við að reyna að brjótast inn í söluturninn með járnstöng en Koutropoulos hefði augljóslega verið á verði.

Kærendur voru handteknir og færðir á lögreglustöð. Bekos hélt því síðar fram að hann hefði sætt illri meðferð bæði við handtöku og þegar hann var færður í fanga-klefa. Sagði hann að við yfirheyrslur yfir honum hafi þeir lögreglumenn kýlt hann í maga og bak, og skipst á að berja hann. Einn þeirra hafi barið hann með járnstöng og hótað að misþyrma honum kynferðislega. Koutropoulos hélt því fram að meðan á yfirheyrslu hans stóð hafi hann verið laminn í bakið með lögreglukylfu og sparkað í magann á honum af lögreglumanni (sem hann bar seinna kennsl á sem Tsikrikas) sem hafi síðan komið aftur seinna og haldið áfram barsmíðum. Hann hélt því einnig fram að lögreglumennirnir hefðu stungið lögreglukylfu upp í afturendann á honum, rekið hana síðan framan í hann og spurt hvort það væri vond lykt af henni. Báðir kærendur greindu frá því að þeir hefðu heyrt öskrin hvor í öðrum og að þeim hefði verið formælt fyrir uppruna sinn.

Gríska ríkið þrætti fyrir það að kærendur hefðu orðið fyrir ofbeldi eða sætt hatri vegna þjóðernisuppruna síns í haldi lögreglu.

Kærendur voru í haldi fram til morguns 9. maí 1998. Bekos var ákærður fyrir tilraun til innbrots en Koutropoulos fyrir hlutdeild í brotinu. Þeir voru sakfelldir í nóvember 1999 og dæmdir til 30 og 20 daga fangavistar. Í báðum tilvikum var dómurinn skilorðsbundinn til 3 ára.

Eftir að kærendum var sleppt úr haldi lögreglu leituðu þeir vegna meiðsla sinna til lækni. Hann gaf út læknisvottorð dagsett 9. maí 1998 þar sem kom m.a. fram að kærendur hefðu líkamsáverka sem hefðu verið veittir innan síðasta sólarhrings með þungu barefli.

Þann 11. maí 1998 sendu tvenn grísk samtök sameiginlegt opið bréf til ráðuneytis allsherjarreglu varðandi atburðinn. Þar kom fram að samtökin hefðu safnað um 30 yfirlýsingum varðandi svipaða atburði þar sem sígaunar hefðu sætt illri meðferð. Þau fóru fram á að rannsókn færi tafarlaust fram og að nákvæmar reglur væru gefnar út til allra lögreglustöðva í landinu varðandi meðferð á sígaunum.

Þann 12. maí 1998 hóf ráðuneyti allsherjarreglu óformlega rannsókn á atburðinum og gríska ríkislögreglan fór fram á innri stjórnsýslurannsókn. Rannsóknin leiddi í ljós að tveir lögreglumenn, Tsikrikas og Avgeris, hefðu komið fram við kærendur af sérstakri grimmd meðan á vistun þeirra stóð. Einnig var leitt í ljós að Tsikrikas hafði ráðist á kærendur með lögreglukylfu og/eða sparkað í magann á þeim og að hvorugur lögreglumannanna gat gert grein fyrir áverkum kærenda. Í kjölfarið var mælt með því að Tsikrikas og Avgeris yrðu tímabundið leystir frá störfum. Þeir voru hins vegar aldrei leystir frá störfum.

Þann 14. júlí 1999 sektaði yfirmaður grísku lögreglunnar Tsikrikas um 20.000 drökmur (tæplega 59 evrur) fyrir að gera ekki ráðstafanir til að koma í veg fyrir grimmilega meðferð undirmanna sinna á kærendum. Yfirmaður grísku lögreglunnar viðurkenni að kærendur hefðu sætt barsmíðum lögreglumanna og þeir hlotið líkamlega áverka.

### 3. gr. Bann við pyndingum

Þann 1. júlí 1998 kærðu kærendur og faðir Bekos aðstoðarlögreglustjóra lög-  
reglustöðvarinnar og „alla aðra hlutaðeigandi“ lögreglumenn á lögreglustöðinni.  
Þann 31. ágúst 2000 mælti saksóknari með því að þrír lögreglumenn, Tsikrikas,  
Kaminatos og Skoutas, yrðu kærðir fyrir að beita ofbeldi við yfirheyrslur. Kæ-  
gur gegn Kaminatos og Skoutas voru felldar niður þar sem ekki þótti sýnt að þeir hefðu  
verið viðstaddir þegar atburðurinn átti sér stað. Tsikrikas var sýknaður á þeim grund-  
velli að ekki lægju fyrir nein sönnunargögn sem tengdu hann nokkurri illri meðferð.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

### *Kæran*

Kærendur héldu því fram að þeir hefðu sætt ofbeldi af hálfu lögreglu sem bryti  
gegn 3. gr. sáttmálans og að yfirvöld hefðu látið hjá liggja að rannsaka atburðinn  
nægilega sem bryti einnig gegn 3. og 13. gr. sáttmálans. Þeir héldu því og fram að  
umræddir atburðir hefðu átt rót sína að rekja til kynþáttafordóma sem bryti gegn 14.  
gr. sáttmálans.

### *Niðurstaða*

Um 3. gr.: *Um hið meinta lögregluofbeldi.* Dómstóllinn vísaði til þess að þegar  
ar maður er færður í varðhald lögreglu við góða heilsu en er með áverka þegar hon-  
um er sleppt beri viðkomandi ríki að gefa greinargóða skýringu á þeim áverkum. Í  
tilfelli kæranda höfðu yfirvöld ekki gefið neinar slíkar skýringar.

Dómstóllinn taldi að það líkamlega ofbeldi sem kærendur þurftu að þola í haldi  
lögreglu, auk þess ótta, eymdar og vanmáttartilfinningar sem atburðurinn vakti með  
þeim, hefði valdið þeim slíkum þjáningum að það teldist ómannúðleg og vanvirð-  
andi meðferð í skilningi 3. gr. Dómstóllinn komst því að þeirri einróma niðurstöðu  
að brotið hefði verið gegn 3. gr.

*Rannsókn á ásökunum um illa meðferð.* Dómstóllinn leit til þess að í nokkrum  
tilvikum, bæði við stjórnsýslurannsóknina og við réttarhöldin sem fylgdu í kjölfar-  
ið, var því slegið föstu að kærendur hefðu sætt illri meðferð í varðhaldi lögreglu.  
Hins vegar var engum lögreglumanni refsað vegna þeirrar illu meðferðar, hvorki  
með því að refsímál væru höfðuð né stjórnsýsluagaviðurlögum beitt. Sektin sem var  
lögð á Tsikrikas, og var tæplega 59 evrur, var ekki vegna þess að hann hefði sjálfur  
beitt kærendur ofbeldi heldur fyrir það að hann kom ekki í veg fyrir að undirmenn  
hans gerðu það. Hvorki Tsikrikas né Avgeris voru nokkurn tímann leystir frá störf-  
um þrátt fyrir að mælt hefði verið með því í kjölfar rannsóknarinnar. Rannsóknin  
virtist ekki hafa haft neinar sjáanlegar afleiðingar í för með sér og því gagnaðist hún  
kærendum ekki neitt. Þar sem engin eiginleg rannsókn á ásökunum kæranda um illa  
meðferð í haldi lögreglu fór fram taldi dómstóllinn einróma að 3. gr. hefði verið  
brotin.

Um 13. gr.: Dómstóllinn taldi ekki nauðsynlegt að taka kæru aðila sérstaklega  
til skoðunar út frá 13. gr. sáttmálans

Um 14. gr. í sambandi við 3. gr.: *Ábyrgð ríkisins vegna mismununar á grund-*

### 3. gr. Bann við pyndingum

*velli kynþáttar.* Dómstóllinn taldi að þrátt fyrir að athæfi lögreglumannanna væri afar gagnrýni vert væri ekki hægt að fullyrða að það hefði sprottið af kynþáttahatri. Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn 14. gr. tekinni saman með 3. gr. hvað varðaði ásakanir kæranda um að kynþáttahatur hefði verið ástæða þeirrar meðferðar sem þeir sættu í haldi lögreglu.

*Rannsókn á kynþáttahatri.* Dómstóllinn taldi hins vegar að þegar ríkið rannsakaði ofbeldisglæpi bæri því sérstök skylda til að ganga úr skugga um hvort kynþáttahatur eða fordómur hafi verið ástæðan. Slíka ástæðu gæti vissulega verið erfitt að sanna en yfirvöldum bæri þó skylda til að beita öllum eðlilegum ráðum til að safna sönnunargögnum, reyna að komast að hinu sanna og skila rökstuddum, óháðum og hlutlægum niðurstöðum, án þess að draga undan grunsamlegar staðreyndir sem gætu bent til kynþáttahaturs.

Þau yfirvöld sem rannsökuðu ásakanir kæranda höfðu í fórum sínum eiðsvarinn vitnisburð Bekos þar sem frá því greindi að auk þess að hafa sætt alvarlegu ofbeldi hefðu kærendur þurft að sæta niðurlægjandi ummælum lögreglumannanna vegna þjóðernisuppruna síns. Auk þess lá fyrir opið bréf frá tveimur grískum mannréttindasamtökum þar sem vísað var til 30 vitnisburða sem lýstu svipaðri meðferð gegn sígaunum. Dómstóllinn taldi að í ljósi þessara yfirlýsinga, og þess að skýrslur alþjóðlegra samtaka lágu fyrir um meinta mismunun og óhóflega valdbeitingu grísku lögreglunnar gegn sígaunum og svipuðum hópum, bæri að rannsaka þessar ásakanir. Dómstóllinn taldi að þegar gögn kæmu fram um að lögreglumenn létu niðrandi ummæli um þjóðernisuppruna falla í tengslum við illa meðferð fanga sem tilheyrðu minnihlutahópum væri nauðsynlegt að kanna allar staðreyndir málsins ítarlega til að komast að því hvort kynþáttahatur hafi ráðið ferðinni.

Í máli kæranda fór engin slík rannsókn fram, þrátt fyrir að upplýsingar lægju fyrir sem bent gætu til slíkra atvika. Ekkert var gert til að sannreyna yfirlýsingar Bekos eða annarra vitnisburða um niðrandi ummæli tengd þjóðernisuppruna. Ekkert virtist heldur hafa verið gert til að rannsaka hvort Tsirikas hefði áður verið bendlaður við svipuð mál eða hvort hann hefði áður verið ásaakaður um að láta í ljós andúð á sígaunum. Þá fór engin rannsókn fram á því hvernig aðrir lögreglumenn lögreglustöðvarinnar leystu skyldustörf sín af hendi þegar minnihlutahópar áttu í hlut. Dómstóllinn leit einnig til þess að við réttarhöld í máli kæranda var ekkert fjallað um þjóðernishatur þrátt fyrir að grísku Helsinki-eftirlitssamtökin hefðu látið þar sönnunargögn í té og möguleikinn á þjóðernishatri hafi ekki getað farið fram hjá dómnum.

Dómstóllinn komst því að þeirri einróma niðurstöðu að 14. gr. í tengslum við 3. gr. hefði verið brotin þar sem yfirvöld sinntu ekki þeirri skyldu sinni að rannsaka eins og mögulegt var hvort mismunun á grundvelli þjóðernisuppruna hafi verið orsök atburðanna.

Dómstóllinn dæmdi kærendum 10.000 evrur hvorum í miskabætur á grundvelli 41. gr.

Tveir dómarar skiluðu séráliti.

---

## 5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

---

Gosselin gegn Frakklandi

Dómur frá 13. september 2005

Mál nr. 66224/01

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi.

*Gæsluvarðhald. Mál tekið fyrir í dómi innan hæfilegs tíma.*

### 1. Málsatvik

Kærandi er franskur ríkisborgari, fæddur 1967 og býr í París. Hann var handtekinn af lögreglu og úrskurðaður í gæsluvarðhald 12. mars 1997 vegna gruns um aðild að manndrápi á manni sem hann hafði áður setið í gæsluvarðhaldi með. Hafði maðurinn verið skotinn í höfuðið fyrr sama mánuðinn.

Gæsluvarðhald kæranda var framlengt nokkrum sinnum. Kærandi krafðist lausnar gegn tryggingu átta sinnum en öllum beiðnum hans var hafnað. Í ákvörðunum um að synja kæranda um lausn gegn tryggingu var vísað til þess rökstudda gruns sem var uppi um aðild hans að brotinu, það stefndi allsherjarreglu í hættu að láta hann lausan, refsingin sem lægi við brotinu væri þung, hætta væri á að hann reyndi að hafa áhrif á aðra ákærða í málinu eða vitni og loks væri ekki nægilega tryggt að kærandi myndi mæta við meðferð máls síns fyrir dómstólum yrði hann látinn laus.

Þann 28. september 2000 var kærandi sakfelldur fyrir manndráp og refsing ákveðin 30 ára fangelsi. Við áfrýjun var fangelsisdómurinn stytur í 20 ár.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

#### *Kæran*

Kærandi taldi lengd gæsluvarðhalds síns, þrjú ár, sex mánuði og 16 daga, hafa brotið gegn rétti hans 3. mgr. 5. gr. sáttmálans til þess að mál hans yrði tekið fyrir í dómi innan hæfilegs tíma. Þá taldi hann rétt sinn til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans hafa verið brotinn þar sem úrskurður ákærudeildar áfrýjunarréttar þann 28. mars 2000, þar sem kröfu hans um lausn gegn tryggingu var hafnað, hefði ekki verið birtur honum. Af þeim sökum hefði hann ekki getað áfrýjað ákvörðun um áframhaldandi gæsluvarðhald til yfirréttar.

#### *Niðurstaða*

Dómstóllinn taldi ekki sýnt fram á með gögnum málsins að umræddur úrskurður áfrýjunarréttar 28. mars 2000 hefði ekki verið birtur kæranda. Af þeim sökum var sá hluti kærunnar er varðaði brot á 6. gr. sáttmálans ekki talinn tækur til efnismeðferðar.

Dómstóllinn taldi að grundvöllur þeirrar ákvörðunar rannsóknaryfirvalda að hafna lausn kæranda gegn tryggingu hefði verið bæði viðeigandi og fullnægjandi á rannsóknartímanum. Hins vegar hefði málsmeðferðin verið haldin annmörkum. Var

## 5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

---

Það sérstaklega vegna þess að rekja mátti tafir á málinu til tímabila þar sem dómstólar aðhöfðust ekki í málinu.

Með tilliti til atvika málsins taldi dómstóllinn einróma að lengd gæsluvarðhalds kæranda hefði verið óhófleg og brotið gegn 3. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Kærandi krafðist ekki skaðabóta og tók dómstóllinn því enga ákvörðun um bætur á grundvelli 41. gr. sáttmálans.



---

## 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

---

Okýay o.fl. gegn Tyrklandi

Dómur frá 12. júlí 2005

Mál nr. 36220/97

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

53. gr. Verndun núverandi mannréttinda

*Réttindi og skyldur að einkamálarétti. Synjun á fullnustu dóma. Umhverfisvernd. Takmörkun mannréttinda sem vernduð eru að landsrétti.*

### 1. Málsatvik

Kærendur eru tíu tyrkneskir ríkisborgarar, Ahmet Okýay, Derya Durmaz, Rifat Bozkurt, Noyan Özkan, Uğur Kalelioğlu, Banu Karabulut, Senih Özay, Talat Oğuz, Tamay Arslançeri og İbrahim Arzuk.

Kærendur eru allir lögfræðingar og búa og starfa í borginni Izmir í Tyrklandi sem er um 250 km frá þremur orkuverum sem hafa mengað umhverfi sitt og skaðað líffræðilega fjölbreytni svæðisins. Orkuverin eru starfrækt af orku- og náttúruauðlindaráðuneytinu og almenningssþjónustufyrirtækinu TEAS í suð-vestur Tyrklandi.

Þrisvar á árunum 1993 og 1994 biðluðu kærendur til ráðuneyta heilbrigðis, umhverfis og orkumála og náttúruauðlinda, sem og TEAS og héraðsstjóra, um að orkuverunum yrði lokað. Héldu kærendur því fram að ekki lægju fullnægjandi leyfi til grundvallar rekstri þeirra og að heilsu almennings og umhverfinu stafaði af þeim hættu. Var þeim ekki svarað, en það jafngilti neitun samkvæmt tyrkneskum lögum.

Kærendur höfðu þrjú mál fyrir stjórnsluundirrétti þar sem þess var krafist að ákvörðun um að neita að loka orkuverunum yrði ógilt. Þá var þess einnig krafist að lögbann yrði sett á rekstur orkuveranna þar sem þau yllu varanlegu tjóni í náttúrunni og á almannaheilsu. Dómkvaddir matsmenn komust að þeirri niðurstöðu að orkuverin gæfu frá sér töluvert magn af níturdíoxíði og brennisteinsdíoxíði og að af þeim stafaði hættu á svæði sem næmi um 2350 km að þvermáli. Í matsgerðinni var mælt með því að einni stöðinni yrði algerlega lokað en að tveimur þeirra yrði lokað að hluta og að búnaði er takmarkaði brennisteinsmyndun yrði komið fyrir í þeim báðum.

Þann 20. júní 1996 komst stjórnsluáráðgjafi að því að TEAS hefði starfrækt umræddar stöðvar undir þeim formerkjum að um tilraunastarfsemi væri að ræða og án þess að nauðsynlega leyfa hefði verið aflað vegna byggingar, útblásturs og losunar úrgangsvatns. Á grundvelli matsgerðarinnar komst dómstóllinn að því að stöðvarnar hefðu þá þegar ollið mengun sem væri skaðvænleg heilsu manna og umhverfinu og að áframhaldandi starfsemi þeirra kynni að valda almenningi varanlegu tjóni. Þar af leiðandi taldi dómstóllinn neitun stjórnvalda á því að loka stöðvunum hafa verið ólögmeta og lagði lögbann á starfsemi orkuveranna. Dómstóll vísaði frá kæru lögbannsins þann 29. ágúst 1996.

Þann 30. desember 1996 kvað dómstóllinn síðan upp þrjá dóma þar sem ákvörðun yfirvalda um að loka ekki umræddum þremur orkuverum var ógilt. Stjórn-

## 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

völd áfrýjuðu dómunum. Áfrýjunardómstóll staðfesti þá með dómum 3. og 6. júní 1998. Stjórnvöldum bar samkvæmt lögum að framfylgja dómunum innan 30 daga frá birtingu þeirra.

Þann 3. september 1996 ákvað ráðherraráð Tyrklands að umrædd þrjú orkuver skyldu halda áfram starfsemi sinni þrátt fyrir fyrirbyggjandi dóma. Var tekið fram að orkuverin framleiddu 7% af rafmagnsframleiðslu landsins og að framlag þeirra til hagkerfis þjóðarinnar væri verulegt. Hinir ýmsu saksóknarar gáfu frá sér yfirlýsingar um að forsætisráðherra, aðrir ráðherrar og stjórnendur stöðvanna yrði ekki saksóttir vegna málsins.

Bændur sem bjuggu í nágrenni eins orkuversins höfðuðu mál fyrir dómstólum þar sem þeir byggðu á því að gæði og magn ólífú- og tóbaksframleiðslu þeirra hefði orðið fyrir neikvæðum áhrifum af eiturgasi og ösku og að þeir hefðu orðið fyrir fjárhagslegu tjóni. Voru þeim dæmdar bætur. Byggt var á matsgerð þar sem fram kom að eiturgastegundir sem frá orkuverinu kæmu hömluðu vexti laufblaða og yllu þannig skertri uppskeru. Dómurinn var staðfestur við áfrýjun.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

### *Kæran*

Kærendur töldu að brotið hefði verið gegn rétti þeirra skv. 1. mgr. 6. gr. sáttmálans með því að stjórnvöld framfylgdu ekki niðurstöðum dómstóla.

### *Niðurstæða*

Varðandi það hvort atvik málsins snertu réttindi og skyldur kærenda að einkamálarétti og heyrðu þannig undir 1. mgr. 6. gr. tók dómstóllinn fram að samkvæmt tyrknesku stjórnarskránni og tyrkneskum umhverfislögum ættu kærendur rétt til þess að búa í heilsusamlegu umhverfi og að á þeim hvíldi skylda sem tyrkneskum ríkisborgurum að vernda umhverfið og koma í veg fyrir umhverfismengun. Þá hefðu þeir samkvæmt landsrétti átt aðild að dómsmáli þar sem þess var krafist að lögbann væri sett á starfsemi orkuvera sem væru hættuleg umhverfinu og að ákvörðun stjórnvalda um áframhaldandi starfrækslu þeirra yrði ógilt. Dómar hefðu gengið kærendum í hag og stjórnvaldsákvörðun um að neita að framfylgja dómi eða sneiða hjá dómi gæti samkvæmt tyrkneskum lögum falið í sér að þeir ættu rétt til skaðabóta. Með vísan til 53. gr. Mannréttinasáttmálans mætti túlkun hugtaksins „einkamálaréttur“ í 1. mgr. 6. gr. ekki fela í sér að takmörkuð væru réttindi sem veitt væru í landsrétti aðildarríkja. Því ætti 1. mgr. 6. gr. við í málinu.

Dómstóllinn tók fram, eins og áður í svipuðum málum, að réttur til að bera mál undir dómstóla væri að engu gerður ef ríki fullnustaði ekki dóma sem fælu í sér bráðabirgða- eða lokaniðurstöðu máls og það hefði neikvæðar afleiðingar fyrir annan aðila málsins. Stjórnvöld hefðu ekki virt lögbann undirréttar né framfylgt dómum stjórnsluyfyrirréttar sem staðfestu ógildingu á ákvörðunum yfirvalda um að loka ekki orkuverunum. Þvert á móti hefðu stjórnvöld ákveðið að orkuverin skyldu halda áfram starfsemi. Sú ákvörðun byggði ekki á lagaheimild og væri augljóslega ólög-

## 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

mæt að landsrétti. Yrði henni jafnað við það að sneitt hefði verið framhjá dómunum. Taldi dómstóllinn að slíkt færi gegn hugmyndum um réttarríki.

Þar sem tyrkneska ríkið hafði brugðist þeirri skyldu sinni að framfylgja innan sanngjarns tíma dómum stjórnisýsludómstóla, var það einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálaus.

Kærendum voru hverjum fyrir sig dæmdar 1.000 evrur í miskabætur á grundvelli 41. gr. sáttmálaus.

### Mild og Virtanen gegn Finnlandi

Dómur frá 12. júlí 2005

Mál nr. 39481/98 og 40227/98

### 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

*Réttur til að spyrja vitni.*

#### 1. Málsatvik

Kærendur, Mild, fæddur 1967 og Virtanen, fædd 1970, búa í Finnlandi.

Kærendur voru ákærð fyrir stórfelldan þjófnað á loðfeldum að andvirði 327.500 finnskra marka úr verslun. Kærendur neituðu sök.

Refsimálið var tekið fyrir í undirrætti þann 5. júní 1995. Ákærvaldið byggði m.a. á lögregluskýrslum sem teknar höfðu verið af M og R sem höfðu verið sakfelldir fyrir sama brot eftir að hafa játað það á sig. M og R komu ekki fyrir dóm sem vitni, en verslunarmaður bar vitni um að kærendur hefðu komið í verslunina nokkru fyrir þjófnaðinn, eigandi sendibílsins sem notaður var við verknaðinn bar um að hafa átt einhver samskipti við Mild og lögreglumanninn bar að hann hefði sendiferðabíl á bílastæði við heimili Mild daginn sem innbrotið var framið án þess að geta fullyrt að það væri sami bíll og notaður hefði verið við þjófnaðinn. Málinu var frestað í tvígang í því skyni að boða M og R til skýrslugjafar fyrir dómi. Þann 28. febrúar 1996 afturkallaði M yfirlýsingu sína varðandi kærendur og sagði hana ranga. Þann 29. febrúar 1996 voru kærendur sýknuð þar sem sönnunargögn voru ekki talin nægja til sakfellingar.

Saksóknari áfrýjaði dómnum og fór munnleg málsmeðferð fram fyrir áfrýjunardómstól í nóvember 1996. M og R voru ekki kallaðir til skýrslutöku fyrir áfrýjunardómstólnum, en önnur vitni komu þar fyrir dóm. Í desember 1996 sakfelldi áfrýjunardómstóllinn Mild fyrir stórfelldan þjófnað og dæmdi í eins árs og tíu mánaða fangelsi. Virtanen var sakfelld fyrir hlutdeild í verknaðinum. Var hún dæmd í skilorðsbundið fjögurra mánaða fangelsi. Áfrýjunardómstóllinn byggði á yfirlýsingum M og R í lögregluskýrslum og í eigin refsímáli, ásamt því að önnur sönnunargögn í málinu gegn kærendum styddu þær. Í júní 1997 hafnaði Hæstiréttur áfrýjunarbeiðni kærenda.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

### *Kæran*

Kærendur töldu sig ekki hafa hlotið réttláta málsmeðferð fyrir dómi þar sem þau hefðu ekki getað spurt eða látið spyrja þau vitni sem leidd voru gegn þeim. Töldu þeir að þessi málsmeðferð hefði brotið gegn 1. mgr. og d-lið 3. mgr. 6. gr. sáttmálans.

### *Niðurstaða*

Dómstóllinn tók fram að líta bæri á M og R sem vitni í skilningi d-liðar 3. mgr. 6. gr. sáttmálans þar sem byggt hefði verið á yfirlýsingum þeirra fyrir dómi. Kærendum hefði aldrei gefist tækifæri til að spyrja eða láta spyrja M og R. Þar að auki hefðu innlend lög verið gölluð þar sem þau tryggðu ekki að hægt væri að færa M og R fyrir dóm til skýrslugjafar. Það leiddi til þess að kærendum hefði verið allsendis ómögulegt að leggja fyrir þá spurningar. Þrátt fyrir þetta hefðu yfirlýsingar þeirra haft mikið vægi í sönnunarfærslunni gegn kærendum. Var það því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. og d-lið 3. mgr. sáttmálans. Voru Mild dæmdar 3.000 evrur í miskabætur og 6.000 evrur vegna málskostnaðar. Virtanen fékk dæmdar 2.000 evrur í miskabætur og 1.246 vegna málskostnaðar.

## Mežnarić gegn Króatíu

Dómur frá 15. júlí 2005

Mál nr. 71615/01

## 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

*Óvilhallur dómstóll. Hæfi dómara.*

### 1. Málsatvik

Kærandi, Mežnarić, er króatískur ríkisborgari, fæddur 1954 og býr í Zagreb.

Þann 10. júlí 1991 var höfðað mál gegn kæranda vegna sammingsbrots. Stefnendur höfðu lögmanninn M.V. frá 27. nóvember 1991. Dóttir M.V. tók við málinu þann 27. janúar 1992. Dómur gekk stefnendum í hag og kærandi tapaði málinu.

Kærandi áfrýjaði dómnum til áfrýjunardómstóls sem staðfesti dóm undirréttar að hluta. Kærandi áfrýjaði þeim dómi til Hæstaréttar sem vísaði kröfum kæranda frá. Þá lagði kærandi kæru fyrir stjórnlagadómstól vegna málsins en henni var vísað frá dómi þann 18. desember 2000. Þegar honum var birtur dómurinn tók hann eftir því að M.V. var einn þeirra fimm dómara sem kváðu hann upp.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

### *Kæran*

Kærandi taldi að hann hefði ekki hlotið réttláta málsmeðferð fyrir óháðum dómstóli skv. 1. mgr. 6. gr. sáttmálans þar sem einn dómara stjórnlagadómstólsins í máli hans hafði verið lögmaður gagnaðila hans á fyrri stigum málsins.

### **Niðurstaða**

Dómstóllinn taldi að það að einn dómara stjórnlagadómstólsins, og síðar dóttir hans, hefðu farið með málið fyrir gagnaðila kæranda gæfi réttmæta ástæðu til að draga óhlutdrægni dómarsins í efa.

Var það því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans þar sem kærandi hefði ekki hlotið réttláta málsmeðferð fyrir óvilhöllum dómstól. Þá taldi dómstóllinn ennfremur að sú niðurstaða að um brot væri að ræða fæli í sér fullnægjandi niðurstöðu máls fyrir kæranda skv. 41. gr. sáttmálans. Voru honum dæmdar 1.165 evrur í málskostnað.

### **Alatulkkila o.fl. gegn Finnlandi**

**Dómur frá 28. júlí 2005**

**Mál nr. 33538/96**

**6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi**

**14. gr. Bann við mismunun**

**1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar**

*Stjórn fiskveiða. Réttindi og skyldur að einkamálarétti. Aðgangur að dómstól. Takmarkanir á eignarrétti. Mismunun.*

### **1. Málsatvik**

Kærandur eru tíu, fæddir á árabílinu 1934-1957 og búa allir í Finnlandi. Eru þeir eigendur vatnssvæða eða veiðimenn við Helsingjabotn. Ennfremur eru þeir allir kjörnir fulltrúar félaga eigenda og/eða veiðimanna á svæðinu.

Þann 26. apríl 1996 gaf finnsk-sænska nefndin um landamæraár út bann fyrir árin 1996 og 1997 við öllum veiðum á laxi og sjóbirtingi á tilteknum hafsvæðum og við öllum veiðum laxi og sjóbirtingi nema með handveiðarfærum í Tornio ánni. Byggði bannið á reglugerð um fiskveiðar á vatnasvæði Tornio árinna. Hluti kæranda fékk bætur frá ríkinu vegna þess fjárhagslega tjóns sem bannið olli þeim á fiskveiðitímabili ársins 1996. Gilti sú bótaákvörðun fyrir alla þá sem höfðu atvinnu af veiðum á hafsvæðum við Tornio ánnu.

Reglugerð um fiskveiðar á vatnasvæði Tornio árinna var sett á grundvelli laga frá 1971, en í þeim var samningi Finnlands og Svíþjóðar um landamæraár veitt lagagildi. Samningnum og reglugerðinni var breytt árið 1987, en sú breyting var ekki innleidd í finnskan rétt með lögum. Með breytingunni var finnsk-sænsku nefndinni um landamæraár veitt heimild til að kveða á um vernd fiskistofna og bann við veiðum með tilteknum veiðarfærum til tveggja ára í senn. Þann 13. júní 1996 dæmdi Hæstiréttur Svíþjóðar að ekki yrði refsað fyrir brot gegn banni nefndarinnar við veiðum með tilteknum veiðarfærum þar sem ákvörðun finnsk-sænsku nefndarinnar skorti lagagrundvöll að sænskum rétti. Í kjölfarið, í ársbyrjun 1997, lýstu Finnland og Svíþjóð því yfir að ekki skyldi beita heimild nefndarinnar til að kveða á um vernd fiskistofna. Í kjölfar þess voru síðan samþykkt ný lög í Finnlandi um veiðar á veiðisvæðum Tornio árinna sem veittu stjórnvöldum heimild til að setja reglur um fisk-

## 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

veiðar þar. Slíkar reglur voru settar þegar í stað við gildistöku laganna þann 5. júní 1997 og voru þær samhljóða fyrri ákvörðun finnsk-sænsku nefndarinnar. Á árinu 1998 voru samþykktar nýjar reglur. Með dómi þann 5. ágúst 1997 komst finnskur dómstóll að þeirri niðurstöðu að þar sem hlutar hinnar eldri reglugerðar um fiskveiðar á vatnasvæði Tornio árinna skorti lagagrundvöll yrði henni ekki beitt í máli fyrir dómstólum.

Félög þau sem kærndur voru í fyrirsvari fyrir og fleiri aðilar kröfðust þess fyrir dómstól að ákvörðun finnsk-sænsku nefndarinnar frá 26. apríl 1996 yrði ógilt. Byggðu þeir á því að ákvörðunin væri í andstöðu við stjórnarskrána og almenn lög, m.a. 6. gr. og 1. gr. viðauka 1 við sáttmálann sem veitt hefði verið lagagildi að landsrétti. Var þeirri kröfu hafnað með dómi frá 31. desember 1998. Taldi dómstóllinn að öllum stefnendum hefði verið kynnt sú fyrirætlun að takmarka ætti veiðar á þeim tegundum sem bannið varðaði og hefðu þeir haft tækifæri á því að koma skoðunum sínum á framfæri við þá nefnd sem ákvörðunina tók. Takmörkun á veiðum hefði verið gerð í því markmiði að styrkja fiskistofnana og þannig tryggja veiðar til framtíðar. Þá var ekki talið að ákvörðun nefndarinnar væri í andstöðu við 6. gr. sáttmálans né stjórnarskrá Finnlands. Var það því niðurstaða dómstóla að ákvörðunin hefði hvorki verið byggð á ómálefnalegri beitingu laga né að málsmeðferð hefði verið haldin neinum ágöllum sem vörðuðu ógildinguna hennar.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

### *Kæran*

Kærndur töldu veiðibannið takmarka rétt þeirra til friðhelgi eignaréttar og að þeim hefði verið mismunað miðað við veiðimenn á aðliggjandi vatnasvæðum. Byggðu þeir á 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann og 14. gr. hans hvað þetta varðaði. Töldu þeir einnig að þeir hefðu ekki haft aðgang að dómstól eða öðru skilvirku úrræði til þess að þeim væri unnt að véfengja ákvörðunina, sbr. 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

### *Niðurstaða*

Um 6. gr.: Varðandi það hvort atvik málsins snertu réttindi og skyldur kæranda að einkamálarétti og heyrðu þannig undir 1. mgr. 6. gr. byggði dómstóllinn á því að kærndur hefðu verið eigendur að vatnasvæðum og á þeim grundvelli í raun notið réttar til veiða á þeim svæðum. Fæli það í sér réttindi að einkamálarétti og féllu atvik máls því undir 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Dómstóllinn tók fram að það styddi þá niðurstöðu að sá hluti kæranda sem hafði atvinnu af fiskveiðum hefði fengið bætur frá ríkinu vegna fiskveiðabannsins. Varðandi það hvort kærndur hefðu haft aðgang að dómstól eða öðru skilvirku úrræði byggði dómstóllinn á því að stjórnsýsludómstóll hefði metið lögmæti bannsins og það hvort það stæðist stjórnarskrá og 6. gr. sáttmálans. Þótt ekki hefði verið sérstaklega vísað til 1. gr. 1. viðauka sáttmálans hefði rökstuðningur dómstólsins tekið á réttlæti málsmeðferðarinnar og komist að þeirri niðurstöðu að kærndur hefðu haft tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina. Ennfremur hefði dómstóllinn kannað nauðsyn bannsins og

## 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

hvort það stæðist kröfur um meðalhóf þegar hann komst að þeirri niðurstöðu að bannið hefði verið nauðsynlegt fyrir vernd fiskistofnanna. Þá hefði rétturinn á engan hátt hafnað lögsögu sinni til að taka málsástæður kæranda til efnismeðferðar. Að öllu virtu taldi Mannréttindadómstóllinn meðferð málsins fyrir réttinum hafa veitt kærendum aðgang að skilvirku úrræði til endurskoðunar krafna þeirra.

Dómstóllinn tók einnig fram að ekki virtist sem kærendur óskað eftir munnlegri málsmeðferð fyrir stjórnarsýsludómstólum sem þeim þó stóð til boða. Þeir hefðu þannig afsalað sér rétti til munnlegrar málsmeðferðar. Þá var málið ekki talið hafa varðað almannahagsmuni með þeim afleiðingum að réttinum hefði verið skylt að viðhafa munnlega meðferð málsins.

Dómstóllinn taldi því að 1. mgr. 6. gr. hefði ekki verið brotin, hvorki hvað varðaði umfang endurskoðunar stjórnarsýsludómstóls á ákvörðuninni né vegna þess að munnleg málsmeðferð fór ekki fram.

Um 1. gr. 1. viðauka: Dómstóllinn taldi kærendur hafa notið veiðiréttar á grundvelli eignarréttar síns að vatnasvæðum. Ákvörðun finnsk-sænsku nefndarinnar fæli því í sér takmörkun á notkun eigna í skilningi 2. mgr. 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann. Dómstóllinn taldi takmörkunina hafa verið réttlæt看lega, þar sem hún byggði á lögum og var gerð í því lögmæta markmiði til verndar mikilvægum almannahagsmunum að vernda fiskistofna. Þá hefði verið gætt meðalhófs um val á aðferð til að ná því markmiði. Með vísan til þess svigrúms til mats sem ríkjum væru veitt í slíkum málum, taldi dómstóllinn enga ástæðu til að efast um að ástand umræddra fiskistofna kallaði á verndunaraðgerðir eða að tímasetning eða beiting bannsins byggði á staðbundnum aðstæðum. Þar að auki leiddi takmörkunin ekki til algers afnáms réttar kæranda til veiða í viðkomandi vötnum. Þeim sem höfðu veiðar að atvinnu hefði verið gert mögulegt að sækja um bætur vegna fjárhagslegs tjóns og hefðu sumir kæranda nýtt sér þann rétt. Hvað varðaði þá málsástæðu að missir möguleika til frístundaiðkunar væri ekki bættur af ríkinu vísaði dómstóllinn til þess að ríki nytu ríks svigrúms til mats um að skilgreina bótarétt. Dómstóllinn myndi virða slíkt mat ríkja nema það væri augljóslega handahófskennt eða ósanngjarnt sem ekki væri raunin í málinu. Með vísan til alls ofangreinds taldi dómstóllinn að bannið samræmdest kröfum 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann.

Um 1. gr. 1. viðauka sbr. 14. gr.: Dómstóllinn taldi að með vísan til gagna málsins væri engin ástæða til að efast um að mismunandi tímasetningar veiðibanns og mismunandi takmarkanir á veiðarfæranotkun væru réttlæt看legar með vísan til mismunandi hrygningarástæðna laxa og mismunandi náttúrulegra aðstæðna á veiðisvæðum. Því lægju fullnægjandi hlutlægar og málefnalegar ástæður í skilningi 14. gr. sáttmálans til grundvallar mismunandi meðferð og meðalhófregla hefði verið virt. Var því ekki talið að brotið hefði verið gegn 1. gr. 1. viðauka, sbr. 14. gr. sáttmálans.

**H.N. gegn Póllandi**

**Dómur frá 13. september 2005**

**Mál nr. 77710/01**

**Sjá reifun dómsins undir 8. gr.**

*Haagsamningur um brotnám barna. Málsmeðferð innan hæfilegs tíma.*

**Draon gegn Frakklandi og Maurice gegn Frakklandi**

**Dómur frá 6. október 2005 - Yfirdeild**

**Mál nr. 1513/03 og 11810/03**

**Sjá reifun dómsins undir 1. gr. 1. viðauka**

*Hugtakið eign. Lögmætar væntingar. Eignasvipting. Réttur til skaðabóta.*

**Bracci gegn Ítalíu**

**Dómur frá 13. október 2005**

**Mál nr. 36822/02**

**6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi**

*Réttur til að spyrja vitni.*

### **1. Málsatvik**

Kærandi er ítalskur ríkisborgari, fæddur 1958 og búsettur á Ítalíu. Hann var handtekinn af lögreglu þann 11. mars 1998 vegna gruns um kynferðisbrot gegn tveimur vændiskonum, X og Y. Kærandi var staðinn að því að ræna vændiskonu þegar hann var handtekinn og slösuðust tveir lögreglumenn við handtökuna. Kærandi var ákærður fyrir tilraun til manndráps, mótspyrnu við handtöku, ólöglegan vopnaburð, nauðgun, líkamsárás, eignaspjöll, frelsissviptingu og vopnað rán.

Þann 2. nóvember 1998 var kærandi dæmdur til sex ára fangelsisvistar, m.a. fyrir þjófnað og kynferðisbrot. Við sakfellingu fyrir kynferðisbrot var sérstaklega litið til framburðar framangreindra tveggja vændiskvenna hjá lögreglu, en þær höfðu ekki komið fyrir dóminn þar sem ekki var hægt að hafa uppi á þeim.

Kærandi áfrýjaði dómnum og dró í efa framburð vændiskvennanna. Krafðist hann DNA-rannsóknar á sæði sem fundist hafði á pilsu X. Þegar áfrýjun hans var vísuð frá áfrýjaði hann aftur með vísan til lagaatriða, en þeirri áfrýjun var einnig vísað frá þann 5. desember 2000.

### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

#### ***Kæran***

Kærandi taldi að réttur sinn til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi skv. 6. gr. sáttmálans hefði verið skertur þar sem honum gafst ekki tækifæri til að spyrja eða láta spyrja X og Y og þar sem honum var neitað um að DNA-rannsókn færi fram.



### **Niðurstaða**

Hvað varðaði tækifæri kæranda til að spyrja eða láta spyrja X og Y tók dómstóllinn fram að í samræmi við ákvæði réttarfarfarslaga hefðu yfirlýsingar þeirra fyrir lögreglu verið lesnar upp og og lagðar fram við efnismeðferð málsins. Af þeim sökum hafði lögmaður kæranda ekki tækifæri til þess að spyrja eða láta spyrja þá sem ásökuðu kæranda um kynferðisbrot. Dómstóllinn taldi að önnur sönnunargögn hefðu stutt framburð X og því ekki séð að skortur á tækifæri til að spyrja eða láta spyrja hana væri brot gegn sáttmálanum. Hvað varðaði framburð Y höfðu ítalskir dómstólar aftur á móti eingöngu byggt á framburði hennar fyrir lögreglu þegar kærandi var sakfelldur. Kærandi fékk því ekki fullnægjandi tækifæri til að draga í efa þann vitnisburð sem var grundvöllur sakfellingar hans fyrir kynferðisbrot gegn Y. Var það einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið á rétti kæranda skv. 1. mgr. og d-lið 3. mgr. 6. gr. sáttmálans hvað þennan hluta málsins varðaði.

Dómstóllinn taldi óheppilegt að DNA-rannsókn sú sem kærandi krafðist fór ekki fram þar sem niðurstöður hennar hefðu getað staðfest framburð brotþolans eða falið í sér sýnileg sönnunargögn sem ef til vill hefðu dregið úr sönnunargildi framburðar brotþola. Dómstóllinn taldi hins vegar að engar sérstakar ástæður stæðu til þess að það eitt að rannsóknin hefði ekki farið fram bryti gegn 6. gr. sáttmálans. Var því ekki talið að brotið hefði verið gegn sáttmálanum hvað þennan hluta kærunnar varðaði.

Dómstóllinn taldi þá niðurstöðu að brotið hefði verið gegn sáttmálanum fela í sér fullnægjandi sanngjarnar bætur fyrir miska kæranda. Þá tók dómstóllinn fram að þegar niðurstaða hans væri að kærandi hefði verið sakfelldur af dómstól sem ekki væri sjálfstæður og óvillhallur í skilningi 1. mgr. 6. gr. væri það mest viðeigandi úr-ræðið að málið yrði endurupptekið án tafar fyrir innlendum dómstól sem uppfyllti þessi skilyrði.

### **Roche gegn Bretlandi**

**Dómur frá 19. október 2005 - Yfirdeild**

**Mál nr. 32555/96**

**Sjá reifun dómsins undir 8. gr.**

*Þátttakendur í gastilraunum. Hermenn. Aðgangur að gögnum um persónulega hagi. Jákvæðar skyldur. Frelsi til að taka við upplýsingum. Réttindi að einkamálarétti. Hugtakið eign.*

### **Ouranio Toxo o.fl. gegn Grikklandi**

**Dómur frá 20. október 2005**

**Mál nr. 74989/01**

**Sjá reifun dómsins undir 11. gr.**

*Starfsemi stjórn málaflokks. Jákvæðar skyldur. Málsmeðferð innan hæfilegs tíma.*

**Kjartan Gunnarsson gegn Íslandi**  
**Ákvörðun um meðferðarhæfi frá 20. október 2005**  
**Mál nr. 4591/04**  
**Sjá reifun dómsins undir 8. gr.**  
**Vernd æru og mannorðs. Meiðyrði. Sönnunarbyrði.**

**Bocos-Cuesta gegn Hollandi**  
**Dómur frá 10. nóvember 2005**  
**Mál nr. 54789/00**  
**6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi**  
**Réttur til að spyrja vitni. Kynferðisbrot gegn börnum.**

### **1. Málsatvik**

Kærandi, Martin Bocos-Cuesta, er spænskur ríkisborgari, fæddur 1957 og búsettur í Barcelona. Þann 27. apríl 1998 var hann sakfelldur með dómi dómstóls í Amsterdam fyrir kynferðisbrot og ósæmilega hegðun gagnvart fjórum börnum á aldrinum 6 til 11 ára dæmdur til 20 mánaða fangelsisvistar. Var sakfellingin m.a. studd við vitnisburði barnanna gáfu skýrslur fyrir lögreglu við rannsókn málsins. Ekki kom til skýrslutöku barnanna fyrir dómi þrátt fyrir kröfu lögmans kæranda þar um. Taldi dómstóllinn að skýrslutaka barnanna fyrir dómi kynni að valda því að þau endurlifðu erfiða atburði og taldi hagsmuni barnanna af því að skýrslutaka færi ekki fram fyrir dómi ríkari en hagsmuni kæranda. Kærandi áfrýjaði málinu án árangurs.

### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

#### ***Kæran***

Kærandi byggði á því að réttur hans til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi hefði verið brotinn með því að verjanda hans hefði ekki gefist færi á að spyrja þau börn sem gáfu skýrslu fyrir lögreglu og dómstóll byggði ákvörðun um sakfellingu hans á. Byggði kærandi á 1. mgr. svo og d-lið 3. mgr. 6. gr. sáttmálans.

#### ***Niðurstaða***

Dómstóllinn leit til þess að kæranda hafði ekki á nokkurn hátt verið veitt færi á að fylgjast með skýrslutöku af börnunum hjá lögreglu, t.d. í öðru herbergi með notkun tæknibúnaðar. Þá hafði honum heldur ekki verið gefið tækifæri til þess að hlutast til um að börnin yrðu spurð tiltekinna spurninga. Þar sem skýrslutakan hafði ekki verið tekin upp á myndband hafði hvorki kæranda né áfrýjunardómstólnum verið unnt að fylgjast með hátterni barnanna við skýrslutökuna og þannig ekki verið unnt að taka það til skoðunar við mat á trúverðugleika frásagnar þeirra. Að mati dómstólsins var það ekki fullnægjandi að dómstóllinn hefði framkvæmt ítarlega rannsókn á skýrslum barnanna og að kærandi hefði fengið fullnægjandi tækifæri til að andmæla framburði þeirra, enda kæmi þetta ekki í staðinn fyrir athugun kæranda

## 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

sjálfs á þeim vitnum sem gáfu framburð honum í óhag. Féllst dómstóllinn ekki á þau rök innlendra dómstóla að hagsmunir barnanna af þessari málsmeðferð væru ríkari en kæranda, enda væru það getgátur sem ekki hefði verið nægilega sýnt fram á. Hefði kærandi ekki fengið nægilegt tækifæri til þess að vefengja vitnisburð sem hafði haft úrslitabýðingu um sakfellingu hans og því ekki notið réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti kæranda skv. 1. mgr. og d-lið 3. mgr. 6. gr. sáttmálans. Dómstóllinn hafnaði kröfu kæranda um miskabætur í ljósi þess að hann ætti rétt til nýrrar málsmeðferðar samkvæmt innlendum lögum á grundvelli niðurstöðu Mannréttindadómstólsins. Kæranda voru með vísan til 41. gr. sáttmálans dæmdar 4.190 evrur í málskostnað.

### **Ramsahai gegn Hollandi**

**Dómur frá 10. nóvember 2005**

**Mál nr. 52391/99**

**Sjá reifun dómsins undir 2. gr.**

*Mannsbani vegna valdbeitingar lögreglu. Rannsókn. Sjálfsvörn.*

### **Capital Bank AD gegn Búlgaríu**

**Dómur frá 24. nóvember 2005**

**Mál nr. 49429/99**

**6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi**

**34. gr. Kærur einstaklinga**

**1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar**

*Lögsaga dómstóla. Gjaldþrot. Leyfi til bankastarfsemi. Almennar takmarkanir eignarréttar. Polandi brots.*

#### **1. Málsatvik**

Kærandi var bankinn Capital Bank AD sem hafði verið tekinn til gjaldþrotaskipta. Hafði hann skráða starfsstöð sína í Sofíu í Búlgaríu. Málið var höfðað fyrir hönd kæranda af fyrrverandi stjórnarformanni og varastjórnarformanni bankans. Kæran var einnig undirrituð af þremur hluthöfum í fyrirtækinu, fyrirtækjum með starfsstöðvar í Búlgaríu og Rússlandi.

Capital Bank var stofnaður og fékk leyfi til bankastarfsemi árið 1993. Í nóvember 1997 var leyfið afturkallað af hálfu ríkisbanka Búlgaríu þar sem ríkisbankinn taldi kæranda vera gjaldþrota. Ríkisbankinn tilnefndi Capital Bank sérstaka stjórnendur þar til skiptastjórar yrðu skipaðir. Með dómsúrskurði í janúar 1998 var fallist á kröfu ríkisbankans um að kærandi yrði tekinn til gjaldþrotaskipta. Dómstóllinn byggði á því að samkvæmt bankalögum frá 1997 hefði hann ekki lögsögu til þess að endurskoða ákvörðun ríkisbankans um afturköllun bankaleyfis á grundvelli ógjaldfærni. Taldi dómstóllinn því að þar sem ríkisbankinn hefði metið bankann gjaldþrota

## 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

gæti rétturinn ekki endurmetið ákvörðunina og væri bundinn við hana. Rétturinn skipaði þá skiptastjóra vegna búsinns. Gjaldþrotaráskurðurinn var staðfestur við áfrýjun æðri dómstóls.

Í apríl 2005 lauk skiptum á búi bankans og hann tekinn af fyrirtækjaskrá.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi byggði á því að innlendir dómstólar hefðu ekki metið efnislega skilyrði til gjaldprotaskipta, að andmælaréttur kæranda hefði ekki verið tryggður við málsmeðferðina og að ákvörðun ríkisbankans um að afturkalla leyfi kæranda til bankastarfsemi hefði ekki verið í samræmi við lög. Byggði kærandi á 1. mgr. 6. gr., 13. gr. og 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

#### *Niðurstaða*

*Um það hvor kærandi væri þolandi brots.* Ríkið byggði á því að ekki hefði átt að taka málið til efnismeðferðar þar sem kærandi væri í raun ekki lengur til, enda hefði bankinn verið afskráður úr opinberum skráum í apríl 2005. Dómstóllinn féllst hins vegar ekki á það. Þegar meint brot ríkis á sáttmálanum lyti að afskráningu fyrirtækis af opinberum skráum taldi dómstóllinn ekki unnt að fallast á aðildarskort kæranda þar sem það myndi brjóta gegn kjarna þess réttar lögaðila að koma málum fyrir dómstólinn samkvæmt 34. gr. sáttmálans

Um 1. mgr. 6. gr.: Dómstóllinn vísaði til þess að í rétti til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi skv. 1. mgr. 6. gr. sáttmálans fælist að dómstólar yrðu að hafa lögsögu til þess að meta allar staðreyndir og öll lagarök sem málið varðaði efnislega. Dómstóllinn byggði á því að innlendir dómstólar hefðu byggt á niðurstöðu ríkisbankans um að kærandi væri ógjaldfær, án nokkurrar endurskoðunar eða umfjöllunar. Ríkisbankinn teldist ekki dómstóll í skilningi sáttmálans og samkvæmt skýru ákvæði laga hefðu dómstólar ekki lögsögu til þess að endurskoða ákvörðun ríkisbankans um afturköllun bankaleyfis á grundvelli ógjaldfærni. Því hefði ekki verið fullnægt kröfum 1. mgr. 6. gr. að þessu leyti.

Dómstóllinn taldi ennfremur brotið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans að því leyti að kæranda eða fyrirsvarsmönnum kæranda hefði ekki verið unnt að vernda stöðu sína eða hagsmuni á fullnægjandi hátt þar sem sérstaklega tilnefndir stjórnendur bankans hefðu verið skipaðir beint af ríkisbankanum og skiptastjórar í þrotabúi bankans fengnir af lista yfir skiptastjóra sem samþykktir væru af ríkisbankanum. Hefðu þessir sérstöku fyrirsvarsmenn Capital Bank í ferlinu því verið háðir ríkisbankanum.

Um 1. gr. 1. viðauka: Dómstóllinn taldi að opinbert leyfi til bankastarfsemi hefði verið grundvöllur atvinnustarfsemi Capital Bank og því hefði afturköllun þess falið í sér takmörkun á friðhelgi eignarréttar kæranda. Þótt í því fælist svipting eignarréttar að því leyti sem leyfið sjálft gæti talist eign væru kringumstæður afturköllunarinnar þær að hún hefði farið fram sem þáttur í eftirliti stjórnvalda með bankastarfsemi. Bæri því að dæma málið á grundvelli 2. mgr. 1. gr. 1. viðauka.

## 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

---

Dómstóllinn taldi að ríki nytu ríks svigrúms til mats á því viðkvæma efnahagslega sviði er varðaði stöðugleika bankastarfsemi og féllst á það að það gæti verið þörf á ströngu eftirliti og viðurlögum til að koma í veg fyrir alvarlegan skaða á þessum vettvangi. Hins vegar hefði sú leið sem farin var í búlgörskum lögum ekki kveðið á um neins konar málsmeðferð áður en viðurlögum var beitt og því ekki falið í sér neinar tryggingar gegn geðþóttaákvörðunum. Því gæti afturköllun leyfisins ekki talist lögmæt í skilningi 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Um 13. gr.: Dómstóllinn taldi ekki nauðsynlegt að meta kæruefnið hvað varðaði rétt kæranda skv. 13. gr. sáttmálans.

Stjórnarformanni og varastjórnarformanni kæranda voru dæmdar sameiginlega 4.000 evrur í málskostnað á grundvelli 41. gr. sáttmálans.

### **Iletmiş gegn Tyrklandi**

**Dómur frá 6. desember 2005**

**Mál nr. 29871/96**

**Sjá reifun dómsins undir 8. gr.**

*Málsmeðferð innan hæfilegs tíma. Ferðafrelsi. Svipting vegabréfs.*

### **Karadžić gegn Króatíu**

**Dómur frá 15. desember 2005**

**Mál nr. 35030/94**

**Sjá reifun dómsins undir 8. gr.**

*Haagsamningur um brottmál barna. Fullnusta dóms um afhendingu barns. Málsmeðferð innan hæfilegs tíma.*

---

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

---

Üner gegn Hollandi

Dómur frá 5. júlí 2005

Mál nr. 46410/99

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

*Brottvísun úr landi. Endurkomubann.*

### 1. Málsatvik

Kærandi, Ziya Üner er tyrkneskur ríkisborgari, fæddur 1969 og býr í Tyrklandi. Kærandi kom til Tyrklands ásamt móður sinni og bróður árið 1981 þegar hann var 12 ára en faðir hans bjó þar fyrir. Fékk hann í fyrstu tímabundið dvalarleyfi til eins árs í senn en árið 1988 fékk hann búsetuleyfi. Á milli árunna 1989 og 1992 var kærandi sakfelldur fyrir brot gegn almannafríði og tvisvar fyrir ofbeldisbrot.

Sumarið 1991 hóf kærandi sambúð með hollenskri konu og eignuðust þau son sem fæddur var 4. febrúar 1992. Í nóvember 1992 slitu þau sambúð en kærandi hélt nánú sambandi við bæði son sinn og kærustu. Kærandi var sakfelldur fyrir manndráp og líkamsárás þann 21. janúar 1994 og dæmdur í 7 ára fangelsi. Kærasta hans og sonur heimsóttu hann í fangelsið a.m.k. vikulega og iðulega oft. Þarið eignaðist annan son þann 26. júní 1996 og hittust þeir feðgar einnig vikulega. Báðir synir kæranda hafa hollenskan ríkisborgararétt. Hvorki kærasta kæranda né synir hans tala tyrknesku.

Með ákvörðun aðstoðardómsmálaráðherra þann 30. janúar 1997 var búsetuleyfi kæranda afturkallað og honum vísað úr landi vegna refsíðomsins. Endurkomubann gildi til 10 ára. Ákvörðunin var staðfest fyrir dómi. Var kærandi fluttur til Tyrklands þann 11. febrúar 1998. Þrátt fyrir það sneri hann aftur til Hollands skömmu síðar og var fluttur á ný til Tyrklands þann 4. júní 1998. Kærandi fór fram á afturköllun endurkomubannsins, en án árangurs.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi taldi að réttur hans til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu hefði verið takmarkaður þegar búsetuleyfi hans var afturkallað og á hann sett 10 ára endurkomubann. Með þessu hefði hann verið skilinn frá fjölskyldu sinni sem væru hollenskir ríkisborgarar. Taldi hann að ekki væri hægt að ætlast til að þau fylgdu honum til Tyrklands.

#### *Niðurstaða*

Dómstóllinn taldi brottvísun kæranda og endurkomubannið hafa takmarkað rétt hans til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu. Takmörkunin hefði hins vegar verið í samræmi við hollensk lög og framkvæmd í lögmætu markmiði, þ.e. vegna almannaheilla og til að firra glundroða og glæpum.

Hvað varðaði nauðsyn ákvarðananna í lýðræðislegu þjóðfélagi taldi dómstóll-

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

inn engan vafa leika á því að þau afbrot sem kærandi var sakfelldur fyrir árið 1994 væru sérstaklega alvarleg ofbeldisbrot eins og endurspegladist í refsingunni sem kæranda var gert að sæta. Þá væri sá dómur ekki fyrsti refsisdómur kæranda því hann hefði árið 1989, aðeins 8 árum eftir að hann fluttist til Hollands, verið sakfelldur fyrir brot gegn allsherjarreglu. Einnig hefði hann árið 1992 verið sakfelldur fyrir ofbeldisbrot. Með hliðsjón af þessu taldi dómstóllinn að lögmætur grundvöllur hefði verið fyrir því að telja af kæranda stafa ógn gegn allsherjarreglu og almannaheill. Dómstóllinn taldi einnig háttsemi kæranda eftir brot hans gefa aukið tilefni til að ætla að af honum stafaði hættu, enda hefði hann virt að vettugi endurkomubann sitt og reglur um innflytjendur með því að snúa aftur til Hollands fljótlega eftir að honum var vísað úr landi.

Kærandi hafði búið löglega í Hollandi í 16 ár þegar ákvörðun um brottvísun hans og endurkomubann var tekin og hafði búið í landinu frá tiltölulega ungum aldri. Nánustu ættingjar hans höfðu ennfremur búið í Hollandi um lengri tíma. Þrátt fyrir þetta benti dómstóllinn á að fjölskyldubönd á milli fullorðinna einstaklinga féllu ekki fortakslaut undir vernd 8. gr. sáttmálans. Þá var dómstóllinn enn fremur ekki sannfærður um að tengsl kæranda við það land sem hann dvaldi í fyrstu 12 ár ævi sinnar, þ.e. Tyrkland, hefðu rofnað með þeim hætti að honum væri ekki fært að setjast þar að. Þá féllst dómstóllinn ekki á þá málsástæðu kæranda að hann talaði litla eða enga tyrknesku og leit í því sambandi til þess að hann naut aðstoðar túlks við meðferð máls síns fyrir nefnd um málefni útlandinga. Þótt flutningur kærustu kæranda og sona þeirra til Tyrklands kynni að fela í sér vissa félagslega erfiðleika fyrir þau taldi dómstóllinn það ekki fela í sér óyffirstíganlega hindrun fyrir flutningi fjölskyldunnar til Tyrklands. Þá tók dómstóllinn fram að þegar brottvísun kæranda varð endanleg hefðu börn hans enn verið mjög ung að aldri, eins og hálfis árs og sex ára. Væru þau því á aðlögunarhæfum aldri. Þá leit dómstóllinn einnig til þess að einungis annað barnanna hefði búið með kæranda í stuttan tíma þegar það var sex mánaða gamalt. Ákvæði kærasta kæranda að búa áfram í Hollandi væri því ekki um að ræða eins mikla röskun á fjölskyldulífi þeirra eins og ef fjölskyldan hefði búið saman um mun lengri tíma. Loks leit dómstóllinn til þess að endurkomubannið var tímabundið.

Að öllu þessu virtu taldi dómstóllinn Holland hafa vegið hagsmuni kæranda annars vegar og þá hagsmuni ríkisins, hins vegar, að firra glundroða og glæpum, í samræmi við kröfur um meðalhóf. Ríkið hefði því ekki brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Tveir dómáramar skiluðu séráliti.

Dóminum hefur verið vísað til yfirdeildar.

**N gegn Finnlandi**

**Dómur frá 26. júlí 2005**

**Mál nr. 38885/02**

**Sjá reifun dómsins undir 3. gr.**

***Hælisleitendur. Brottvísun úr landi.***

**H.N. gegn Póllandi**

**Dómur frá 13. september 2005**

**Mál nr. 77710/01**

**6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi**

**8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

***Haagsamningur um brotnám barna. Málsmeðferð innan hæfilegs tíma.***

**1. Málsatvik**

Kærandi er norskur ríkisborgari, fæddur 1964 og býr í Noregi. Árið 1987 kvæntist hann M.C., pólskum ríkisborgara, og eignuðust þau þrjú börn saman, dótturina A fædda 1989, soninn B fæddan 1992 og dótturina C fædda 1994. Fjölskyldan bjó í Noregi.

Kærandi og M.C. skildu mars 1998. Þann 15. júní saman ár dæmdi dómstóll í Noregi kæranda forsjá yfir börnunum þremur. M.C. var veittur umgengnisréttur en samkvæmt honum gat hún heimsótt börnin einu sinni í viku og aðra hverja helgi en var bannað að heimsækja börnin í skóla þeirra.

Í ágúst 1999 fór M.C. með börnin til Póllands án vitundar og samþykkis H.N. Tveimur dögum síðar leitaði kærandi til pólska dómsmálaráðuneytisins með beiðni um aðstoð við að endurheimta börnin á grundvelli Haagsamnings um einkaréttarleg áhrif af brotnámi barna sem gerður var í Haag 25. október 1980 (hér eftir nefndur Haagsamningurinn). Var beiðni hans framsend dómstól í Varsjá.

Í nóvember 1999 frestaði dómstóllinn fyrsta þinghaldi af nokkrum í máli kæranda. Í desember 1999 óskaði dómstóllinn eftir matsgerð dómkvadds matsmanns um tengsl barnanna við foreldra sína og var hún lögð fram í febrúar 2000. Þann 2. mars 2000 lagði dómstóllinn fyrir M.C. að skila börnunum aftur til kæranda. Þar sem M.C. áfrýjaði þeirri niðurstöðu var kæranda úrskurðaður umgengnisréttur við börnin á meðan málið væri til meðferðar á áfrýjunarstigi. Vegna ótta við að M.C. myndi koma reyna að börnunum undan óskaði lögmaður kæranda eftir því að börnin yrðu sett í umsjá yfirvalda. Var þeirri beiðni hafnað. Þann 4. júlí 2000 staðfesti áfrýjunardómstóll niðurstöðu undirréttar um að M.C. skyldi skila börnunum. Lýsti M.C. því yfir við meðferð málsins að hún myndi fara með börnin í felur.

Kærandi krafðist fullnustu dómsins. Þann 8. janúar 2001 lagði dómstóll í Varsjá fyrir sýslumann að taka börnin af M.C. með valdi ef nauðsyn krefði. Þann 19. apríl 2001 reyndi fulltrúi sýslumanns með aðstoð tveggja lögreglumanna og í fylgd með félagsráðgjafa, kæranda og norska konsúlnum í Póllandi að framfylgja ákvörðun dómstólsins. M.C. var þá farin í felur með börnin. Var brotthvarf þeirra tilkynnt lögreglu yfirvöldum í Póllandi og Noregi.



## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Í ágúst 2001 sendu norsk stjórnvöld pólskum stjórnvöldum upplýsingar um bankareikning M.C. í Varsjá þar sem norska ríkið lagði lífeyri hennar inn. Ekki virtist sem pólska ríkið hæfi aðgerðir á grundvelli þeirra upplýsinga.

Þann 28. febrúar 2003 fékk undirréttur í Varsjá upplýsingar um að M.C. hefði verið ákærð fyrir undirrétti Białystok fyrir að vera með fölsk skilríki fyrir sjálfa sig og tvö börn. Á þeim tíma var búið að finna A og hún hafði verið færð til kæranda í júlí 2002. Var hinum tveimur börnunum komið til kæranda í apríl 2003.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi taldi að vanræksla stjórnvalda á að fylgja eftir dómi um skyldu M.C. á grundvelli Haagsamningsins til að skila honum börnunum hefði brotið gegn friðhelgi einkalífs og fjölskyldulífs hans samkvæmt 8. gr. sáttmálans og 1. mgr. 6. gr. sáttmálans um rétt til málsmeðferðar fyrir dómi innan hæfilegs tíma.

#### *Niðurstaða*

Um 8. gr.: Dómstóllinn taldi að pólsk yfirvöld hefðu brugðist skyldu sinni til að afhenda kæranda börn sín með skjótum hætti og ekki hefðu komið fram fullnægjandi skýringar af þeirra hálfu á töfum á meðferð málsins. Þannig hefði það tekið undirréttinn næstum tvo mánuði að afla sex blaðsíðna matsgerðar og þá hefði málið legið óhreyft frá mars til maímánaðar árið 2000. Hvað varðaði fullnustu ákvörðunar undirréttar hefðu stjórnvöld aðeins tekið eina ákvörðun í málinu á tímabilinu frá apríl 2001 til júlí 2002. Þá voru fleiri tímabil í málsmeðferðinni þar sem málið lá óhreyft, allt frá 8 til 12 vikum.

Dómstóllinn taldi pólsk yfirvöld lítið hafa gert til að auðvelda fullnustu ákvörðunarinnar um afhendingu barnanna. Sérstaklega hefðu þau ekki brugðist við upplýsingum sem norska móttökustjórnvaldið samkvæmt Haagsamningnum kom á framfæri við þau né gripið til aðgerða í tilefni af aðvörun um að M.C. væri líkleg til að fara með börnin í felur. Þá hefði fulltrúi sýslumanns ekki hraðað fullnustu á ákvörðun undirréttar um að taka bæri börnin með valdi af M.C.

Loks taldi dómstóllinn að yfirvöld hefðu brugðist þeirri skyldu sinni að grípa til viðeigandi og skilvirkra aðgerða til að framfylgja rétti kæranda til að fá börn sín afhent sér og þannig hefði réttur hans til friðhelgi fjölskyldulífs verið brotinn.

Um 6. gr.: Dómstóllinn taldi að tafir á málsmeðferðinni mætti að stærstu leyti rekja til stjórnvalda en meðferð þess tók þrjú ár, sjö mánuði og 16 daga. Með tilliti til þeirra hagsmuna sem voru í húfi fyrir kæranda og áhrifa þeirra aðgerða sem málið varðaði taldi dómstóllinn að 1. mgr. 6. gr. sáttmálans gerði kröfu til stjórnvalda að meðferð máls kæranda hlyti skjóta málsmeðferð. Stjórnvöld hefðu brugðist þessari skyldu sinni. Var því brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr.

Pólska ríkið var dæmt til að greiða kæranda 10.000 evrur í miskabætur og 12.000 evrur í málskostnað grundvelli 41. gr. sáttmálans

**Petri Sallinen o.fl. gegn Finnlandi**

**Dómur frá 27. september 2005**

**Mál nr. 50882/99**

**8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

***Haldlagning lögreglu á gögnum með persónulegum upplýsingum. Skýrar lagaheimildir. Lögmenn.***

### **1. Málsatvik**

Kærendur eru átján finnskir ríkisborgarar. Sallinen er lögmaður og voru hinir sautján kærendurnir skjólstæðingar hans á þeim tíma sem atvik urðu sem málið fjallar um.

Í janúar 1999 framkvæmdi lögregla leit í húsakynnum Sallinen í tengslum við rannsókn refsímáls þar sem hann var þá talinn vera vitni. Var lagt hald á tiltekin gögn við leitina.

Önnur húsleit lögreglu og skattyfirvalda fór fram á lögfræðistofu og heimili kæranda í mars 1999 á þeim grundvelli að kærandi væri grunaður um að hafa aðstoðað tvo skjólstæðinga sína sem voru grunaðir um auðgunarbrot. Var lagt hald á ýmis gögn í húsakynnum hans svo og tölvur, auk þess sem afrit voru tekin af ýmsum rafrænum gögnum. Umræddir skjólstæðingar hans voru í kjölfarið ákærðir fyrir auðgunarbrot. Ekki var gefin út ákæra á hendur Sallinen. Reyndi hann að fá haldlagningunni hnekk fyrir dómstólum en án árangurs.

Í maí 1999 skilaði lögreglan gögnum til kæranda sem hald hafði verið lagt á. Hún hélt þó eftir afriti af hörðu drifi í eigu Sallinen þar sem m.a. voru ýmsar persónulegar upplýsingar um þrjá kærendur, A, B og C. Báru þeir haldlagninguna undir dómstóla og reyndu að fá henni hnekk. Niðurstaða Hæstaréttar Finnlands málinu var að að umræddum tölvuskram hefði átt að skila strax eða eyða og fengu kærendurnir þrír greiddan málskostnað.

### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

#### ***Kæran***

Kærendur töldu að leitin og haldlagning persónulegra gagna hefði brotið gegn friðhelgi einkalífs, heimilis og bréfaskipta samkvæmt 8. gr., rétti þeirra til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 6. gr. og þeir hefðu ekki haft raunhæft úrræði til að leita réttar sína samkvæmt 13. gr. sáttmáls.

Finnska lögmannafélagið neytti heimildar til að skila athugasemdum í málinu á grundvelli 2. mgr. 36. gr. sáttmáls.

#### ***Niðurstaða***

Dómstóllinn taldi að rannsóknaraðgerðir lögreglunnar hefðu falið í sér takmörkun á friðhelgi heimilis og bréfaskipta kærandans Sallinen samkvæmt 1. mgr. 8. gr. sáttmálsans svo og friðhelgi einkalífs og bréfaskipta skjólstæðinga hans. Þyrfti að kanna hvort skilyrði takmörkunarinnar samkvæmt 2. mgr. 8. gr. væru uppfyllt. Dómstóllinn benti á finnsk lög væru ekki nægilega skýr um það í hvaða tilvikum leit

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

mætti fara fram á persónulegum gögnum og hvenær hald mætti leggja á slík gögn. Þá væri óljóst hver væru tengsl löggjafar um þvingunaraðgerðir lögreglu og ákvæða laga um lögmennt þar sem fjallað væri um trúnaðarskyldu og þagnarskyldu lögmanna gagnvart skjólstaðingum sínum. Heimildir finnskra laga til húsleitar og haldlagningar, þar með talið á gögnum með persónulegum upplýsingum á tölvudiskum, væru almenns eðlis og ákvörðunarvald um að beita þeim væri á hendi stjórnanda lögreglurannsóknar án aðkomu dómstóla. Hefði verið lagt hald á margvísleg bréfaskipti Sallinens við skjólstaðinga sína. Í ljósi vöntunar á skýrum reglum um haldlagningu á gögnum af þessu tagi og laglegum úrræðum til að bregðast við slíkum aðgerðum voru kærendur sviptir þeirri lágmarksvernd sem þeir ættu rétt á að njóta í réttarríki.

Dómstóllinn taldi einróma að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans þar sem ekki hefði verið mælt fyrir um takmarkanir á þeim í lögum. Með hliðsjón af þessari niðurstöðu taldi dómstóllinn ekki þörf á að kanna sérstaklega kæruefnið varðandi 6. og 13. gr. sáttmálans.

Voru Sallinen dæmdar 2.500 evrur í miskabætur á grundvelli 41. gr. sáttmálans. Kærendurnir A, B og C fengu dæmdar samtals 6.870 evrur sameiginlega vegna málskostnaðar fyrir innlendum dómstólum og fyrir Mannréttindadómstólnum.

### **Draon gegn Frakklandi og Maurice gegn Frakklandi**

**Dómur frá 6. október 2005 - Yfirdeild**

**Mál nr. 1513/03 og 11810/03**

**Sjá reifun dómsins undir 1. gr. 1. viðauka**

***Hugtakið eign. Lögmatar væntingar. Eignasvipting. Réttur til skaðabóta.***

### **Roche gegn Bretlandi**

**Dómur frá 19. október 2005 - Yfirdeild**

**Mál nr. 32555/96**

**6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi**

**8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

**10. gr. Tjáningarfrelsi**

**13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns**

**14. gr. Bann við mismunun**

**1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar**

***Þátttakendur í gastilraunum. Hermenn. Aðgangur að gögnum um persónulega hagi. Jákvæðar skyldur. Frelsi til að taka við upplýsingum. Réttindi að einkamálarétti. Hugtakið eign.***

#### **1. Málsatvik**

Kærandi er breskur ríkisborgari, fæddur 1938 og búsettur í Bretlandi. Árið 1953 gekk kærandi í herinn en fékk lausn þaðan árið 1968. Kærandi þjáist af mjög háum

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

blóðþrýstingi, bronkítis og astma. Hann hefur ekkert unnið síðan 1988 og er skráður öryrki. Telur kærandi að heilsufarsvandamál megi rekja til þátttöku hans í tilraunum með sinneps- og taugagas undir stjórn breska hersins á árunum 1962 og 1963.

Frá 1987 hefur kærandi með takmörkuðum árangri reynt að nálgast herþjónustuskýrslur sínar eftir ýmsum leiðum, m.a. hjá deildum breska þingsins, og einnig hjá heilbrigðisyfirvöldum. Þann 10. júní 1991 krafðist hann lífeyris vegna herþjónustu. Þann 28. janúar 1992 var þeirri kröfu hafnað þar sem hann var ekki talinn hafa sýnt fram á orsakatengsl á milli framangreindra tilrauna og heilsufarsástands síns. Árið 1994 hótaði kærandi að höfða mál gegn varnarmálaráðuneytinu. Utanríkisráðherra tók hins vegar þá ákvörðun skv. ákvæðum laga um dómsmál gegn ríkinu frá 1947 að allar málshöfðanir, sambærilegar kæranda, sem vörðuðu atvik sem gerðust fyrir 1987 væru óheimilar, en hins vegar gætu slíkir einstaklingar sótt um lífeyri vegna herþjónustu.

Í kjölfar dóms Mannréttindadómstólsins 9. júní 1998 í málinu *McGinley og Egan gegn Bretlandi* lagði kærandi mál fyrir áfrýjunardómstól um lífeyrismál og krafðist þess að opinberar upplýsingar yrðu gerðar dómstólnum aðgengilegar svo að hann gæti metið hvort veikindi kæranda væru afleiðing framangreindra gastilrauna. Dómstóllinn fyrirskipaði svo varnarmálaráðuneytinu í febrúar 2001 að aðgangur yrði veittur að tilteknum flokki skjala. Var aðgangur veittur að ákveðnum skjölum á árunum 2001 og 2002. Þann 14. janúar 2004 komst dómstóllinn að því á grundvelli matsgerðar sérfræðings að engin sönnunargögn hefðu komið fram sem tengdu veikindi kæranda við þátttöku hans í umræddum tilraunum. Tilraunir með sinnepsgasið hefðu verið ætlaðar til að prófa herfatnað gegn notkun sinnepsgass, en gætu ekki talist gastilraunir í sjálfu sér. Þá var ennfremur byggt á því að öryggisráðstafanir hefðu verið auknar verulega eftir að maður lést í herstöðinni þar sem tilraunirnar fóru fram árið 1953. Með því hafði verið tryggt að þátttakendur í tilrauninni kæmust aðeins í snertingu við öruggt magn gass. Hins vegar gerði áfrýjunardómstóllinn alvarlegar athugasemdir við þær hindranir sem urðu á vegi kæranda þegar hann reyndi að fá aðgang að skýrslum um herþjónustu sína hjá yfirvöldum.

Kærandi áfrýjaði málinu og vísaði áfrýjunardómstól því í kjölfarið aftur til dómstólsins til frekari málsmeðferðar. Bíður mál kæranda nú meðferðar þar.

Þann 18. apríl 2005 veitti ríkisstjórnin kæranda aðgang að 11 skjölum, en 8 þeirra hafði hann ekki áður séð. Frá árinu 1998 hefur þátttakendum í gastilraunum þeim sem kærandi tók þátt í verið veittur aðgangur að samantektum úr skýrslum vegna tilraunanna og að skoða skjölin í herstöðinni. Þar að auki var sett á laggirnar tiltekið verkefni árið 2001 sem kanna átti heilsu þeirra sem þátt tóku í tilraununum. Rannsókn fór fram á 111 mönnum en hins vegar var ekki settur upp viðmiðunarhópur við rannsóknina. Í niðurstöðum rannsóknarinnar sagði m.a. að engin gögn hefðu komið fram er styddu þá tilgátu að þátttaka í tilraununum sem fram fóru í herstöðinni á árunum 1962 og 1963 hefði haft í för með sér langvarandi alvarleg heilsuvandamál eða óeðlilega tíðni sjúkdóma þegar hópurinn væri borinn saman við hóp almennra borgara á sama aldri. Frekari rannsókn á dánartíðni og tíðni krabbameins hjá þátttakendum í umræddum tilraunum stendur enn yfir.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

### *Kæran*

Kærandi byggði á því að honum hefði verið meinaður aðgangur að upplýsingum varðandi þær tilraunir sem hann tók þátt í undir stjórn hersins á árunum 1962 og 1963 og að það hefði brotið gegn rétti hans skv. 8. og 10. gr. sáttmálans.

Pá byggði kærandi á því að ákvörðun utanríkisráðherra sem kom í veg fyrir höfðun dómsmáls vegna atvika er gerðust fyrir árið 1987 hefði brotið gegn rétti hans til aðgangs að dómstólum skv. 1. mgr. 6. gr. sáttmálans og 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann, bæði einni sér og í tengslum við 14. gr. sáttmálans. Að lokum byggði kærandi á 13. gr. sáttmálans.

### *Niðurstaða*

Um 8. gr.: Dómstóllinn féllst á að sú óvissa sem kærandi þurfti að búa við um afleiðingar þátttöku hans í gastilraunum í herþjónustu hefði valdið honum töluverðri streitu og kvíða, enda hefði verið sýnt fram á það. Frá því að heilsufarsvandamál kæranda fóru að láta á sér bera árið 1987 hafði kærandi reynt eftir fjölmörgum leiðum að nálgast upplýsingar um þátttöku sína í tilraununum. Pá leit dómstóllinn til þess að dómstóll hafði ekki komist að því fyrir en árið 2004 að engin orsakatengsl væru á milli heilsufars kæranda og tilraunanna, og þess enn fremur að yfirréttur hafði sent málið aftur til dómstólsins til frekari málsmeðferðar. Fram hefði komið að engar knýjandi ástæður lágu því til grundvallar að kæranda var ekki veittur aðgangur að umræddum gögnum.

Dómstóllinn taldi að við aðstæður sem þessar hvíldi á ríkjum jákvæð skylda til þess að hafa skýrar og einfaldar reglur um aðgang að viðeigandi upplýsingum sem auðveldað hefðu getað kæranda að meta þá hættu sem hann var hugsanlega í við tilraunirnar. Taldi dómstóllinn að einstaklingar ættu ekki að þurfa að leita til dómstóla um aðgang að slíkum gögnum og að til þyrftu að vera skýrar reglur um aðgang að slíkum upplýsingum. Þær leiðir sem kæranda stóðu til boða hafi aðeins veitt takmarkaðan aðgang að upplýsingum og skipulögð upplýsingaþjónusta og heilsufarsrannsóknir hafi ekki hafist fyrir en um 10 árum eftir að kærandi hóf umleitanir sínar og eftir að hann kærði mál sitt til Mannréttindadómstólsins.

Dómstóllinn benti á að það hefði einnig verið erfiðleikum bundið að nálgast umrædd gögn í tengslum við málsmeðferð fyrir dómi. Þrátt fyrir ákvörðun dómstóls um aðgang kæranda að ákveðnum flokkum skjala hafi kærandi aðeins fengið ákveðin skjöl og fullur aðgangur ekki enn verið veittur fjórum árum seinna. Ljóst væri að vegna aldurs og eðlis sumra þeirra gagna sem kærandi leitaði eftir gæti verið erfiðleikum háð að nálgast þau. Dómstóllinn taldi að skortur á skyldu stjórnvalda til þess að veita aðgang að skýrslum hefði takmarkað rétt kæranda til að fá viðeigandi og nauðsynlegar upplýsingar.

Pá gerði dómstóllinn athugasemdir við þá rannsókn sem fram fór á afleiðingum tilraunanna sem um 9000 manns höfðu tekið þátt í. Rannsóknin tók aðeins til 111 manna og engum viðmiðunarhóp var komið á við rannsóknina. Fullnægjandi faraldsfræðileg rannsókn hafði heldur ekki hafist fyrir en 2003 og væri enn ólokið.

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Með tilliti til atvika máls kæranda taldi dómstóllinn breska ríkið ekki hafa fullnægt þeirri jákvæðu skyldu sinni að hafa skýrar og einfaldar reglur um aðgang að viðeigandi upplýsingum sem gerðu kæranda kleift að meta þá hættu sem hann kynni að hafa verið í með þátttöku sinni í umræddum tilraunum. Var það því niðurstaða dómstólsins að breska ríkið hefði brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Um 10. gr.: Dómstóllinn tók fram að frelsi til að taka við upplýsingum skv. 10. gr. sáttmálans feli í sér að ríki geti ekki takmarkað frelsi manns til að fá upplýsingar sem aðrir vilja eða kunna að vilja veita aðgang að. Það frelsi yrði þó ekki túlkað svo að það legði jákvæðar skyldur á ríki í við aðstæður eins og í máli kæranda til þess að koma upplýsingum á framfæri. Dómstóllinn taldi því ekki hafa verið brotið gegn frelsi kæranda til að taka við upplýsingum skv. 10. gr.

Um 1. mgr. 6. gr.: Kærandi byggði á því að málið varðaði réttindi hans að einkamálarétti í skilningi 1. mgr. 6. gr. sáttmálans og því hefði réttur hans til aðgangs að dómstólum verið brotinn þegar ráðherra ákvað skv. heimild í lögum um dómsmál gegn ríkinu frá 1947 að takmarka málssóknarrétt hans.

Dómstóllinn féllst á afstöðu breskra dómstóla hvað varðaði 10. gr. nefndra laga. Áður en lögini voru sett árið 1947 hefði ekki verið fyrir hendi málssóknarréttur gegn krúnunni vegna skaðabótakrafna. Með 2. gr. laganna hefði slíkur réttur verið viðurkenndur en þó háður þeirri undantekningu sem fram kom í 10. gr. þeirra. Skv. 10. gr. laganna skyldi engin athöfn eða athafnaleysi herþjónustumanns krúnunnar, sem leitt hefði til tjóns á öðrum herþjónustumanni, varða tjónvaldinn sjálfan eða krúnuna skaðabótaábyrgð. Var talið að tilgangur 10. gr. hefði ekki verið að veita herþjónustumönnum efnislegan rétt til að krefjast bóta af krúnunni og því hefði ákvæðið ekki takmarkað málssóknarrétt hans. Ákvæðið takmarkaði aðeins bótarétt manna í herþjónustu gegn krúnunni og veitti hans í stað almennan rétt til lífeyris vegna þess tjóns sem hermenn kynnu að hafa orðið fyrir í þjónustu sinni, án þess að sýna þyrfti fram á sök.

Dómstóllinn taldi því að málið varðaði ekki réttindi að einkamálarétti sem nyту verndar 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Ætti 6. gr. sáttmálans því ekki við í málinu.

Um 1. gr. 1. viðauka og 14. gr.: Kærandi byggði á því að um ræddi eign í skilningi 1. gr. 1. viðauka og studdi það við sömu málsástæður og hann byggði á þegar hann hélt því fram að hann ætti réttindi að einkamálarétti í skilningi 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Dómstóllinn taldi að slík krafa ætti ekki stoð í landsrétti. Því var 1. gr. 1. viðauka sáttmálans ekki talin eiga við í máli hans. Með vísan til þess að kærandi var ekki talin hafa átt réttindi sem féllu undir 1. mgr. 6. gr. sáttmálans eða 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann taldi dómstóllinn 14. gr. ekki heldur eiga við í máli kæranda.

Um 13. gr.: Dómstóllinn taldi ekki hafa verið brotið gegn 13. gr. sáttmálans, enda gengi 13. gr. ekki svo langt að vernda rétt til þess að vefengja löggjöf aðildarríkis fyrir innlendum dómstólum, á þeim grundvelli að löggjöfin gengi gegn sáttmálanum.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 8.000 evrur í miskabætur og 47.000 evrur í málskostnað.

Tíu dómarar skiluðu sérálitum.

**Niedzwiecki gegn Pýskalandi og Okpisz gegn Pýskalandi**

**Dómur frá 25. október 2005**

**Mál nr. 58453/00 og 59140/00**

**Sjá reifun dómsins undir 14. gr.**

***Mismunun. Barnabætur. Innflytjendur.***

**Kjartan Gunnarsson gegn Íslandi**

**Ákvörðun um meðferðarhæfi frá 20. október 2005**

**Mál nr. 4591/04**

**8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

**6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi**

**14. gr. Bann við mismunun**

***Vernð æru og mannorðs. Meiðyrði. Sönnunarbyrði.***

**1. Málsatvik**

Kærandi, Kjartan Gunnarsson, er íslenskur ríkisborgari, fæddur 1951, og býr í Reykjavík. Jakob R. Möller, lögmaður í Reykjavík, kom fram fyrir hans hönd gagnvart dómstólnum.

Atvik málsins eru eftirfarandi í samantekt, að sögn kæranda:

Hinn 31. ágúst [1999] birti fréttablaðið *Dagur* grein á sama tíma og almennar umræður stóðu yfir í kjölfar þess að hópurinn Orca SA í Lúxemborg hafði öðlast mikinn hluta hlutafjár í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Var mikil gagnrýni höfð uppi á forystusveit Sjálfstæðisflokksins, þar sem kærandi var framkvæmdastjóri. Höfundur greinarinnar, lögmaður að nafni Sigurður G. Guðjónsson, hafði látið í ljós þá skoðun að almennir borgarar sættu mismunandi meðferð ef mál þeirra kæmu í hendur forystumanna Sjálfstæðisflokksins. Hann skýrði frá atvikum sem átt hefðu sér stað 1994, þegar allmargir menn, J.Ó. nokkur þeirra á meðal, höfðu keypt hluti í Íslenska útvarpsfélaginu (hér eftir nefnt ÍÚ). Með hlutafjáröfluninni stofnaðist nýr meirihluti í ÍÚ. Í kjölfar breytinga á stjórn ÍÚ hefði Íslandsbanki afturkallað tilboð um lán til ÍÚ, og hefði í raun vísað ÍÚ úr viðskiptum. Í greininni var enn fremur sagt að bankastjóri Íslandsbanka og fyrri stjórnarformaður bankans væru bundnir nánnum fjölskylduböndum, og að stjórnarformaðurinn ætti sæti í fjármálaráði Sjálfstæðisflokksins. Í framhaldinu sagði svo í greininni (skáletruðu málsgreinarnar tvær voru tilfni meiðyrðamáls er kærandi höfðaði):

„Þá var leitað eftir viðskiptum við Landsbanka Íslands. Í stóli formanns bankaráðs Landsbanka Íslands sat þá [kærandi], framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins og formaður útvarpsréttarnefndar, sem fer með mál frjálsu útvarpsstöðvanna. 29. júlí 1994 barst Íslenska útvarpsfélaginu hf. bréf frá Landsbankanum, þar sem bankinn hafnaði að eiga viðskipti við félagið. *Engar skýringar fengust, þó var okkur sagt sem stóðum í forsvari fyrir viðræðum við bankann að [kærandi] legðist gegn því að Landsbanki Íslands ætti viðskipti við félag, sem Jón Ólafsson ætti aðild að.* Engar formlegar viðræður fóru fram við hinn ríkisbankann, Búnaðarbanka Íslands, þar sem okkur var sagt í óformlegum viðræðum, að bankinn gæti ekki tekið Íslenska

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

útvarpsfélagið hf. í viðskipti, þar sem sumir þeirra, sem orðið höfðu undir í Íslenska útvarpsfélaginu hf. á hluthafafundinum í júlí væru viðskiptavinir bankans og það gæti styggt þá, ef Íslenska útvarpsfélaginu hf. yrði veitt fyrirgreiðsla eða það tekið í viðskipti við Búnaðarbanka Íslands. Sem betur fer voru á þessum tíma líka til í landinu sparisjóðir, þar sem lítið var á viðskipti við Íslenska útvarpsfélagið hf. sem góðan kost og ábatasaman fyrir sparisjóðina. *Þar var ákvörðun um viðskipti við Íslenska útvarpsfélagið hf. tekin á grundvelli viðskiptalegra hagsmuna sparisjóðanna, en ekki á þeim forsendum hvað væri Sjálfstæðisflokknum fyrir bestu og forkólfum fjármálaráðs flokksins þéanlegt.*“

Kærandi höfðaði meiddyrðamál gegn höfundi greinarinnar, og krafðist, auk bóta, ómerkingar beggja eftirfarandi ummæla:

(1) „*Engar skýringar fengust, þó var okkur sagt sem stóðum í forsvari fyrir viðræðum við bankann að [kærandi] legðist gegn því að Landsbanki Íslands ætti viðskipti við félag, sem J.Ó. ætti aðild að.*“

(2) „*Þar var ákvörðun um viðskipti við Íslenska útvarpsfélagið hf. tekin á grundvelli viðskiptalegra hagsmuna sparisjóðanna, en ekki á þeim forsendum hvað væri Sjálfstæðisflokknum fyrir bestu og forkólfum fjármálaráðs flokksins þéanlegt.*“

Þeirri aðdróttun að hann hefði átt einhvern þátt í ákvörðun Landsbankans (sem hér eftir er nefndur bankinn) vísaði kærandi algerlega á bug sem rangri, og studdu það tveir bankaráðsmenn. Kærandi benti á að venjulega skipti stjórn bankans sér ekki af lánastarfsemi hans. Taldi hann aðdróttanirnar meiddandi, þar sem með þeim væri hann sakaður um að láta afstöðu sína til einstakra fyrirtækja ráðast af öðrum hagsmunum en hagsmunum bankans, og um brot á almennum viðskiptareglum, viðskiptasiðferði og stjórnsýslureglum.

Héraðsdómur, sem var upp kveðinn 3. maí 2000, féll stefnda í hag og gegn kæranda. Kærandi áfrýjaði, en Hæstiréttur hafnaði kröfum kæranda með dómi upp kveðnum 19. desember 2000.

Hæstiréttur tók fram að höfundur hinnar umdeildu greinar hefði ekki gert neina tilraun til að sýna fram á að kærandi hefði átt hlut að umræddri ákvörðun. Hann hefði hins vegar haldið því fram að þeir starfsmenn bankans sem sáu um að meta lánshæfi ÍÚ hefðu sagt honum og samstarfsmönnum hans frá afskiptum kæranda. Engin vísbending væri í gögnum málsins um að réttmæt viðskiptasjónarmið hefðu ekki getað legið því til grundvallar að lánveitingu var hafnað. Yfirtaka hinna nýju hluthafa hefði leitt til talsverðra átaka sem valdið hefðu nokkurri óvissu um framtíð ÍÚ, en allt benti til að því hefði lokið farsællega.

Hvað varðar hin umdeildu ummæli, þá tók Hæstiréttur fram að hinum síðari ummælum hefði ekki verið beint að kæranda sérstaklega. Hvað hin fyrri snertir tók hann fram að þau hefðu ekki lotið að því með hvaða hætti ákvarðanir hefðu verið teknar innan bankans, heldur aðeins að óformlegum útskýringum starfsmanna hans – í raun hefði engin formleg skýring verið borin fram á afturköllun lánstilboðsins. Stefndi yrði aðeins krafinn um að sýna fram á hvað forsjármönnum félagsins hefði



## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

verið sagt, með skýrslutökum af starfsmönnum bankans. Það myndi ekki duga honum að taka skýrslur af hans eigin samstarfsmönnum, hann yrði að kalla viðkomandi bankastarfsmenn til vitnisburðar fyrir dómi. Því hefði stefndi neitað, í því skyni að hlífa þeim við óþægindum, sem væri skiljanlegt með tilliti til þeirrar þagnarskyldu sem mælt væri fyrir um í 43. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði, er gilti um bankastarfsmenn, og þess að þeir gætu verið tregir til vitnisburðar um háttsemi sem bankaráðsmenn teldu sér til hnekkis eða jafnvel vera lögbrot af þeirra hálfu. Einkum með tilliti til þess samhengis sem hin umdeildu ummæli höfðu verið sett fram í, nægðu hagsmunir kæranda af ómerkingu þeirra vart til að krefjast vitnisburðar af starfsmönnum bankans. Taldi Hæstiréttur að ekki yrði lagt á stefnda að færa fram sönnun fyrir þessum ummælum, þar sem það gæti talist óhæfilegum erfiðleikum bundið fyrir hann. Þegar litið væri til áberandi stöðu hans innan Sjálfstæðisflokksins og þess að hann hefði einnig setið í bankaráði Landsbankans og verið formaður útvarpsréttarnefndar, tilnefndur af Sjálfstæðisflokknum og kosinn af Alþingi, og þeirrar kröfu að störf hans á þessum sviðum væru óháð starfi hans sem framkvæmdastjóra flokksins, yrði hann að una því að um þessi tengsl væri fjallað á opinberum vettvangi. Bæri að fara varlega í öllum tilraunum til að hefta slíka umræðu. Í sératkvæði sínu sagði Garðar Gíslason hæstaréttardómari meðal annars að það hefði varla orðið erfitt hinum stefnda greinarhöfundi að kveðja bankastarfsmennina til vitnisburðar. Áfrýjandi hefði óskað þess, og ekki yrði því heldur haldið fram að þeir væru þar með að bregðast þagnarskyldu um neitt sem leynt ætti að fara, sbr. 43. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Ekki hefði verið sýnt fram á að óhæfileg byrði yrði lögð á stefnda með því að krefja hann sönnunar.

### 2. Kæran

Kærandi kvartaði undan því að dómstólar landsins hefðu brotið gegn rétti hans til æru- og mannorðsverndar skv. 8. gr. sáttmálans, og hefðu þeir lagt sönnunarbyrði á hann, andstætt 6. gr. Í tengslum við báðar greinar bar hann einnig fyrir sig 14. gr.

### 3. Lagaatriði

A. *Kæra um brot á 8. gr. sáttmálans*

8. gr. sáttmálans er svohljóðandi:

„1. Sérhver maður á rétt á friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta.

2. Opinber stjórnvöld skulu eigi ganga á rétt þennan nema samkvæmt því sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, almannaeilla, eða efnalegrar farsældar þjóðarinnar til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra.“

Kærandi hélt því fram að andstætt ofangreindri grein sáttmálans hefðu dómstólar landsins látið hjá líða að veita æru hans og mannorði fullnægjandi vernd. Þótt hann hefði ekki stöðu kjörins stjórnmalamanns gæti hann fallist á að sem framkvæmdastjóri valdamíkils stjórnmalaflokks og stjórnarmaður í Landsbanka Íslands

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

væri hann, líkt og þeir, „opinber persóna“. Engu að síður ætti hann að fá að njóta verndar gegn ásökunum um háttsemi sem væri ólögleg og svívirðileg, ef þær ásakanir fengju staðist. Hinar umdeildu ásakanir væru staðhæfingar um atvik, sem engar sannanir styddu, en ekki staðhæfingar um gildismat, og gengju jafnvel út fyrir hina víðfeðmu vernd tjáningarfrelsis skv. 10. gr.

Dómstóllinn tekur fram í öndverðu að því var ekki haldið fram að hin umdeilda fréttamufjöllun sem slík hefði skert friðhelgi einkalífs kæranda, heldur aðeins mannorð hans í starfi hans og stöðu. En 8. gr. tryggir ekki, eins og 17. gr. Alþjóðasamnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi frá 1966 gerir, vernd æru og mannorðs berum orðum. Vissulega er hugtakið „einkalíf“ víðfeðmt, eins og dómstóllinn hefur áður tekið fram, og verður ekki skilgreint á tæmandi hátt. Það nær yfir efnisleg og sálræn eða siðferðileg heilindi (sjá *X og Y gegn Hollandi*, dómur 26. mars 1985, A-deild nr. 91, bls. 11, § 22; *Rainen gegn Finnlandi*, dómur 16. desember 1997, *Reports of judgments and decisions*, 1997-VIII, § 63), og getur stundum tekið til þátta varðandi auðkenni einstaklings í samfélaginu (sjá *Mikuli gegn Króatíu*, nr. 53176/99, § 53, ECHR 2002-I; og til nánari umfjöllunar um dómaframkvæmdina sjá *Pretty gegn Bretlandi*, nr. 2346/02, ECHR 2002-III, § 61). Hins vegar hefur dómstóllinn ekki til þessa talið, í neinu máli sem höfðað er með vísan til 8. gr. sáttmálans, að sú grein feli í sér rétt til æru- og mannorðsverndar sem slíkan; þar sé um að ræða hagsmuni sem taka megi tillit til ef kvartað er undan misbresti á að ríki tryggi „rétt til friðhelgi einkalífs“ (sjá til dæmis *Sidabras og D\_iautas gegn Litháen*, nr. 55480/00 og 59330/00, § 49, ECHR 2004-...; *Mustafa Gürsel Aslan gegn Möltu*, (ákv.) nr. 29493/95, 3. febrúar 2000; og *Michael Marlow gegn Bretlandi*, (ákv.) nr. 42015/98, 5. desember 2000; *Rotaru gegn Rúmeníu* [G.C.], nr. 28341/95, § 44, ECHR 2000-V; *Fayed gegn Bretlandi*, (ákv.) nr. 17101/01, og dóm frá 21. september 1994, A-deild nr. 294-B, bls. 50-51, § 67). Jafnframt staðfesti dómstóllinn, í máli *Chauvy o. fl. gegn Frakklandi* (nr. 64915/01, § 70, ECHR 2004-...), sem varðaði kæru um brot á 10. gr. sáttmálans, að „þegar dómstóllinn fer með eftirlitshlutverk sitt sem evrópsk stofnun verður [hann] að ganga úr skugga um hvort yfirvöld hafi gætt sanngjarns jafnvægis við vernd þeirra tveggja gilda sem kunna að rekast á í máli af þessu tagi, þ.e. annars vegar tjáningarfrelsis, sem 10. gr. verndar, og hins vegar réttar þess fólks, sem ráðist er á í bókinni, til verndar á mannorði sínu, réttar sem nýtur verndar 8. gr. sáttmálans sem þáttur í vernd á friðhelgi einkalífs“ (sjá enn fremur *Abeberry gegn Frakklandi* (ákv.) nr. 58729/00, 21. september 2004). Samt álitur dómstóllinn að jafnvel þótt gert væri ráð fyrir því að mál þetta félli undir svið 8. gr. hefði niðurstaða Hæstaréttar Íslands þess efnis að tjáningarfrelsishagsmunir hefðu yfirgnæfandi vægi mátt teljast eðlileg.

Í þessu sambandi ber að leggja áherslu á að ekki var deilt um að bankinn hafði hafnað öllum frekari fjármálaviðskiptum við ÍÚ, og hafði ekki tilgreint neinar formlegar ástæður fyrir því. Enn fremur var ljóst að venjulega féll það ekki undir verk-svið kæranda sem bankaráðsmanns að taka þátt í meðferð einstakrar lánsúmsóknar. Kærandi þverneitaði að hafa átt nokkurn þátt ákvörðuninni og gat leitt fram vitni því til staðfestingar, en höfundur greinarinnar byggði á ótilgreindum heimildarmönnum

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

meðal starfsmanna bankans, sem sögðu að kærandi hefði verið andvígur hvers kyns viðskiptum sem þriðji maður, J.Ó., ætti hlut að. Hæstiréttur taldi að hinn stefndi höfundur yrði aðeins krafinn um að sýna fram á að þetta hefðu bankastarfsmennirnir sagt. Hins vegar hefðu aðstæður verið þannig að hagsmunir kæranda nægðu ekki til að réttlæta að sú byrði yrði lögð á stefnda. Stefndi hafði hafnað því að koma heimildarmönnum sínum í bobba með því að fara fram á vitnisburð þeirra, og hvað sem öðru leið var þeim sennilega óljúft að bera vitni um háttsemi bankaráðsmanns sem hann teldi óviðeigandi eða ólöglega.

Taka verður fram að ummælin sem urðu tilefni málssóknarinnar tengdust óvefngjanlega málefni sem varðaði almannahag, nefnilega hvað Landsbankanum, sem er meðal helstu íslenskra banka, gekk til með að hafna öllum viðskiptum við ákveðið fyrirtæki. ÍÚ, sem rak fjölmiðla í landinu. Greinin var birt í tengslum við almennar umræður þar sem forsætisráðherra Íslands og aðrir leiðtogar Sjálfstæðisflokksins höfðu gagnrýnt öflun erlends hóps á hlutafé í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins. Tilgangurinn var sá að bregðast við þeirri gagnrýni með því að leggja áherslu á hvernig forystumenn þess flokks höfðu áður hagað málum.

Dómstóllinn tekur einnig fram að efni hinnar umdeildu umræðu var pólitískis eðlis. Hafa ber í huga að samkvæmt dómaframkvæmd Strassborgardómstólsins veitir 2. mgr. 10. gr. sáttmálans lítið svigrúm til takmörkunar á pólitískri umræðu eða almennri umræðu um málefni sem almannahag varða (sjá *Lingens gegn Austurríki*, dómur 8. júlí 1986, A-deild nr. 103, bls. 25 og 26, §§ 38 og 42; *Wingrove gegn Bretlandi*, dómur 25. nóvember 1996, *Reports 1996-V*, bls. 1957, § 58; *Sürek gegn Tyrklandi (nr. 1)* [GC], nr. 26682/95, § 61, ECHR 1999-IV; *Hinn sameinaði kommúnistaflokkur Tyrklands o.fl. gegn Tyrklandi*, dómur 30. janúar 1998, *Reports of Judgments and Decisions 1998-I*, bls. 22, § 45; *Nilsen og Johnsen gegn Noregi* [GC], nr. 23118/93, § 46, ECHR 1999-VIII). Að auki beindust hin gagnrýnu ummæli að kæranda sem „opinberri persónu“ og manni sem tók þátt í stjórnmálum vegna hins tvöfalda hlutverks síns sem formanns bankaráðs og framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins (sjá *Fressoz og Roire gegn Frakklandi* [GC], nr. 29183/95, § 50, ECHR, 1999-I, og *Lingens*-dóminn, sem áður er vitnað til, § 42). Þar sem hann hafði sjálfur sett sig í þá stöðu að öll hans orð og gerðir yrðu gaumgæfð af bæði fjölmiðlum og almenningi, mátti með sanngirni ætlast til þess af honum, að hann sýndi ádeilu á það hvernig hann fór með þessi hlutverk meira umburðarlyndi en hver annar almennur borgari.

Með ofangreint í huga telur dómstóllinn ekki að kvörtunarefni kæranda um þær sönnunarkröfur Hæstaréttar, sem lutu að því að hvaða marki mátti ætlast til þess af höfundi greinarinnar að hann sannaði réttmæti ásakana sinna um ástæður synjunar bankans, hafi verið til þess fallið að vekja upp álitæfni um hvort réttur hans til einkalífs skv. 8. gr. var virtur. Af því leiðir að skv. 3. og 4. mgr. 35. gr. sáttmálans verður að vísa þeim hluta kærunnar frá sem augljóslega illa grunduðum.

### B. Kæra um brot á 6. gr. sáttmálans.

Kærandi taldi enn fremur að dómstólar heimalandsins hefðu, með því að krefj-

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

ast þess ekki af stefnda að hann færði sönnur á fullyrðingar sínar, snúið sönnunarbyrði við, og þannig neitað honum um réttarfarslegt jafnrétti í andstöðu við 6. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn áréttar þó að landslög ráða sönnunarfærslu fyrst og fremst, og það er aðallega hlutverk dómstóla í heimalandinu að meta þau sönnunargögn sem fram eru færð. Hlutverk þessa dómstóls er að ganga úr skugga um að málsmeðferðin í heild sinni, þar með talin sönnunarfærsla, hafi verið réttlát (sjá t.d. *Edwards gegn Bretlandi*, dómur 16. desember 1992, A-deild nr. 247-B, bls. 34-35, § 34; *S.N. gegn Svíþjóð*, nr. 34209/96, § 44, ECHR 2002-V). Að áliti dómstólsins hefur ekkert komið fram í þessu máli sem bendir til þess að kröfur 6. gr. sáttmálans um réttláta málsmeðferð hafi ekki verið virtar. Verður því einnig, skv. 3. og 4. mgr. 35. gr. sáttmálans, að vísa þessum hluta kærunnar frá sem augljóslega illa grunduðum.

*C. Kæra um brot á 14. gr. sáttmálans í tengslum við 6. og 8. gr.*

Kærandi taldi einnig, í aðalatriðum með tilvísun til sömu málsatvika og kvartað að var undan í tengslum við 6. og 8. gr. sáttmálans, að hann hefði, andstætt 14. gr. sáttmálans, sætt mismunun vegna félagslegrar stöðu sinnar.

Hins vegar telur dómstóllinn, af ofangreindum ástæðum og að því marki sem álitafnið fellur undir lögsögu hans, að í þeirri kvörtun komi ekki fram nein vísbending um mismunun í andstöðu við 14. gr. Þar af leiðir að þessum hluta kærunnar verður einnig, skv. 3. og 4. mgr. 35. gr. sáttmálans, að vísa frá sem augljóslega illa grunduðum.

Af ofangreindum ástæðum ákveður dómstóllinn samhljóða að kærán sé ótæk til meðferðar.

### **Leyla Sahin gegn Tyrklandi**

**Dómur frá 10. nóvember 2005 - Yfirdeild**

**Mál nr. 44774/98**

**Sjá reifun dómsins undir 9. gr.**

***Bann við notkun höfuðklúta. Réttur til aðgangs að háskóla. Mismunun vegna trúarbragða.***

### **Shofman gegn Rússlandi**

**Dómur frá 24. nóvember 2005**

**Mál nr. 74826/01**

**8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

***Mál til vefingingar á faðerni barns. Málshöfðunarfræstur.***

#### **1. Málsatvik**

Kærandi, Leonid Mikhaylovich Shofman, er rússneskur og þýskur ríkisborgari, fæddur 1957 og búsettur í Þýskalandi. Hann bjó ásamt eiginkonu sinni í Rússlandi og ól hún son þann 12. maí 1995. Var kærandi skráður faðir barnsins. Í mars 1996

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

flutti kærandi til Þýskalands. Í september 1997 tilkynnti eiginkona hans honum að hjónabandi þeirra væri lokið og að hún myndi sækja um meðlag með barninu. Á svipuðum tíma bentu ættingjar kæranda hans honum á að láta á það reyna hvort hann væri í raun og veru faðir barnsins. Kærandi sótti um skilnað og höfðaði dómsmál til vefengingar á faðerni þann 16. desember 1997.

Á grundvelli niðurstaðna DNA-rannsóknar taldi dómstóll að kærandi gæti ekki verið faðir barnsins en þar sem málshöfðunarfrestur í slíkum málum væri samkvæmt lögum eitt ár frá fæðingu barns var málinu vísað frá. Dómurinn var staðfestur við áfrýjun og í september 2002 var fallist á meðlagskröfu fyrirverandi eiginkonu kæranda.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi byggði á því að með því að málssóknarréttur hans til vefengingar á faðerni barns hefði fallið niður samkvæmt lögum hefði réttur hans skv. 8. gr. sáttmálans verið brotinn.

#### *Niðurstaða*

Dómstóllinn tók fram að málshöfðunarfrestur í vefengingarmálum gæti verið réttlætanagerur í því skyni að tryggja að ekki ríki óvissa um fjölskyldubönd og til að vernda hagsmuni barnsins. Hins vegar hefði dómstóllinn hingað til aðeins fengið til skoðunar mál þar sem kærandi hefði vitað með vissu eða haft ástæðu til að ætla frá fyrsta degi að hann væri ekki faðir tiltekins barns, en ekki gripið til aðgerða til að vefengja faðerni innan lögmalets málshöfðunarfrests. Aðstæður kæranda í þessu máli væru ólíkar þeim málum að því leyti að kæranda grunaði ekki að drengurinn væri ekki sonur hans og hann ól hann upp sem sitt barn í tvö ár frá fæðingu.

Kærandi hefði haft rétt til þess að höfða mál til vefengingar faðernisviðurkenningunni hefði hann höfðað mál innan árs frá fæðingu barnsins. Rússnesku hjúskapar- og sifjalögin heimiluðu engar undantekningar frá umræddum málshöfðunarfresti í sérstökum aðstæðum, eins og t.d. þegar eiginmanni hefði ekki orðið ljóst fyrr en meira en ári eftir fæðingu barns að hann kynni að vera ranglega talinn faðir þess. Slíkar undantekningar væru hins vegar fyrir hendi í öðrum aðildarríkjum sáttmálans. Dómstóllinn taldi ríkið ekki hafa fært fram neinar ástæður sem réttlættu að nauðsynlegt væri í lýðræðisríki að koma á svo fortaklausum málshöfðunarfresti.

Var það mat dómstólsins að það væri ekki í samræmi við kröfur um meðalhóf, miðað við þau markmið sem stefnt var að með málshöfðunarfrestinum, að kæranda væri útilokað að vefengja faðerni nema hann uppgötvaði það innan árs frá fæðingu að hann væri ranglega talinn faðir barns. Var það því niðurstaða dómstólsins að ríkið hefði ekki tryggt rétt kæranda til friðhelgi einkalífs og að brotið hefði verið gegn rétti kæranda skv. 8. gr. sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 6.000 evrur í miskabætur og 3.299 evrur í málskostnað á grundvelli 41. gr. sáttmálans.

Einn dómari skilaði séráliti.

## **Tuquabo-Tekle o.fl. gegn Hollandi**

**Dómur frá 1. desember 2005**

**Mál nr. 60665/00**

### **8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

***Innflytjendur. Sameining fjölskyldu.***

#### **1. Málsatvik**

Kærendur eru fimm hollenskir ríkisborgarar, Goi Tuquabo-Tekle, Adhanom Ghedlay Subhatu, Tarreke, Tmnit og Ablel Tuquabo og einn erítreskur ríkisborgari, Mehret Ghedlay Subhatu. Goi Tuquabo-Tekle er fædd 1963 og sonur hennar Adhanom Ghedlay Subhatu árið 1978. Eiginmaður Tuquabo-Tekle, Tarreke Tuquabo, er fæddur 1952, og börn þeirra tvö, Tmnit og Ablel, fædd 1994 og 1995. Þessir kærendur eru búsettir í Amsterdam. Kærandinn Mehret Ghedlay Subhatu, dóttir Tuquabo-Tekle, er fædd 12. nóvember 1981 og er búsett í Adi Hanso í Erítreu.

Þegar borgarastyrjöld geisaði í Eþíópíu, árið 1989, flúði Tuquabo-Tekle til Noregs þar sem hún fékk dvalarleyfi árið eftir. Þrjú börn hennar urðu eftir í umsjá vina og ættingja. Einungis elsti sonur hennar fékk að flytja til Noregs árið 1991. Tuquabo-Tekle hugðist fá hin börnin síðar til sín til Noregs.

Í júní árið 1992 gifti Tuquabo-Tekle sig og árið eftir fluttist hún ásamt syni sínum til Hollands til að vera hjá eiginmanni sínum. Þau eignuðust síðar tvö börn.

Í september árið 1997 var beiðni þeirra um tímabundið dvalarleyfi fyrir Mehret, dóttur Tuquabo-Tekle, hafnað. Þau kvörtuðu til utanríkisráðuneytisins sem hafnaði einnig beiðni þeirra á þeim grundvelli að nán fjölskyldubönd væru ekki lengur milli Tuquabo-Tekle og dóttur hennar. Sérstaklega var litið til þess að Tuquabo-Tekle hafði verið löglega búsett í Hollandi í nokkur ár þegar hún sótti loksins um að fá dóttur sína til sín.

Við áfrýjun komst dómstóll í Haag að þeirri niðurstöðu að 8. gr. sáttmálans legði ekki þær skyldur á ríkið að stuðla að sameiningu fjölskyldna á svæði þess. Jafnframt var talið að engar efnislegar ástæður mæltu gegn því að þeir fjölskyldu-meðlimir sem búsettir væru í Hollandi gætu flutt til Erítreu til að búa með Mehret þar.

#### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

##### ***Kæran***

Kærendur töldu brotið gegn friðhelgi einkalífs og fjölskyldu skv. 8. gr. sáttmálans þegar Mehret Ghedlay Subhatu var synjað um dvalarleyfi í Hollandi.

##### ***Niðurstaða***

Dómstóllinn taldi ljóst af gögnum málsins að Tuquabo-Tekle hefði alla tíð ætlað Mehret að koma til sín. Dómstóllinn féllst á það að hún hefði beðið með að sækja um leyfi til að sameina fjölskyldu sína í Hollandi þar sem hún stóð í þeirri trú að hún þyrfti fyrst að útvega vegabréf og samastað fyrir dóttur sína, en henni hafði verið ráðlagt svo af lögfræðingi sínum.

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Dómstóllinn leit til þess að Tuquabo-Tekle og eiginmaður hennar höfðu búið í Hollandi um nokkurra ára skeið og höfðu hollenskan ríkisborgararétt. Þau ættu einnig tvö börn sem hefðu einungis lágmarkstengsl við heimaland foreldra sinna. Dómstóllinn taldi því að besta leiðin til að kærendur gætu átt fjölskyldulíf saman væri að Mehret kæmi til Hollands.

Dómstóllinn taldi því að hollensk yfirvöld hefðu ekki gætt nægilegs jafnvægis milli þeirra hagsmuna fjölskyldunnar að vera sameinuð og hagsmuna ríkisins af því að hleypa Mehret ekki inn í landið.

Dómstóllinn komst því að þeirri einróma niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans og dæmdi kærendum samanlagt 8.000 evrur í miskabætur og 1.241 evrur vegna málskostnaðar á grundvelli 41. gr. sáttmálans.

### **Iletmið gegn Tyrklandi**

**Dómur frá 6. desember 2005**

**Mál nr. 29871/96**

**6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi**

**8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

*Málsmeðferð innan hæfilegs tíma. Ferðafrelsi. Svipting vegabréfs.*

#### **1. Málsatvik**

Kærandi, Nazmi Iletmiş, er tyrkneskur ríkisborgari, fæddur 1953. Árið 1975 fór hann til Þýskalands í háskólanám. Þar giftist hann konu, einnig tyrkneskum ríkisborgara, árið 1979 og áttu þau tvö börn saman, fædd 1981 og 1986, sem gengu í skóla í Þýskalandi.

Árið 1984 hófst opinber rannsókn gegn kæranda í Tyrklandi þar sem hann var sakaður um að vinna gegn hagsmunum tyrkneska ríkisins á erlendri grund. Hann var grunaður um að vera meðlimur í Félagi tyrkneskra námsmanna og hliðhollur samtökum Kúrda. Jafnframt var hann grunaður um að hafa tengsl við HEVRA (evrópsk samtök Kúrda um tyrkneska byltingu) og að vera einn af leiðtogum KOMKAR (samband verkamanna frá Kúrdistan).

Kærandi var handtekinn 21. febrúar 1992 þegar hann var staddur í Tyrklandi í heimsókn hjá fjölskyldu sinni. Vegabréf hans var gert upptækt og hann var í haldi lögreglu í sjö daga. Hann var látinn laus 27. febrúar en vegabréfinu var þó ekki skilað til hans. Í kjölfar handtöku kæranda kom fjölskylda hans frá Þýskalandi til Tyrklands.

Í apríl 1992 var kærandi ákærður fyrir aðskilnaðaraðgerðir gegn ríkinu og var gert að koma fyrir rétt í Tyrklandi. Meðan á réttarhöldunum stóð sótti hann nokkrum sinnum um vegabréf til embættis héraðsstjóra. Þeim umsóknum var hafnað. Honum var sagt að honum yrði afhent vegabréfið ef hann gæti framvísað skjali frá dómstólum sem staðfesti að það væri ekkert því til fyrirstöðu að hann yfirgæfi Tyrkland meðan á réttarhöldunum stæði. Þegar hann sótti hins vegar um slíkt skjal til dómstólsins fékk hann þau svör að rétturinn gæti aðeins vottað réttarhöldin yfir honum stæðu enn yfir.

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Þar sem ekki voru næg sönnunargögn gegn kæranda var hann sýknaður af dómstólum 1. júlí 1999. Að því búnu var gefið út vegabréf handa honum og hann sneri aftur til Þýskalands ásamt fjölskyldu sinni. Hann er núna búsettur í Tyrklandi ásamt eigin konu sinni, en uppkomin börn þeirra búa í Þýskalandi.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi taldi að lengd réttarhaldanna yfir honum hefði brotið gegn réttindum hans skv. 1. mgr. 6. sáttmálans. Jafnframt taldi hann að bannið við því að hann yfirgæfi Tyrkland hefði brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

#### *Niðurstaða*

Um 1. mgr. 6. gr.: Dómstóllinn leit til þess að meðferð málsins tók um 15 ár á einu dómstigi. Í ljósi málsatvika var talið að sá tími væri fram úr hófi og gæti ekki talist „háfilegur tími“ í skilningi 1. mgr. 6. gr. Dómstóllinn komst því að þeirri einróma niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr.

Um 8. gr.: Dómstóllinn taldi að svipting á vegabréfi kæranda takmarkaði friðhelgi einkalífs hans, sérstaklega í ljósi þess að nán persónuleg tengsl sem kærandi hafði biðu tjón af því að hann hafði ekki vegabréf. Dómstóllinn taldi að mælt hefði verið fyrir um takmörkunina í lögum og að með henni hefði verið stefnt að lögmaetu markmiði.

Dómstóllinn tók þá til skoðunar hvort takmörkunin hefði verið „nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi“ og leit til þess að á því 15 ára tímabili sem réttarhöldin stóðu yfir voru aldrei nein sönnunargögn meðal gagna málsins sem bentu til þess að um almannahættu eða hættu á afbrotum væri að ræða. Þar að auki var kærandi ekki á sakaskrá og var á endanum sýknaður. Að síðustu leit dómstóllinn til persónulegra haga kæranda og fjölskyldu hans þegar hann var búsettur í Þýskalandi og þeirrar óvissu sem hinar ótímabundnu aðgerðir voru til þess fallnar að valda í lífi þeirra.

Dómstóllinn leit til þess að ferðafrelsi, sérstaklega yfir landamæri, væri mikilvægur þáttur eðlilegs einkalífs, sérstaklega fyrir fólk eins og kæranda sem átti hafði fjölskyldu-, atvinnu- og fjárhagsleg tengsl við fleiri en eitt ríki. Taldi dómstóllinn því að þegar það frelsi væri skert af ríkinu án rökstuddrar ástæðu hefði ríkið brugðist skyldum sínum.

Dómstóllinn taldi að viðvarandi farbann kæranda gæti ekki talist þjóna brýnni samfélagslegri nauðsyn og færi fram úr því meðalhófi sem 8. gr. áskildi. Dómstóllinn komst því að þeirri einróma niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn dæmdi kæranda 25.000 evrur í miskabætur og fyrir fjártjón og 1.350 evrur vegna málskostnaðar á grundvelli 41. gr. sáttmálans.



## **Karadžić gegn Króatíu**

**Dómur frá 15. desember 2005**

**Mál nr. 35030/94**

**6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi**

**8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

*Haagsamningur um brottnám barna. Fullnusta dóms um afhendingu barns. Málsmeðferð innan hæfilegs tíma.*

### **1. Málsatvik**

Kærandi, Edina Karadžić, er ríkisborgari Bosníu og Hersegóvínu, fædd 1975 og búsett í Kehl í Þýskalandi. Samkvæmt þýskum lögum fer hún ein með forsjá sonar síns, N.D.K., sem fæddist utan hjónabands árið 1995.

Faðir barnsins, Ž.P., fluttist til Króatíu árið 1999 en kærandi og sonur hennar bjuggu áfram í Þýskalandi. Þegar kærandi var í heimsókn í Króatíu í maí árið 2000 kom Ž.P. í veg fyrir að hún gæti tekið son þeirra með sér til Þýskalands. Henni tókst að fara með hann til Þýskalands árið eftir, þann 8. september 2001. Tíu dögum seinna nam Ž.P. hins vegar son sinn á brott frá Þýskalandi og fór með hann aftur til Króatíu.

Í millitíðinni staðfesti dómstóll í Þýskalandi að ákvörðun Ž.P. um að halda barninu í Króatíu hefði verið „ölögmæt“ í skilningi 3. gr. Haagsamnings frá 1980 um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings milli landa. Ž.P. áfrýjaði án árangurs. Ríkissaksóknari í Þýskalandi hafði samband við félagsmálayfirvöld í Króatíu að beiðni kæranda. Fimm mánuðum seinna, í október 2001, hóf félagsmálastofnun undirbúning að því að barninu yrði skilað.

Þann 12. maí 2003 mælti dómstóll í Króatíu fyrir um að barninu skyldi skilað til móður sinnar en ekki var hægt að framfylgja dómnum þar sem barnið fannst ekki. Dómurinn óskaði eftir upplýsingum frá lögregluvöldum um dvalarstað barns og föður í þriggja og lagði dagsektir á Ž.P. þar sem hann þróaðist við að hlýða dómnum.

Í september 2004 neitaði Ž.P. að láta barnið af hendi þegar þrír lögreglumenn, réttarvörður og lögmaður kæranda komu að heimili hans. Honum tókst síðan að flýja af vettvangi með barnið. Hann var síðar settur í varðhald en tókst að flýja eftir að hafa verið fluttur á sjúkrahús.

Við fyrirtöku þann 2. febrúar 2005 var lokið málaferlum um að fá ákvörðun dómsins framfylgt eftir að lögmaður kæranda lýsti því yfir að barninu hefði verið skilað til móður sinnar. Kærandi hélt því hins vegar fram að hún hefði ekki vitað neitt um þessa fyrirtöku og að syni hennar hefði ekki verið skilað til hennar.

### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

#### ***Kæran***

Kærandi taldi að óskilvirkni króatískra yfirvalda og sérstaklega það hversu langan tíma það tók að fá fullnustu dómsins frá 12. maí 2003 hefði brotið gegn friðhelgi einkalífs og fjölskyldu hennar skv. 8. gr. sáttmálans. Jafnframt taldi hún að

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

lengd réttarhaldanna hefði verið fram úr hófi og þannig verið brotið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

### *Niðurstæða*

Dómstóllinn taldi að króatísk yfirvöld hefðu ekki aðhafst nægilega skjótt til að fullnusta dóminn sem mælti fyrir um að barninu yrði skilað til kæranda. Löng tíma-bil hefðu liðið þar sem ekkert var aðhafst og veitti ríkið engar sannfærandi skýringar á því. Dómstóllinn leit sérstaklega til þess að lögreglu yfirvöld hefðu ekki lagt sig nægilega fram um að finna Ž.P. og hafi honum tekist að sleppa úr haldi þeirra tvisvar sinnum. Þá voru einu viðurlögin sem lögð voru á Ž.P. sektir og skipun um að hann skyldi færður í varðhald og var hvorugu fylgt eftir.

Dómstóllinn lagði áherslu á að langur aðskilnaður og breyttar aðstæður gætu haft í för með sér óafturkræfar afleiðingar fyrir samband foreldris og barns sem eru aðskilin. Legði þetta þá skyldu á yfirvöld að bregðast skjótt við. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að yfirvöld hefðu ekki aðhafst nóg til að koma barninu aftur til móður sinnar.

Dómstóllinn komst því að þeirri einróma niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 8. gr. og ekki væri nauðsynlegt að skoða kærana sérstaklega í ljósi 1. mgr. 6. gr. Kæranda voru dæmdar 10.000 evrur í miskabætur og 8.000 evrur vegna málskostnaðar á grundvelli 41. gr.

## **Wisse gegn Frakklandi**

**Dómur frá 20. desember 2005**

**Mál nr. 71611/01**

### **8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

*Gæsluvarðhaldsfangar. Upptökur samtala við ættingja.*

#### **1. Málsatvik**

Kærendur, bræðurnir Jean-François Wisse, fæddur 1959, og Christian Wisse, fæddur 1952, eru franskir ríkisborgarar. Sem stendur afplána þeir refsíðoma í Frakklandi, annar til 25 ára og hinn til 20 ára, fyrir vopnað rán og morðtilraun árið 1992.

Kærendur voru handteknir 9. október 1998 vegna gruns um vopnað rán í tveimur bankaútibúum og voru þeir úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Á grundvelli heimildar sem gefin var út af rannsóknardómara voru símtöl kæranda og ættingja þeirra, í heimsóknarherbergjum fangelsisins, hleruð frá nóvember 1998 til febrúar 1999.

Kröfu kæranda um að fá ákvarðanir um upptökur símtalanna lýstar ógildar var hafnað af undirrétti og áfrýjunardómstóli.

#### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

##### ***Kæran***

Kærendur töldu að með upptökum á samtölum þeirra í heimsóknarherbergjum fangelsanna hefði verið brotið gegn friðhelgi einkalífs og fjölskyldu skv. 8. gr. sáttmálans.

**Niðurstaða**

Dómstóllinn taldi að hinar kerfisbundnu upptökur samtala kæranda í heimsóknarherberginu, í öðru skyni en að tryggja öryggi í fangelsinu, gerði að engu tilgang heimsóknarherbergisins, þ.e. að fangarnir gætu þar notið einhvers konar „einkalífs“, þar á meðal átt einkasamtöl við fjölskyldur sínar. Þau samtöl sem fóru fram í heimsóknarherberginu gætu þess vegna fallið undir hugtakið einkalíf.

Upptaka samtala kæranda við fjölskyldumeðlimi sína í heimsóknarherberginu og notkun þeirra fyrir dómi taldist til afskipta af einkalífi þeirra. Frönsk lög mæltu ekki fyrir um það á nógu skýran hátt hvernig og að hvaða marki yfirvöldum væri heimilt að grípa inn í einkalíf gæsluvarðhaldsfanga. Var því ekki mælt fyrir um takmörkunina á einkalífi kæranda með lögum í skilningi 2. mgr. 8. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi því að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans. Talið var að niðurstaðan sjálf væri kærendum nægar bætur fyrir miska.

Einn dómari skilaði sératkvæði.

---

## 9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

---

Leyla Sahin gegn Tyrklandi

Dómur frá 10. nóvember 2005 – Yfirdeild

Mál nr. 44774/98

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

10. gr. Tjáningarfrelsi

14. gr. Bann við mismunun

2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar

*Bann við notkun höfuðklúta. Réttur til aðgangs að háskóla. Mismunun vegna trúarbragða.*

### 1. Málsatvik

Kærandi, Leyla Sahin, er tyrkneskur ríkisborgari, fædd 1973. Hún hefur búið í Vín frá árinu 1999 og flutti þangað frá Istanbúl í Tyrklandi til að stunda framhaldsnám í læknisfræði við Vínarháskóla. Kærandi kemur úr hefðbundinni múslímskri fjölskyldu og telur það trúarlega skyldu sína að bera íslamskan höfuðklút.

Atvik málsins urðu þegar kærandi var nemandi á fimmta ári við læknadeild háskólans í Istanbúl. Þann 23. febrúar 1998 gaf stjórn háskólans út fyrirmæli þess efnis að öllum nemendum sem báru skegg eða íslamska höfuðklúta skyldi neitað að sækja fyrirlestra, námskeið og verkefnatíma. Í mars 1998 var kæranda neitað um próftöku í námskeiði sem hún sótti á þeim grundvelli að hún bæri íslamskan höfuðklút. Í kjölfarið neituðu skólayfirvöld að skrá hana í námskeið, heimila henni að sækja fyrirlestra eða taka próf. Þá var kærandi áminnt vegna brots hennar á reglum háskólans um klæðaburð og að lokum var henni vísað úr skólanum eina önn vegna þátttöku í mótmælafundi gegn umræddum reglum. Agaviðurlög kæranda voru hins vegar felld niður.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi taldi að bann við því að hún bæri hinn íslamska höfuðklút bryti gegn rétti hennar skv. 9. gr. sáttmálans og að henni hefði verið synjað um rétt til menntunar skv. 2. gr. 1. viðauka við sáttmálann. Þá byggði hún á því að brotið hefði verið á rétti hennar skv. 14. gr. sáttmálans, sbr. 9. gr. hans, með því að bann við því að bera íslamska höfuðklúta þvingaði hana og aðra nemendur til að velja á milli menntunar og trúarbragða. Væri þannig trúuðum og trúlausum mismunað. Ennfremur byggði kærandi kröfur sínar á 8. og 10. gr. sáttmálans.

#### *Niðurstaða deildar*

Þann 29. júní 2004 komst deild sjö dómara að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt 9. gr. sáttmálans og ekki þyrfti að

taka sérstaklega til skoðunar brot á 8. og 10. gr., 14. og 9. gr. saman eða 2. gr. 1. viðauka.

### *Niðurstaða yfirdeildar*

Um 9. gr.: Dómstóllinn taldi að umræddar reglur um klæðaburð sem meinuðu kæranda að bera íslamskan höfuðklút í háskólanum fælu í sér takmörkun á rétti hennar til að rækja trú sína.

Um það hvort takmörkunin hefði verið lögmælt vísaði dómstóllinn til þess að reglur háskólans hefðu verið gefnar út á grundvelli ramma sem fram kom í lögum og væru í samræmi við almennar reglur sem áður hefðu verið gefnar út. Kærandi byggði á því að reglurnar hefðu ekki verið í samræmi við önnur ákvæði laga þar sem mælt var fyrir um það að nemendum væri heimilt að klæða sig eins og þeim þóknadist, enda væri klæðaburðurinn ekki í andstöðu við ákvæði laga. Dómstóllinn tók fram að samkvæmt dómvenju hans vísaði hugtakið „lög“ til þeirra ákvæða sem í gildi væru á hverjum tíma eins og þar til bærir dómstólar hefðu túlkað þau. Í tengslum við þetta leit dómstóllinn til þess að stjórnlagadómstóll í Tyrklandi hafði skorið úr um það að frelsi til klæðaburðar í æðri menntastofnunum væri ekki algert. Þá hafi stjórnlagadómstóllinn talið að það að heimila nemendum að hylja háls sinn og hár með sjali eða höfuðklút vegna trúarstæðna í háskólum væri í andstöðu við ákvæði stjórnarskrár. Að mati dómstólsins gekk þetta fordæmi stjórnlagadómstólsins lengra en ákvæði það sem kærandi byggði á um frelsi til klæðaburðar. Umrætt fordæmi var ennfremur bæði bindandi og aðgengilegt, enda birt á fullnægjandi hátt. Þar að auki hefði æðsti stjórnarsýsludómstóll ítrekað talið að það að bera hinn íslamska höfuðklút samrýmdist ekki grundvallargildum ríkisins. Enn fremur hefðu reglur um notkun íslamskra höfuðklúta verið í gildi í háskólanum í Ístanbul a.m.k. frá árinu 1994 sem væri allnokkru áður en kærandi hafði skráð sig í skólann.

Að þessu virtu taldi dómstóllinn að lagastoð hefði verið fyrir takmörkuninni í tyrkneskum lögum og hefði kæranda átt að vera ljóst þegar hún skráði sig í háskólann að takmarkanir væru á notkun íslamska höfuðklútsins þar. Ennfremur hefði henni mátt vera ljóst að frá og með þeim degi sem reglurnar um klæðaburð voru birtar árið 1998 gat hún átt að hætta að vera neitað um aðgang að fyrirlestrum og prófum héldi hún áfram að bera hann.

Dómstóllinn taldi að umrædd takmörkun hefði að meginstefnu verið gerð í því lögmæta markmiði að vernda réttindi og frelsi annarra og til að tryggja almanna-reglu. Hvað varðaði nauðsyn takmörkunarinnar taldi dómstóllinn að hún væri sérstaklega byggð á grundvallarreglum um veraldarhyggju og jafnræði. Samkvæmt dómafórdæmum tyrkneska stjórnlagadómstólsins væri grundvallarreglan um veraldlegt ríki trygging lýðræðislegra gilda og forsenda frelsis og jafnaðar. Grundvallarreglan setti ríkinu skorður við því að hygla tilteknum trúarbrögðum eða sannfæringu umfram annað og leiðbeindi ríkinu í hlutverki sínu sem óhlutdrægur málamiðlari. Þá fæli hún í sér samvisku- og trúfrelsi. Grundvallarreglan verndaði ekki aðeins einstaklinga gegn umdeilanlegum afskiptum ríkisins, heldur einnig gegn utanaðkomandi þrýstingi frá öfghópum. Þá hefði stjórnlagadómstóllinn talið að frelsi manna

## 9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

til að rækja trú sína mætti takmarka til verndar þessum gildum og grundvallarreglum. Með sama hætti og deildin, taldi yfirdeild Mannréttindadómstólsins að grundvallarreglan um veraldlegt ríki samræmdest þeim gildum sem lægju mannréttinda-sáttmálanum til grundvallar. Líta mætti svo á að aðgerðir til verndar þeirri grundvallarreglu væru nauðsynlegar til verndar lýðræðislegu stjórnskipulagi í Tyrklandi.

Dómstóllinn leit einnig til þeirrar áherslu á vernd kvenréttinda sem fram kæmi í stjórnskipun Tyrklands. Jafnrétti kynjanna, sem væri viðurkennt af dómstólnum sem eitt grundvallargilda sáttmálans og markmið sem aðildarríkin ættu að stefna að, væri einnig viðurkennt af stjórnlagadómstól Tyrklands sem grundvallarregla sem fælist í þeim gildum sem tyrkneska stjórnarskráin hvíldi á.

Dómstóllinn taldi ennfremur að þegar metin væru álitamál tengd hinum íslamska höfuðklút í tyrknesku samhengi þyrfti að hafa í huga þau áhrif sem slíkt ták, sem lítið væri á sem trúarlega skyldu múslima að bera, hefði á þá sem velja að bera það ekki. Þau álitamál sem kæruefnið varðaði væru vernd réttinda og frelsis annarra sem og trygging almannareglu í landi þar sem meirihluti íbúa eru múslimar og þar sem lögð er mikil áhersla á réttindi kvenna og veraldlegt ríki. Líta mætti á takmarkanir á frelsi til að bera hinn íslamska höfuðklút í því skyni að vernda réttindi og frelsi annarra og almannareglu sem aðkallandi þjóðfélagslega þörf, sérstaklega í ljósi þess að umrædd trúartákn hefðu öðlast pólitísk mikilvægi í Tyrklandi á síðustu árum. Að þessu leyti taldi dómstóllinn vert að hafa í huga að í Tyrklandi hefðu öfgafull pólitísk samtök leitast við að þröngva trúartáknum sínum og hugmyndum um trúarlegt ríki upp á samfélagið.

Í ljósi alls framangreinds taldi dómstóllinn að það væri meginreglan um veraldarhyggju sem lægi til grundvallar banninu við því að bera trúartákn í háskólum. Í því samhengi þar sem grundvallargildi fjölhyggju, virðingar fyrir réttindum annarra og, sérstaklega, jafnréttis karla og kvenna væru kennd og iðkuð, væri skiljanlegt að viðkomandi yfirvöld teldu það ganga gegn þeim gildum að heimila að trúarlegur klæðnaður, líkt og hinn íslamski höfuðklútur, væri borinn á háskólasvæðinu.

Ljóst væri að múslimskir stúdentar nytu, innan þeirra marka sem skipulag námsins setti, frelsis til að rækja trú sína með venjulegu múslimsku helgihaldi. Auk þess hefðu ýmis fleiri form trúarlegs klæðaburðar verið bönnuð á yfirráðasvæði háskólans. Þegar álitamál um hvort nemendum háskóla væri heimilt að bera hinn íslamska höfuðklút komu fyrst upp í læknaðeild háskólans í Ístanbul árið 1994 hefðu háskólayfirvöld minnt nemendur á gildandi reglur. Þá hefðu háskólayfirvöld leitast við að aðlagast þeim aðstæðum sem uppi voru án þess að þurfa að banna fortakslaust þeim nemendum sem báru höfuðklútinn aðgang að skólanum. Hafði því allt ákvarðanatökufærlið sem endaði með reglunum um klæðaburð árið 1998 einkennst af samræði við þá sem reglurnar vörðuðu, en jafnframt viðleitni við að halda uppi reglu á háskólasvæðinu.

Að mati dómstólsins var það ekki hans að taka til endurskoðunar mat háskólayfirvalda á því hvernig best hefði mátt framfylgja reglunum. Þar sem dómstóllinn hafði komist að þeirri niðurstöðu að reglurnar hefðu þjónað lögmætu markmiði væri það ekki heldur hlutverk dómstólsins að beita meðalhófsmælikvarða á innri reglur

## 9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

stofnana með þeim hætti að þær næðu ekki því markmiði sínu. Réttindi skv. 9. gr. sáttmálans veittu ekki ávallt rétt til háttsemi í nafni trúarbragða og fælu ekki í sér rétt einstaklinga til að virða að vettugi reglur sem lögmætt og réttmætt hefði verið að setja.

Að þessu virtu og með tilliti til svigrúms aðildarríkjanna til mats taldi dómstóllinn að takmörkunin hefði verið réttlætanleg í grundvallaratriðum og í samræmi við kröfur um meðalhóf að teknu tilliti til þess markmiðs sem hún stefndi að. Af því leiddi að hún var talin nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Var það því niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn réttindum kæranda skv. 9. gr. sáttmálans.

Um 2. gr. 1. viðauka: Andstætt skoðun deildar í málinu taldi yfirdeild dómstólsins að með tilliti til sérstakra atvika málsins, mikilvægis réttarins til menntunar og stöðu aðila málsins gæfi kærufnið tilefni til skoðunar samkvæmt ákvæði 2. gr. 1. viðauka við sáttmálann óháð álitafnunum sem risu skv. 9. gr. sáttmálans. Um það hvort 2. gr. 1. viðauka ætti við í málinu lagði dómstóllinn áherslu á mikilvægi þess að sáttmálinn væri túlkaður þannig að réttindi samkvæmt honum væru raunhæf og skilvirk, en ekki fræðileg tálýsín. Sáttmálinn væri lifandi gerningur sem túlka bæri í ljósi aðstæðna á hverjum tíma. Þótt ákvæði 2. gr. 1. viðauka tryggði að meginstefnu til rétt til grunn- og framhaldsmenntunar væru ekki til skýr greinimörk sem aðskildu æðri menntun algerlega frá menntun á lægri stigum. Í þó nokkrum nýlegum samþykktum Evrópuráðsins hefði verið ítrekað mikilvægi og lykilhlutverk æðri menntunar í eflingu mannréttinda og mannfrelsis sem og til styrkingar lýðræðis. Þar af leiðandi væri erfitt að fmynda sér að æðri menntastofnanir féllu ekki undir gildissvið 1. másl. 2. gr. 1. viðauka. Þrátt fyrir að ákvæðið legði ekki þá skyldu á samningsríki að koma á fót æðri menntastofnunum væri hverju ríki sem það gerði skylt að tryggja raunhæfan rétt til aðgengis að þeim, væru þær fyrir hendi. Í lýðræðisþjóðfélagi væri rétturinn til menntunar, sem væri ómissandi fyrir framgang mannréttinda, svo mikilvægur að þrengjandi túlkun á 1. másl. 2. gr. 1. viðauka væri í ósamræmi við markmið og tilgang ákvæðisins. Þar af leiðandi taldi dómstóllinn að allar æðri menntastofnanir sem fyrir hendi eru á hverjum gefnum tíma falli undir gildissvið 1. másl. 2. gr. 1. viðauka, enda væri rétturinn til aðgangs að slíkum stofnunum samtvinnnaður þeim rétti sem greinin tryggði.

Þótt kærandi hefði verið innrituð til náms í skólanum og haft tækifæri til að velja sér námsgrein í samræmi við frammistöðu á inntökuprófi taldi dómstóllinn að réttur kæranda til menntunar hefði verið takmarkaður. Vísaði dómstóllinn um það til sömu röksemda og lágu til grundvallar þeirri niðurstöðu að um takmörkun á rétti kæranda skv. 9. gr. sáttmálans hefði verið að ræða. Eins og átti við um 9. gr. sáttmálans taldi dómstóllinn takmörkunina fyrirsjáanlega, í samræmi við lögmætt markmið og kröfur um meðalhóf. Var vísað til þess að þær reglur sem kærán varðaði hindruðu ekki nemendur í venjulegu trúarlegu helgihaldi. Þá hefði ákvarðanatökufærið sem lá að baki hinum umdeildu reglum fullnægt, að því marki sem til mætti ætlast, kröfum um að þeir hagsmunir sem að baki lágu yrðu vegnir og metnir. Háskólayfir-

## 9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

---

völd hafi leitast við að forðast að vísa þeim nemendum frá sem kusu að bera höfuðklútana á sama tíma og þau reyndu að framfylgja þeirri skyldu sinni að vernda réttindi annarra og hagsmuni menntakerfisins. Einnig taldi dómstóllinn að við ákvarðanatökuna hefði verið tryggt að reglurnar væru í samræmi við lög og að fyrir hendi væri réttur til endurskoðunar dómstóla sem miðaði að því að vernda hagsmuni nemenda. Að lokum taldi dómstóllinn að kærandi hefði mátt sjá fyrir að hún átti á hættu að vera meinad að sækja fyrirlestra og taka próf ef hún héldi áfram að bera hinn íslamska höfuðklút eftir 23. febrúar 1998.

Að þessu virtu taldi dómstóllinn að bann við því að bera hinn íslamska höfuðklút hefði ekki vegið að inntaki réttar kæranda til menntunar í ljósi niðurstöðu dómstólsins varðandi aðrar greinar sáttmálans. Þá taldi dómstóllinn bannið ekki stangast á við önnur réttindi kæranda samkvæmt sáttmálanum eða viðaukum við hann. Var það því niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn 2. gr. 1. viðauka.

Um 8., 10. og 14. gr.: Dómstóllinn taldi málsástæður kæranda varðandi brot á 8. og 10. gr. aðeins umorðaðar málsástæður fyrir broti á 9. gr. og 2. gr. 1. viðauka. Var það því niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn umræddum greinum.

Hvað varðaði kæru vegna brots á 14. gr. tók dómstóllinn fram að kærandi hefði ekki reifað málsástæður sínar nægilega fyrir yfirdeildinni að því er ákvæðið varðaði. Þá taldi dómstóllinn að reglum um notkun hins íslamska höfuðklúts hefði ekki verið beint sérstaklega að þeirri trú sem hún játaði, heldur hefðu þær verið settar í því lögmæta markmiði að vernda almannareglu og réttindi og frelsi annarra og að þeim hefði efnislega verið ætlað að vernda veraldlegt eðli menntastofnana. Með vísan til fyrri niðurstaðna dómstólsins hafi því ekki verið um brot á 14. gr. að ræða, hvorki einni út af fyrir sig né í tengslum við 9. gr. eða 2. gr. 1. viðauka við sáttmálann.

Prír dómarrar skiluðu séráliti.



---

## 10. gr. Tjáningarfrelsi

---

**I.A. gegn Tyrklandi**

**Dómur frá 13. september 2005**

**Mál nr. 42571/98**

**10. gr. Tjáningarfrelsi**

*Refsing fyrir umfjöllun um trúarleg málefni.*

### 1. Málsvik

Kærandi er tyrkneskur ríkisborgari, fæddur 1960 og býr í Frakklandi. Hann er eigandi og framkvæmdastjóri útgáfufyrirtækis. Í nóvember 1993 gaf hann út skáldsögu eftir Abdullah Riza Ergüven með heitinu *Hin forboðnu orð* þar sem fjallað var um heimspekileg og trúfræðileg málefni í skáldsagnarformi. Bókin var prentuð í 2000 eintökum.

Kærandi var ákærður fyrir brot gegn hegningarlögum vegna þess að bókinni birtust ummæli sem voru talin fela í sér móðgun við Guð, Trúna, Spámanninn og hina Heilögu bók. Þann 28. maí 1996 var kærandi sakfelldur og dæmdur í tveggja ára fangelsi. Var dómurinn síðar mildaður í sekt sem á þeim tíma samsvaraði 16 bandarískum dollurum. Dómstóllinn byggði niðurstöðu sína á matsgerð og útdrætti úr bókinni þar sem fram kom m.a. að: „sum orðanna hefðu auk þess verið innblásin af gleðivímu í örmum Aishu ...Sendiboði guðs hefði rofið föstu sína með kynmökum eftir mat og fyrir bænastund. Múhameð hefði ekki bannað kynmök við látna menn eða lifandi dýr.“

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi taldi að sakfelling hans og refsing hefðu brotið gegn tjáningarfrelsi hans skv. 10. gr. sáttmálsans.

#### *Niðurstaða*

Dómstóllinn taldi að sakfelling kæranda hefði takmarkað tjáningarfrelsi hans. Takmörkunin væri reist á lagaheimild og hefði verið gerð í því lögmæta markmiði að koma í veg fyrir glundroða og vernda siðgæði svo og rétt annarra.

Dómstóllinn benti á að skera þyrfti úr um hvort takmörkunin var nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Við það mat þyrfti að veða og meta andstæða hagsmuni, annars vegar grundvallarréttindi kæranda að miðla trúarlegum skoðunum sínum til almennings og hins vegar í grundvallarrétti annarra til virðingar fyrir hugsanafrelsi sínu, samvisku og trú.

Dómstóllinn tók fram að þeir sem kysu að nýta sér tjáningarfrelsi sitt, hvort sem þeir væru meðlimir trúarlegs meirihluta eða minnihluta, gætu ekki ætlast til þess að geta gert það án nokkurrar gagnrýni. Þeir yrðu að una því að aðrir höfnuðu þeim trúarskoðunum og prédíkuðu aðrar trúarkenningar

Hins vegar voru þau ummæli sem mál kæranda varðaði ekki aðeins hneykslan-

## 10. gr. Tjáningarfrelsi

---

leg og ögrandi heldur fólst í þeim bein árás á spámann Islam. Þrátt fyrir að nokkurt trúarlegt umburðarlyndi ríkti í tyrknesku samfélagi taldi dómstóllinn að trúaðir menn hefðu réttilega getað talið tiltekna kafla bókarinnar ástæðulausa og móðgandi árás á sig. Með tilliti til þessa taldi dómstóllinn að sakfelling kæranda hefði þjónað því markmiði að veita málefnum, sem múslimur telja afar mikilvæg, vernd gegn móðgandi árásum. Því hefði takmörkunin verið gerð af aðkallandi þjóðfélagslegri þörf. Dómstóllinn leit ennfremur til þess að tyrkneskir dómstólar hefðu ekki gert bókina upptæka og var hin tiltölulega lága sekt sem kærandi fékk talin hafa verið hófleg miðað við þau markmið sem takmörkunin stefndi að.

Dómstóllinn taldi því að ekki hefði verið brotið gegn 10. gr. sáttmálans.

Þrír dómarrar skiluðu séráliti.

### **Hirst gegn Bretlandi**

**Dómur frá 6. október 2005 - Yfirdeild**

**Mál nr. 74025/01**

**Sjá reifun dómsins undir 3. gr. 1. viðauka.**

*Takmörkun kosningaréttar. Fangar.*

### **Roche gegn Bretlandi**

**Dómur frá 19. október 2005 - Yfirdeild**

**Mál nr. 32555/96**

**Sjá reifun dómsins undir 8. gr.**

*Þátttakendur í gæstgjafum. Hermenn. Aðgangur að gögnum um persónulega hagi. Jákvæðar skyldur. Frelsi til að taka við upplýsingum. Réttindi að einkamálarétti. Hugtakið eign.*

### **Leyla Sahin gegn Tyrklandi**

**Dómur frá 10. nóvember 2005 - Yfirdeild**

**Mál nr. 44774/98**

**Sjá reifun dómsins undir 9. gr.**

*Bann við notkun höfuðklúta. Réttur til aðgangs að háskóla. Mismunun vegna trúarbragða.*

**Wirtschafts-Trend Zeitschriften-Verlagsgesellschaft mbH gegn Austurríki**  
**Dómur frá 13. desember 2005**  
**Mál nr. 66298/01 og 15653/02**  
**10. gr. Tjáningarfrelsi**  
**Meiðyrði. Myndbirting.**

**1. Málsatvik**

Kærandi, Wirtschafts-Trend Zeitschriften-Verlagsgesellschaft mbH, er eigandi og útgefandi vikuritsins „*Profil*“.

Í hefti sem kom út 15. júní 1998 birti kærandi grein um R, sem þá var þingmaður, og vinkonu hans, G. Greinin hét „Dagbók á flóttu“ og undirfyrirsögn var „Skýrsla. Ýmsar getgátur eru um för R til Brasilíu. Gamalkunnug atburðarás.“ Lýsti greinin flóttu parsins frá Austurríki þar sem R var grunaður um ýmis fjársvikabrot. Eftir handtöku R hafði G veitt nokkur viðtöl um atburðina. Greinin vísaði nokkrum sinnum til parsins sem „Bonnie og Clyde“ og birtist jafnframt mynd af G þar sem hún stóð við hlið R.

G kærði kæranda á grundvelli þess að með því að líkja þeim við glæpaparið fræga hefði verið gefið í skyn að hún hefði átt hlutdeild í brotum R. Í febrúar 2000 dæmdi dómstóll kæranda til að greiða 1.453 evrur auk málskostnaðar í bætur til G fyrir meiðyrði. Jafnframt var kærandi dæmdur til að birta útdrátt úr dóminum í blaði sínu.

Ári seinna lagði sami dómstóll á lögbann við því að kærandi birti myndir af G þar sem þeim R væri líkt við Bonnie og Clyde eða hún bendluð við glæpsamlega hegðun á nokkurn hátt. Kærandi áfrýjaði án árangurs.

**2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

**Kæran**

Kærandi taldi að sakfelling hans í meiðyrðamálinu og lögbann við frekari birtingu efnis brytu gegn tjáningarfrelsi hans skv. 10. gr. sáttmálans.

**Niðurstaða**

Hvað varðaði sakfellingu kæranda komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að greinin væri ekki til þess fallin að tengja G brotum R. Talið var að í ljósi innihalds greinarinnar og þess kaldhæðnislega stíls sem var á henni mætti hinum venjulega lesanda vera ljóst að „Bonnie og Clyde“ vísaði til pars sem var á flóttu. Því hefði kærandi ekki farið út fyrir mörk tilhlýðilegrar blaðamennsku. Dómstóllinn taldi jafnframt að með því að G hefði flúið með R og seinna veitt viðtöl varðandi efnið hefði hún stigið fram í sviðsljósið og þyrfti því að sæta slíkri umfjöllun frekar en aðrir. Auk þess hefði berum orðum verið tekið fram í greininni að G væri ekki grunuð um refsivert athæfi.

Hvað varðaði lögbannið við myndbirtingu komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að þær myndir sem um var rætt veittu engar upplýsingar um einkalíf G og hún hefði ekki verið á móti því að þær væru teknar. Jafnframt hefði ekki verið nein til-

## 10. gr. Tjáningarfrelsi

vísun til „Bonnie og Clyde“ í samhengi við myndirnar en greinin sem um ræddi var á annarri blaðsíðu. Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að ekki væri hægt að halda því fram að lesandi álitni að G hefði verið viðriðin brot R eftir að hafa lesið greinina.

Dómstóllinn taldi að austurrísku dómstólarnir hefðu farið út fyrir svigrúm sitt til mats þegar þeir sakkfelldu kæranda á grundvelli og lögðu lögbann á hann enda væru þær aðgerðir ekki nauðsynlegar í lýðræðislegu þjóðfélagi.

Dómstóllinn komst því að þeirri einróma niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 10. gr. MSE. Talið var að niðurstaðan sjálf fæli í sér nægar bætur til kæranda hvað varðar miska.

### **Kyprianou gegn Kýpur**

**Dómur frá 15. desember 2005 - Yfirdeild**

**Mál nr. 73797/01**

**6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi**

**10. gr. Tjáningarfrelsi**

**Lögmenn. Dómi sýnd óvirðing.**

#### **1. Málsatvik**

Kærandi, Michalakis Kyprianou, er kypverskur ríkisborgari, fæddur árið 1937 og búsettur í Nikósíu. Hann er lögmaður.

Kærandi var verjandi sakbornings sem var ákærður fyrir manndráp. Við meðferð málsins fyrir dómstól í Limassol 14. febrúar 2001 gerði dómurinn athugasemdir við spurningar sem hann lagði fyrir eitt vitna ákærvaldsins í málinu. Kæranda fannst dómstóllinn sýna sér vantraust og óskaði eftir því að hann yrði leystur undan störfum sínum sem verjandi í málinu. Þá sakaði hann dómara í málinu um að tala hver við annan meðan á skýrslutökunni stæði og skiptast á leynilegum orðsendingum.

Dómarnir lýstu því að með ummælum sínum hefði kærandi móðgað þá stórlega og persónulega. Þeir bættu því við að aldrei áður hefðu þeir orðið vitni að því að nokkur aðili, hvað þá lögmaður, sýndi dóminum slíka augljósa og óásættanlega óvirðingu og ef dómurinn brygðist ekki hart við teldu þeir það alvarlegt áfall fyrir réttlætið. Þeir gáfu síðan kæranda kost á að láta annaðhvort ummæli sín standa og þá rökstyðja hvers vegna þeir skyldu ekki ákveða honum viðurlög eða þá að taka aftur orð sín. Kærandi kaus að gera hvorugt.

Eftir stutt hlé á þinghaldinu lýsti dómstóllinn þeirri niðurstöðu sinni að kærandi hefði sýnt dóminum óvirðingu og dæmdi hann til fimm daga fangelsisrefsingar sem kæmi þegar til framkvæmda. Töldu dómarnir að þetta væru einu víðeigandi viðbrögðin við háttsemi kæranda, en ófullnægjandi viðbrögð af hálfu réttarkerfisins fælu í sér samþykki við því að grafið væri undan valdi dómstólanna.

Kærandi afplánaði fangelsisdóm sinn strax, hann var þó látinn laus fyrr, eins og gert var ráð fyrir í lögum. Afrýjun hans til Hæstaréttar var árangurslaus.

### 2. Meðferð málsins hjá yfirdeild Mannréttindadómstólsins

#### *Kæran*

Kærandi taldi að 1. mgr. 6. gr. hefði verið brotin því hann hefði ekki hlotið málsmeðferð fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstól þar sem sami dómstóll og taldi að hann hefði sýnt réttinum óvirðingu réttaði í máli hans og dæmdi. Hann byggði einnig mál sitt á 2. mgr. 6. gr. (sakleysi þar til sekt er sönnuð), a-lið 3. mgr. 6. gr. (réttur ákærða til vitneskju í smáatriðum um eðli og orsök þeirrar ákæru sem hann sætir) og 10. gr. sáttmálans.

#### *Niðurstaða deildar*

Þann 27. janúar 2004 komst deild 7 dómara að þeirri einróma niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 1., 2. og 3. mgr. 6. gr. sáttmálans og að ekki væri nauðsynlegt að skoða kærana sérstaklega frá sjónarhóli 10. gr. Dómstóllinn veitti kæranda 15.000 evrur í miskabætur og 10.000 evrur vegna málskostnaðar á grundvelli 41. gr.

#### *Niðurstaða yfirdeildar*

Um 1. mgr. 6. gr.: Dómstóllinn tók fyrst til skoðunar umkvörtun kæranda varðandi þá aðstöðu að dómaramanir sem töldu hann hafa sýnt sér óvirðingu voru þeir sömu og dæmdu honum viðurlög. Taldi dómstóllinn að hlutlægt séð mætti efast um óhlutdrægni dómara.

Mál kæranda varðaði óvirðingu gagnvart dóminum og var gagnrýni beint að dómurunum persónulega vegna þess hvernig þeir stýrðu réttarhöldunum. Þessir sömu dómamar tóku síðan ákvörðunina um að saka kæranda um þá háttsemi, þeir stýrðu réttarhöldunum vegna þeirrar háttsemi hans, sakfeldu hann og kváðu upp fangelsisdóm. Við slíkar aðstæður, þar sem hlutverk kæranda, vitnis, saksóknara og dómara blandast saman, er eðlilegt, sérstaklega í ljósi hinnar aldagömlu reglu um að enginn skuli vera dómari í eigin sök, að efast um óhlutdrægni dómsins.

Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að í ljósi atvika málsins og þess formgalla sem hafði á því verið mætti draga óhlutdrægni dómstólsins í efa. Ótti kæranda hvað þetta varðar var því talinn, hlutlægt séð, hafa getað átt rétt á sér.

Dómstóllinn tók síðan til skoðunar áskanir kæranda um að viðkomandi dómaramanir hefðu látið persónulegar skoðanir sínar ráða ferðinni. Sú áskun laut beint að hegðun dómara. Dómstóllinn leit til þess að dómaramanir lýstu því yfir í dómi yfir kæranda að þeir hefðu verið móðgaðir stórlega sem persónur. Sú yfirlýsing í sjálfu sér sýndi að dómaramanir hefðu verið persónulega móðgaðir vegna hegðunar kæranda og gaf til kynna að þeir hefðu tengst málinu persónulega. Að auki gaf orðalag dómara við uppkvaðningu dómsins til kynna hneykslun og áfall, sem er ekki í samræmi við þá stöðu sem ætlast er til af dómara við réttarhöld. Dómaramanir dæmdu síðan kæranda til 5 daga fangelsisvistar sem skyldi fullnusta þá þegar og lýstu því yfir að þeir teldu það einu viðeigandi viðbrögðin við því sem hafði átt sér stað. Að auki höfðu dómaramanir lýst því yfir snemma í orðaskiptum sínum við kæranda að þeir teldu hann hafa sýnt réttinum slíka óvirðingu að það varðaði refsingu. Eftir að hafa ákveðið að kærandi hefði framið slíkt brot gáfu þeir kæranda kost á að láta orðin

## 10. gr. Tjáningarfrelsi

standa og útskýra hvers vegna honum skyldi ekki refsað eða þá að draga orðin til baka.

Þó svo að dómstóllinn hafi ekki efast um að dómarnir hefðu haft að leiðarljósi að standa vörð um heilindi dómstólanna og réttarkerfisins í heild og því talið nauðsynlegt að fara með málið í þennan farveg, taldi dómstóllinn að þeir hefðu ekki getað nægilega aðskilið sig sem persónur frá aðstæðunum. Sú niðurstaða fær stoð í því hversu hröð réttarhöldin voru og hversu lítil samskipti áttu sér stað milli dómanna og kæranda.

Í ljósi þessa og þegar litið var til ýmissa þátta hegðunar dómanna í heild sinni komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að efasemdir kæranda varðandi hlutleysi dómstólsins ættu einnig rétt á sér hvað þetta atriði varðaði.

Að lokum leit dómstóllinn til þess að Hæstiréttur Kýpur bætti ekki úr þeim ágalla sem var á málsmeðferðinni.

Mannréttindadómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að dómstóllinn í máli kæranda hefði ekki verið óvillhallur í skilningi 1. mgr. 6. gr. sáttmálans og því brotið gegn ákvæðinu.

Um 2. mgr. og a-lið 3. mgr. 6. gr.: Dómstóllinn taldi engin sérstök álitafni rísa skv. 2. mgr. og a-lið 3. mgr. 6. gr. sem þyrfti að fjalla um.

Um 10. gr.: Dómstóllinn taldi að eins og málsatvikum var háttað þyrfti að skoða mál kæranda sérstaklega í ljósi 10. gr.

Kærandi var dæmdur til 5 daga fangelsisvistar. Það hlutu að teljast þung viðurlög, sérstaklega í ljósi þess að dómurinn skyldi þegar koma til framkvæmda. Hæstiréttur Kýpur lét síðan niðurstöðuna standa óhaggaða. Mannréttindadómstóllinn taldi að þótt hægt væri að túlka hegðun kæranda sem ákveðna óvirðingu í garð dómanna hefðu ummæli hans engu að síður einungis beinst að því hvernig viðkomandi dómara stýrðu réttarhöldunum þegar kærandi var að gagnsþyrja vitni í starfi sínu sem verjandi. Því taldi dómstóllinn að slík refsing væri fram úr hófi þung gagnvart kæranda og gæti haft í för með sér fælingaráhrif á frammistöðu lögmanna sem verjenda. Sú niðurstaða Mannréttindadómstólsins að formgallar hefðu auk þess verið á málsmeðferðinni sem leiddu til dóms yfir kæranda væri til þess fallin að auka enn á þann skort á meðalhófi.

Í ljósi þessa taldi dómstóllinn að í viðbrögðum kypverska dómstólsins hefði ekki verið gætt nægilegs jafnvægis á milli þeirrar nauðsynjar að standa vörð um vald dómstóla og nauðsynjar þess að vernda tjáningarfrelsi kæranda í starfi sínu sem lögmaður. Þótt kærandi hefði einungis aflánað hluta fangelsisvistarinnar breytti það ekki þeirri niðurstöðu. Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn tjáningarfrelsi kæranda skv. 10. gr. þar sem refsing hans hefði verið fram úr hófi þung.

Dómstóllinn dæmdi kæranda 15.000 evrur í miskabætur og 35.000 evrur vegna málskostnaðar á grundvelli 41. gr.

Sex dómara skiluðu séráliti.

---

## 11. gr. Funda- og félagafrelsi

---

**Ouranio Toxo o.fl. gegn Grikklandi**

**Dómur frá 20. október 2005**

**Mál nr. 74989/01**

**6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi**

**11. gr. Félaga- og fundafrelsi**

*Starfsemi stjórn málaflokks. Jákvæðar skyldur. Málsmeðferð innan hæfilegs tíma.*

### 1. Málsatvik

Kærendur eru stjórn málaflokkurinn Ouranio Toxo (Regnboginn) sem var stofnaður 1994 og tveir grískir ríkisborgarar, Pavlos Voskopoulos, fæddur 1964, og Petros Vassiliadis, fæddur 1960. Ouranio Toxo hefur m.a. haft það yfirlýsta markmið að standa vörð um makedónska minnihlutann í Grikklandi og hefur reglulega tekið þátt í kosningum síðan 1994. Í september 1995 voru höfuðstöðvar flokksins settar upp í Florina. Á svölum húsakynnanna var fest skilti þar sem nafn flokksins var ritað á þeim tveimur tungumálum sem töluð eru í héraðinu, þ.e. grísku og makedónsku. Á skiltinu stóð einnig *vino-zito* með slavnesku lettri sem þýðir regnbogi á makedónsku. Var það enn fremur vígð upppreisnarmanna sem reyndu að ná yfirráðum yfir Florina í borgarastyrjöldinni í Makedóníu.

Pann 12. september 1995 birtu prestar í Florina yfirlýsingu þar sem þeir skorðu á íbúa bæjarins að taka þátt í mótmælagöngu gegn óvinum Grikklands (kærendum) sem sett hefðu upp skilti með and-grískum áletrunum. Þar var þeirri skoðun enn fremur lýst að vísa bæri úr landi þeim sem stóðu fyrir því að setja upp skiltið. Daginn eftir birti bæjarstjórnin í staðarblöðum samþykkt sína um skipulögð mótmæli gegn kærendum. Þá fyrirskipaði saksóknari að skilti kærenda yrðu fjarlægð þar sem nafn flokksins ýtti undir óróa meðal íbúa svæðisins.

Lögregla fjarlægði skiltið 13. september 1995 án þess að kærendur fengju nokkrar skýringar en þeir hófust þá strax handa við að setja upp nýtt í staðinn. Kærendur héldu því fram að þetta kvöld hefði hópur manna safnast saman fyrir utan höfuðstöðvar flokksins og ráðist að þeim með móðgunum og hótunum, þar á meðal voru bæjarstjórinn og bæjarstjórnarmenn. Um nóttina hefði hópur fólks brotist inn í húsakynninn og ráðist á þá sem inni voru og krafist þess að fá skiltið í hendur. Urðu kærendur við þeim kröfum. Síðar um nóttina var aftur brotist inn og húsgögnum og tækjum hent út og eldur borinn að þeim.

Kærendur héldu því fram að meðan á þessum atburðum stóð hefðu þeir hringt á lögreglustöð, um 500 metra frá höfuðstöðvum flokksins, en fengið þau svör að engir lögreglumenn væru tiltækir. Saksóknari greip ekki til neinna aðgerða gagnvart þeim einstaklingum sem þátt tóku í atvikunum. Hins vegar voru kærendur og fleiri saksóttir fyrir brot á 192. gr. hegningarlaga fyrir að eigna til upppreisnar með því að hafa sett upp skilti með orðunum *vino-zito* sem leitt hefði til sundurlyndis meðal staðarbúa. Voru kærendur sýknaðir í september 1998.

## 11. gr. Funda- og félagafrelsi

Þann 5. desember 1995 kærðu kærundur þá sem stóðu að framangreindum árásum á höfuðstöðvar flokksins og óskuðu þess jafnframt að koma að borgararéttarlegum kröfum í málinu. Málinu var hins vegar vísað frá vegna skorts á sönnunargögnum. Kærundur áfrýjuðu málinu en var hafnað af áfrýjunardómstól 20. janúar 2003.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

#### *Kæran*

Kærundur töldu lengd meðferðar máls þeirra hafa brotið gegn rétti þeirra skv. 1. mgr. 6. gr. sáttmálans og að brotið gegn félagafrelsi þeirra skv. 11. gr. sáttmálans.

#### *Niðurstaða*

Um 11. gr.: Ouranio Toxo var löglega stofnaður stjórnmalaflokkur sem hafði það að markmiði að standa vörð um makedónska minnihlutann í Grikklandi. Að mati dómstólsins gat sú athöfn að setja upp skilti með nafni flokksins á makedónsku ekki talist refsiverð eða falið í sér yfirvofandi hættu fyrir almannaheill. Dómstóllinn féllst hins vegar á að notkun orðanna *vino-zito* hefði getað skapað andúð og falið í sér móðgun við pólitísk og þjóðernisleg sjónarmið bæjarbúa vegna tvíræðni þeirra. Hins vegar gæti hætta á því að spenna myndaðist milli manna innan tiltekens bæjarfélags eða héraðs vegna notkunar pólitískra vígorða á almannaþæri ekki ein og sér réttlætt takmörkun á félagafrelsi samkvæmt sáttmálanum.

Að mati dómstólsins höfðu bæjaryfirvöld greinilega hvatt íbúa Florina til að safnast saman og mótmæla flokki kæranda og hefðu sumir bæjarfulltrúar tekið þátt í mótmælunum. Hefðu þau þannig ýtt undir andúð gegn kærendum. Hlutverk stjórnvalda væri að vernda og styðja grundvallargildi lýðræðislegs þjóðfélags, svo sem fjölhyggju, umburðarlyndi og samstöðu. Því hefði þau að mati dómstólsins átt að stuðla að málamiðlun ólíkra sjónarmiða fremur en að ýta undir andúð og árekstra.

Dómstóllinn taldi að lögregluyfirvöld hefðu mátt sjá fyrir að spenna sú sem myndaðist gæti leitt til þess ofbeldis og brota á félagafrelsi sem raun varð á. Gríska ríkinu hefði því borið að grípa til viðeigandi aðgerða til að koma í veg fyrir eða að minnsta kosti halda ofbeldinu í skefjum. Þetta hefði ríkið hins vegar ekki gert. Þrátt fyrir að kærundur hefðu ítrekað haft samband við lögreglustöð í nágrenni við höfuðstöðvar flokksins greip lögregla ekki inn í atburðarásina aðfaranótt 14. september 1995, að sögn vegna manneklu lögreglu. Gríska ríkið hefði hins vegar engar skýringar fært fram á manneklu lögregluyfirvalda í ljósi þess að atburðir kvöldsins og næturinnar voru fyrirsjáanlegir. Þá leit dómstóllinn ennfremur til þess að saksóknari hefði ekki séð ástæðu til þess að hefja rannsókn á atvikum málsins í kjölfarið þannig að unnt hefði verið að meta refsiaþbyrgð þeirra sem þátt tóku í þeim. Var það ekki fyrir kærundur kærðu háttsemi þeirra aðila sem áttu þátt í árásum á höfuðstöðvar flokksins að rannsókn var hafin. Þegar réttur einstaklinga til félagafrelsis er takmarkaður af öðrum einstaklingum er það hins vegar ótvíræð skylda ríkja að tryggja að skilvirkri rannsókn á atvikum málsins sé hleypt af stokkunum.

Var það því niðurstaða dómstólsins að gríska ríkið hefði bæði með athöfnum sínum og athafnaleyzi brotið gegn rétti kæranda skv. 11. gr. sáttmálans.



## 11. gr. Funda- og félagafrelsi

---

Um 1. mgr. 6. gr.: Meðferð máls kæranda tók meira en 7 ár og einn mánuð og fór þá aðeins fram rannsókn á máli þeirra. Í ljósi þessa taldi dómstóllinn að lengd málsmeðferðar hefði verið úr hófi og ekki í samræmi við kröfur sáttmálans um hæfilega lengd meðferðar mála fyrir dómstólum.

Var það því niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti kæranda skv. 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans voru kændum dæmdar 2.000 evrur í miskabætur og 33.245 evrur í málskostnað.

Tveir dómáttarar skiluðu sérálitum.

---

## 12. gr. Réttur til að stofna til hjúskapar

---

**B og L gegn Bretlandi**

**Dómur frá 13. september 2005**

**Mál nr. 36536/02**

**12. gr. Réttur til að stofna til hjúskapar**

***Bann við hjúskap vegna fjölskyldutengsla.***

### 1. Málsatvik

Kærendur, karlinn B og konan L, eru breskir ríkisborgarar, fæddir 1947 og 1968 og búa í Bretlandi.

B giftist A en hjónaband þeirra lauk með skilnaði árið 1987. Áttu B og A soninn C saman. B giftist aftur en því hjónabandi lauk með skilnaði árið 1997.

L giftist C, syni B úr fyrri hjónabandi. Varð B því tengdafaðir L. Skildu L og C að borði og sæng árið 1995 og fengu lögskilnað í maí 1997. L og C eignuðust soninn W og er hann því barnabarn B.

Milli B og L þróaðist samband árið 1995 eftir að C hafði flutt út frá L og hafa B og L búið saman síðan 1996. W býr með þeim og hefur óreglulegt samband við C. W kallar B föður sinn þótt hann sé í raun afi hans. Áformar B að ættleiða W.

Í maí 2002 skrifaði B bréf til skrifstofu sifjamála og spurði hvort hann gæti kvænst L fyrrum tengdadóttur sinni. Var því neitað og kom fram í svari skrifstofunnar að kærendum væri óheimilt að giftast nema bæði A fyrrum eiginkona B og C fyrrum eiginmaður L væru látin.

Í framhaldi þessa leituðu kærendur lögfræðialits um hugsanleg úrræði vegna ákvörðunar sifjamálskrifstofunnar. Var þeim ráðlagt af lögmanni að engin úrræði væru gegn ákvörðuninni þar sem hún væri byggð á hjúskaparlögum frá 1949 og síðari breytingu frá 1986.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### ***Kæran***

Kærendur töldu rétt sinn skv. 12. og 14. gr. sáttmálans hafa verið brotinn þegar þeim var meinað að giftast.

#### ***Niðurstaða***

Dómstóllinn tók fram að takmörkun á rétti karls og konu til að giftast og stofna fjölskyldu mætti ekki vera þannig vaxin að inntak verndar ákvæðisins yrði skert.

Bann við hjúskap fyrrum tengdafaðgina hefði þá afleiðingu að B og L fengu hvorki félagslega né lagalega viðurkenningu á sambandi sínu. Sú staðreynd að hugsanlega kynnu þau að geta giftst ef fyrri makar þeirra létust var ekki talin draga úr þeirri takmörkun sem var fyrir hendi á rétti kærenda. Það sama átti við um þann möguleika að sækja um undanþágu frá banninu til þingsins eins og heimilt var samkvæmt lögum. Slík mál væru mjög fágæt, kostnaðarsamt væri að leggja út í þau og

## 12. gr. Réttur til að stofna til hjúskapar

ákvörðun um undanþágu ylti að öllu leyti á mati þingsins án þess að neinar reglur lægju fyrir um meðferð slíkra mála eða skýr fordæmi um úrlausn mála af þessu tagi.

Dómstóllinn taldi að bannið við því kærundur gengju í hjúskap stefndi að lög-  
mætu markmiði, þ.e. til verndar heilindum innan fjölskyldunnar. Það kæmi hins vegar ekki í veg fyrir að sambönd eins og kærenda mynduðust. Þá taldi dómstóllinn að þar sem ekki væri lögð refsing við samböndum tengdafólks gæti bannið við hjúskap tengdafólks ekki varnað því að W sonur L yrði fyrir tilfinningalegu eða andlegu tjóni vegna sambandsins.

Dómstóllinn vísaði til máls sem svipaði til máls kærenda þar sem hafði breska þingið hafði talið að bann við hjúskap sem þar var til umfjöllunar hefði ekki stefnt að neinu nauðsynlegu markmiði. Dómstóllinn taldi að ósamræmið sem væri á milli markmiðsins sem bann við hjúskap tengdafólks stefndi að og tilviljanakenndra undanþága sem hægt væri að fá frá banninu veikti þau rök sem væru að baki banni hjúskaparlaganna við þessar aðstæður.

Hvað varðaði þá stefnu þingsins að veita undanþágur frá banninu þegar ljóst væri að ekki yrði tjón af hjúskap tengdafólks rakti dómstóllinn að engar reglur lægju fyrir um þá ítarlegu rannsókn sem þyrfti að fara fram við slíka ákvarðanatöku um hagi þeirrar fjölskyldu sem ætti í hlut. Taldi dómstóllinn að slík málsmeðferð, sem bæði væri erfið og kostnaðarsömu, væri hvorki aðgengileg eða skilvirkt úrræði þar sem einstaklingar gætu sýnt fram á rétt sinn til að ganga í hjúskap. Ennfremur lýsti dómstóllinn efasemdum sínum um málsmeðferð þar sem lögráða og sjálfráða einstaklingum væri gert að gangast undir rannsókn um svo persónuleg mál til að kanna væri hvort viðeigandi væri fyrir þá að ganga í hjúskap.

Dómstóllinn taldi einróma, með tilliti til málsatvika, að brotið hefði verið gegn rétti kærenda samkvæmt 12. gr. sáttmálans. Með vísan til niðurstöðu sinnar varðandi 12. gr. taldi dómstóllinn kæruna ekki gefa tilefni til sérstakrar skoðunar um brot á 14. gr.

Kærundur kröfðust miskabóta án nánari tilgreiningar á fjárhæð bótakröfu. Dómstóllinn taldi að dómsniðurstaðan um brot á réttindum kærenda fæli í sér nægilegar bætur til þeirra vegna miska. Voru kærendum dæmdar 17.000 evrur í málskostnað á grundvelli 41. gr. sáttmálans.

---

### 13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

---

**Roche gegn Bretlandi**

**Dómur frá 19. október 2005 - Yfirdeild**

**Mál nr. 32555/96**

**Sjá reifun dómsins undir 8. gr.**

*Þátttakendur í gastilraunum. Hermenn. Aðgangur að gögnum um persónulega hagi. Jákvæðar skyldur. Frelsi til að taka við upplýsingum. Réttindi að einkamálarétti. Hugtakið eign.*

**Ramsahai gegn Hollandi**

**Dómur frá 10. nóvember 2005**

**Mál nr. 52391/99**

**Sjá reifun dómsins undir 2. gr.**

*Mannsbani vegna valdbeitingar lögreglu. Rannsókn. Sjálfsvörn.*

---

### 14. gr. Bann við mismunun

---

**Nachova o.fl. gegn Búlgaríu - Yfirdeild**

**Dómur frá 6. júlí 2005**

**Mál nr. 43577/98**

**Sjá reifun dómsins undir 2. gr.**

*Mannsbani vegna valdbeitingar lögreglu. Rannsókn. Mismunun á grundvelli kynþáttar. Öfug sönnunarbyrði.*

**Alatulkkila o.fl. gegn Finnlandi**

**Dómur frá 28. júlí 2005**

**Mál nr. 33538/96**

**Sjá reifun dómsins undir 6. gr.**

*Stjórn fiskveiða. Réttindi og skyldur að einkamálarétti. Aðgangur að dómstól. Takmarkanir á eignarétti. Mismunun.*

**Draon gegn Frakklandi og Maurice gegn Frakklandi**

**Dómur frá 6. október 2005 - Yfirdeild**

**Mál nr. 1513/03 og 11810/03**

**Sjá reifun dómsins undir 1. gr. 1. viðauka**

*Hugtakið eign. Lögætar væntingar. Eignasvipting. Réttur til skaðabóta.*

**Hirst gegn Bretlandi**

**Dómur frá 6. október 2005 - Yfirdeild**

**Mál nr. 74025/01**

**Sjá reifun dómsins undir 3. gr. 1. viðauka.**

***Takmörkun kosningaréttar. Fangar.***

**Roche gegn Bretlandi**

**Dómur frá 19. október 2005 - Yfirdeild**

**Mál nr. 32555/96**

**Sjá reifun dómsins undir 8. gr.**

***Þátttakendur í gastilraunum. Hermenn. Aðgangur að gögnum um persónulega hagi. Jákvæðar skyldur. Frelsi til að taka við upplýsingum. Réttindi að einkamálarétti. Hugtakið eign.***

**Kjartan Gunnarsson gegn Íslandi**

**Ákvörðun um meðferðarhæfi frá 20. október 2005**

**Mál nr. 4591/04**

**Sjá reifun dómsins undir 8. gr.**

***Vernd æru og mannorðs. Meiðyrði. Sönnunarbyrði.***

**Niedzwiecki gegn Þýskalandi og Okpisz gegn Þýskalandi**

**Dómur frá 25. október 2005**

**Mál nr. 58453/00 og 59140/00**

**8. gr. Friðhelgi einkalífs**

**14. gr. Bann við mismunun**

***Mismunun. Barnabætur. Innflytjendur.***

**1. Málsatvik**

Kærendur, Jaroslaw Niedzwiecki (44 ára) og hjónin Zbigniew (59 ára) og Halina Okpisz (48 ára), eru pólskir ríkisborgarar. Niedzwiecki býr í Póllandi en Zbigniew og Halina Okpisz í Þýskalandi.

Niedzwiecki: Niedzwiecki hefur dvalist í Þýskalandi síðan í febrúar 1987. Í janúar 1991 var honum veitt sérstakt takmarkað búsetuleyfi sem endurnýja mátti á tveggja ára fresti. Í júlí 1995 fæddist honum dóttir og sótti Niedzwiecki þá um barnabætur. Var beiðni hans hafnað þar sem hann fullnægði ekki þeim skilyrðum laga um barnabætur að innflytjendur hefðu ótakmarkað búsetuleyfi eða búsetuleyfi til bráðabirgða. Kærði hann ákvörðunina án árangurs. Í apríl 1997 var honum veitt ótakmarkað búsetuleyfi.

Okpisz: Árið 1985 komu hjónin Zbigniew og Halina Okpisz til Þýskalands með dóttur sína og hafa dvalið þar síðan. Sonur þeirra kom til þeirra ári síðar. Árið 1987 voru þeim veitt sérstök takmörkuð búsetuleyfi sem hafa verið endurnýjuð reglulega.

## 14. gr. Bann við mismunun

Í desember 1993 var Zbigniew tilkynnt að á grundvelli lagabreytinga sem tóku gildi frá og með 1. janúar 1994 ætti hann ekki rétt til barnabóta frá þeim tíma. Skaut hann þeirri ákvörðun til dómstóla án árangurs. Var málinu frestað þar til niðurstaða fengist í nokkrum prófmálum fyrir þýska stjórnlagadómstólnum. Niðurstaða stjórnlagadómstólsins þann 6. júlí 2004 í framangreindum málum var sú að 3. mgr. 1. gr. laga um barnabætur eins og þeim var breytt 1994 hefði brotið gegn jafnræðisreglu 1. mgr. 3. gr. hinna þýsku grundvallarlaga. Var löggjafanum því fyrirskipað að breyta barnabótalögunum ekki síðar en 1. janúar 2006. Taldi stjórnlagadómstóllinn þá ólíku meðferð foreldra, sem annars vegar höfðu stöðugt búsetuleyfi og hins vegar þeirra sem ekki höfðu það, skorta fullnægjandi réttlættingu. Þar sem réttur til barnabóta tengdist vernd fjölskyldulífs skv. 1. mgr. 6. gr. þýsku stjórnarskrárinnar þyrftu veigamiklar ástæður að standa til þess að réttlæta ólíka meðferð bótapega. Ekki var talið að sú staðreynd að einstaklingur hefði takmarkað búsetuleyfi fæli í sér fullnægjandi grundvöll til að áætla lengd dvalar viðkomandi í Þýskalandi. Engar aðrar málsástæður höfðu að mati stjórnlagadómstólsins komið fram af hálfu ríkisins er réttlætt gátu umrædda takmörkun á rétti til barnabóta.

Meðferð máls Okpisz var fram haldið í desember 2004 samkvæmt beiðni hans þar um en var aftur frestað ótímabundið í mars 2005 meðan beiðni var breytinga á barnabótalögunum.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

### *Kæran*

Kærandur höfðuðu málið á þeim grundvelli að þeim hefði verið neitað um barnabætur með breytingu laga um barnabætur frá 1. janúar 1994 en samkvæmt breytingunni áttu útlendingar aðeins rétt til barnabóta hefðu þeir ótakmarkað búsetuleyfi eða búsetuleyfi til bráðabirgða. Töldu kærandur að synjun ríkisins um barnabætur hefði mismunað þeim og byggðu á 8. og 14. gr. sáttmálans.

### *Niðurstaða*

Í málum beggja kæranda rakti dómstóllinn að samkvæmt dómaframkvæmd hans væri ekki um ólögmetna mismunun að ræða skv. 14. gr. sáttmálans ef mismunandi meðferð mætti réttlæta með hlutlægum og málefnalegum ástæðum, þ.e. að hún stefndi að lögmætu markmiði og gengi ekki lengra en þörf krefði í því skyni að ná því markmiði. Við mat á því hvort skilyrðum 14. gr. fyrir ólíkri meðferð væri fullnægt þyrfti ennfremur að líta til þess svigrúms sem aðildarríki sáttmálans hafa við mat á því hvort og að hvaða marki ólíkar aðstæður réttlæta ólíka meðferð einstaklinga eða lögaðila.

Það álitamál sem fyrir dómstólnum lá takmarkaðist við þá spurningu hvort þýsk lög í tilvikum kæranda hefðu takmarkað rétt þeirra samkvæmt sáttmálanum. Ekki var hins vegar lagt fyrir dómstólinn að meta almennt að hvaða marki réttlæt-anlegt væri að gera greinarmun á rétti innflytjenda til barnabóta vegna mismunandi skilyrða búsetuleyfa þeirra. Líkt og þýski stjórnlagadómstóllinn sá dómstóllinn ekki að fyrir hendi væru nægilega veigamiklar ástæður er réttlættu þann greinarmun sem

#### 14. gr. Bann við mismunun

---

gerður hafði verið á rétti innflytjenda til barnabóta á grundvelli þess hvort þeir höfðu stöðugt búsetuleyfi eða ekki. Var það einróma niðurstaða dómstólsins í báðum málunum að brotið hefði verið gegn rétti kæranda skv. 14. gr. og 8. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi niðurstöðu sína um að brotið hefði verið á framangreindum rétti kæranda fela í sér nægilegar bætur til þeirra. Þeim voru dæmdar 1.400 og 2.500 evrur í málskostnað á grundvelli 41. gr. sáttmálans.

#### **Leyla Sahin gegn Tyrklandi**

**Dómur frá 10. nóvember 2005 - Yfirdeild**

**Mál nr. 44774/98**

**Sjá reifun dómsins undir 9. gr.**

*Bann við notkun höfuðklúta. Réttur til aðgangs að háskóla. Mismunun vegna trúarbragða.*

#### **Bekos og Koutropoulos gegn Grikklandi**

**Dómur frá 13. desember 2005**

**Mál nr. 15250/02**

**Sjá reifun dómsins undir 3. gr.**

*Meðferð manna í haldi lögreglu. Mismunun á grundvelli kynþáttar. Rannsókn.*

---

### 34. gr. Kærur einstaklinga

---

**Mathew gegn Hollandi**

**Dómur frá 29. september 2005**

**Mál nr. 24919/03**

**Sjá reifun dómsins undir 3. gr.**

*Polandi brots. Gæsluvarðhald. Einangrun. Aðbúnaður fanga.*

**Capital Bank AD gegn Búlgaríu**

**Dómur frá 24. nóvember 2005**

**Mál nr. 49429/99**

**Sjá reifun dómsins undir 6. gr.**

*Lögsaga dómstóla. Gjaldþrot. Leyfi til bankastarfsemi. Almennar takmarkanir eignarréttar. Polandi brots.*

---

### 53. gr. Verndun núverandi mannréttinda

---

**Okyay o.fl. gegn Tyrklandi**

**Dómur frá 12. júlí 2005**

**Mál nr. 36220/97**

**Sjá reifun dómsins undir 6. gr.**

*Réttindi og skyldur að einkamálarétti. Synjun á fullnustu dóma. Umhverfisvernd. Takmörkun mannréttinda sem vernduð eru að landsrétti.*



---

## 1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

---

**Alatulkkila o.fl. gegn Finnlandi**

**Dómur frá 28. júlí 2005**

**Mál nr. 33538/96**

**Sjá reifun dómsins undir 6. gr.**

*Stjórn fiskveiða. Réttindi og skyldur að einkamálarétti. Aðgangur að dómstól. Takmarkanir á eignarrétti. Mismunun.*

**Draon gegn Frakklandi og Maurice gegn Frakklandi**

**Dómur frá 6. október 2005 - Yfirdeild**

**Mál nr. 1513/03 og 11810/03**

**6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi**

**8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

**14. gr. Bann við mismunun**

**1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar**

*Hugtakið eign. Lögættar væntingar. Eignasvipting. Réttur til skaðabóta.*

### 1. Málsatvik

Kærendur eru franskir ríkisborgarar, Christine og Lionel Draon, fædd 1962 og 1961, og Sylvía og Didier Maurice, fædd 1965 og 1962. Allir eru kærendur búsettir í Frakklandi. Sylvía og Didier Maurice komu einnig fram fyrir hönd dætra sinna sem eru 15 og 8 ára.

Kærendur eru allir foreldrar barna með alvarlega meðfædda fötlun. Vegna mistaka uppgötvaðist fötlunin ekki við skoðanir á meðgöngu. Höfðuðu kærendur skaðabótamál á hendur hlutaðeigandi heilbrigðisstofnunum á þeim grundvelli að vegna mistakanna hefðu þau orðið af þeim möguleika að láta eyða fóstrinu. Þann 7. mars 2002, eftir að kærendur höfðuðu málin, tóku gildi svokölluð „Kouchner-lög“ frá 4. mars 2002. Löggin voru afturvirk þar sem þau tóku til meðferðar dómsmála sem þegar höfðu verið höfðuð við gildistöku þeirra. Fengu kærendur því aðeins miskabætur og bætur vegna röskunar á stöðu og hógum, en ekki vegna þeirrar „sérstöku byrði“ sem af fötlun barnanna leiddi, s.s. vegna öflunar húsnæðis og bifreiða sem hentuðu þörfum þeirra. Fyrir gildistöku laganna hefðu hinar sérstöku fjárhagslegu byrðar verið bættar. Með lögum frá 11. febrúar 2005 var framangreindum lögum breytt í því markmiði að endurbæta bótareglur þeirra en þær breytingar höfðu ekki tekið gildi þegar málið var dæmt fyrir Mannréttindadómstólum.

Maurice-hjónin höfðuðu mál fyrir stjórnsludómstólum. Við flýtimeðferð málsins voru hjónunum ákvarðaðar svokallaðar bráðabirgðabætur að fjárhæð 152.499 evrur, sem voru þó lækkaðar við áfrýjun í samræmi við ákvæði „Kouchner-laganna“ sem höfðu tekið gildi í millitíðinni. Í desember 2001 dæmdi áfrýjunardómstóll hjónunum 50.000 evrur til bráðabirgða. Þann 25. nóvember 2003 dæmdi stjórn-

## 1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

sýsluundirréttur Maurice-hjónunum 224.500 evrur í miskabætur og vegna röskunar á stöðu og högum. Bótakröfu hjónanna vegna þeirrar „sérstöku byrði“ sem leiddi af fötlun barnsins var hafnað. Þau áfrýjuðu dómi undirréttar og beið mál þeirra meðferðar hjá áfrýjunarrétti þegar dómur Mannréttindadómstólsins gekk. Maurice-hjónin höfðuðu ennfremur mál á hendur franska ríkinu þar sem þau byggðu á því að með lögunum 4. mars 2002 hefði ábyrgð ríkisins stofnast gagnvart kærendum. Var málinu vísað frá undirrétti og bíður nú meðferðar fyrir áfrýjunardómstól.

Draon-hjónin höfðuðu mál fyrir stjórnsludómstólum. Við flýtimeðferð málsins voru kærendum ákvarðaðar bráðabirgðabætur. Á meðan málið var til efnismeðferðar tóku áðurgreind „Kouchner-lög“ gildi og var þeim beitt í málinu. Undirréttur dæmdi hjónunum bætur að fjárhæð 180.000 evrur vegna miska og röskunar á stöðu og högum. Ekki var fallist á að kærendur ættu rétt til bóta vegna þeirrar „sérstöku byrði“ sem leiddi af fötlun barnsins. Draon-hjónin áfrýjuðu dómi undirréttar og beið mál þeirra meðferðar hjá áfrýjunardómstóli þegar dómur Mannréttindadómstólsins gekk.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

### *Kæran*

Kærendur byggðu á því að með lögunum frá 4. mars 2002 hefði eignarréttur þeirra verið takmarkaður með þeim hætti að bryti gegn 1. gr. 1. viðauka sáttmálans um friðhelgi eignarréttar. Þá byggðu kærendur á 14. gr. sáttmálans á þeim grundvelli að með lögunum væri foreldrum barna sem ekki greinast með fötlun fyrir fæðingu vegna læknamistaka eða athafnar eða athafnaleysis þriðja aðila mismunað í samanburði við foreldra barna sem ekki greinast með fötlun fyrir fæðingu vegna annars konar gáleysis eða vanrækslu.

Ennfremur byggðu kærendur á því að með afturvirkri gildistöku laganna frá 4. mars 2002 hefði verið brotið á rétti þeirra til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi skv. 6. gr. sáttmálans. Þá töldu kærendur að hin afturvirka gildistaka laganna hefði skert rétt þeirra til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns skv. 13. gr. sáttmálans, enda hefðu lögin haft þau áhrif að kærendur gátu ekki lengur krafist bóta úr hendi heilbrigðisyfirvalda í París vegna þeirrar sérstöku byrði sem leiddi af fötlun barna þeirra.

Að lokum byggðu kærendur á því að með „Kouchner-lögunum“ hefði ríkið gengið á rétt þeirra til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu sem tryggt væri í 8. gr. sáttmálans þar sem franska ríkið hefði komið í veg fyrir að þau gætu séð fyrir þörfum barna sinna með þeirri skerðingu bótaréttar sem lögin höfðu í för með sér.

### *Niðurstaða*

Um 1. gr. 1. viðauka: *Um hugtakið eign og hvort um væri að ræða takmörkun á eignarrétti.* Í máli Maurice byggði franska ríkið á því að ekki hefði verið sýnt fram á bótaskyldu heilbrigðisyfirvalda í París þar sem óvissa léki á um áreiðanleika fósturgreiningarinnar. Var byggt á því að Maurice-hjónin hefðu ekki með réttu getað haft lögmætar væntingar um rétt til bótagreiðslu. Dómstóllinn taldi að sýnt hefði

## 1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

verið fram á beint orsakasamband á milli gáleysis þess sem frönsk heilbrigðisyfirvöld báru ábyrgð á og þeirra afleiðinga sem kærendur höfðu orðið fyrir. Hefðu Maurice-hjónin því með réttu getað vænst bótaréttar og því átt „eign“ í skilningi 1. gr. 1. viðauka sáttmálans. „Kouchner-lögin“ hefðu svipt kærendur möguleika á bótum vegna hinnar „sérstöku byrði“, enda hefðu hjónin höfðað mál fyrir innlendum stjórnsýsludómstól og fengið dæmdar töluverðar bráðabirgðabætur á þeim grundvelli að nægilega þætti sýnt fram á bótaskyldu heilbrigðisyfirvalda í París þegar lög-in gengu í gildi. Hefðu lögin því falið í sér takmörkun á eignarrétti þeirra.

Í máli *Draon* tók dómstóllinn fram að franska ríkið hefði viðurkennt að kærendur hefðu með réttu getað vænst bótageiðslu vegna hinnar „sérstöku byrði“, enda höfðu heilbrigðisyfirvöld í París viðurkennt bótaskyldu sína gagnvart kærendum áður en „Kouchner-lögin“ tóku gildi. Ríkið hefði því viðurkennt að eignarréttur kærenda hefði verið takmarkaður með lögnum.

*Um lögmæti takmarkana á eignarrétti.* Dómstóllinn tók fram að við mat á því hvort um lögmæta takmörkun væri að ræða þyrfti hann að meta hvort takmörkunin væri gerð í þágu almannahagsmuna og hvort meginreglunnar um meðalhóf hefði verið gætt.

Varðandi almannahagsmunum tók dómstóllinn fram að ríki hefðu vítt svigrúms til mats við félagslega og efnahagslega stefnumörkun. Dómstóllinn tók fram að franska þingið hefði með „Kouchner-lögnum“ verið að binda enda á röð fordæmisgefandi dóma um skaðabótaábyrgð heilbrigðisstétta sem það teldi óheppilega. Féllst dómstóllinn á að lögin hefðu verið sett með almannahag í huga.

Varðandi það hvort gætt hefði verið meðalhófs tók dómstóllinn fram að við sviptingu eigna væri að jafnaði ekki gætt meðalhófs nema sanngjarnar bætur kæmu fyrir eign. Einungis í undantekningartilvikum við mjög sérstakar aðstæður gæti það talist lögmæt takmörkun á eignarrétti ef engar bætur væru greiddar. Dómstóllinn tók fram að með „Kouchner-lögnum“ hefði verið sett ný skaðabótaregla sem varðaði mál sem þá þegar voru til meðferðar fyrir dómstólum. Sú afturvirkni laganna var í sjálfu sér ekki talin hafa brotið gegn kröfum um meðalhóf. Dómstóllinn taldi aftur á móti að í þessu tilviki hefðu lögin afnumið með afturvirkum hætti einn af meginbótapáttunum sem kærendur gátu vænst, bótapátt sem numið gat háum fjárhæðum. Þeir bótapáttir sem kærendur ættu rétt til eftir sem áður væru töluvert lægri og augljóslega ófullnægjandi, enda hefði ríkisstjórn Frakklands og löggjafinn viðurkennt það með þeim breytingum sem gerðar voru á lögnum 11. febrúar 2005. Dómstóllinn taldi þau lög ekki heldur fullnægjandi til að rétta hlut kærenda, enda lék bæði vafi á um gildissvið laganna og rétt kærenda til bóta samkvæmt þeim.

Dómstóllinn taldi að þær bætur sem kærendur hefðu fengið væru mun lægri en þau gátu með réttu vænst og einnig að kærendur ættu þær ekki vísar þar sem þau hefðu áfrýjað niðurstöðum dómstóla þar um. Þá taldi dómstóllinn að málsástæður franska ríkisins um siðfræðilegt mat, sanngjarna meðferð mála og stjórn heilbrigðisstofnana gætu ekki réttlætt hina afturvirku og bótalausni sviptingu verulegs hluta bótaréttar kærenda. Kærendur hefðu því þurft að bera óhóflegar byrðar sem ekki stæðust kröfur sáttmálans um það meðalhóf sem ríkja ætti á milli almannahags og

## 1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

---

fríðhelgi eignarréttar. Var því franska ríkið talið hafa brotið gegn 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann.

Um 14. gr., sbr. 1. gr. 1. viðauka: Með vísan til niðurstöðu sinnar um 1. gr. 1. viðauka taldi dómstóllinn ekki þörf á því að málið væri tekið sérstaklega til skoðunar hvað varðaði rétt kæranda skv. 14. gr., sbr. 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Um 1. mgr. 6. gr.: Meirihluti dómstólsins taldi ennfremur óþarft að taka málið til sérstakrar skoðunar hvað varðaði 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Um 13. gr.: Þar sem sáttmálinn tryggir ekki rétt til þess úræðis að lög samningsríkis séu sem slík metin efnislega fyrir innlendu stjórnvaldi taldi dómstóllinn að ekki hefði verið brotið gegn 13. gr. sáttmálans.

Um 8. gr.: Dómstóllinn taldi ekki ástæðu til að leggja mat á það hvort 8. gr. sáttmálans ætti við um málsatvik þar sem ekki gæti verið um brot gegn 8. gr. að ræða þótt atvikin féllu þar undir.

Fram kom að í kjölfar mikillar umræðu um svokallaðan Perruche-dóm í nóvember 2000 hefði franskur löggjafinn ákveðið að breyta því kerfi sem gildi um skaðabótaábyrgð heilbrigðisstétta. „Koucher-lögin“ hefðu því verið sett í kjölfar umfangsmikillar umræðu á franska þinginu þar sem afstaða hafði verið tekin til lagalegra, siðferðislegra og félagslegra spurninga sem vöknudu í tengslum við lagasetningu, sem og sjónarmið um stjórn heilbrigðisþjónustu og þörfina á sanngjarnri meðferð fyrir fatlaða einstaklinga. Löggjafinn hefði metið það svo að betra væri að bótaréttur vegna fötlunar byggðist á sérstökum lagaákvæðum en að dómstólar þyrftu að ákvarða bótarétt samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar hverju sinni. Þar sem það væri ekki hlutverk dómstólsins að koma í stað innlendra yfirvalda við að meta hvers konar kerfi eða útfærsla hentaði best á þessu erfiða sviði félagslegrar stefnu-mörkunar taldi dómstóllinn að ríkið hefði ekki brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Ákvörðun um bætur skv. 41. gr. sáttmálans var frestað. Draon-hjónunum voru dæmdar 15.244 evrur í málskostnað en Maurice-hjónunum 21.400 evrur samkvæmt sömu grein.

Fimm dómarmar skiluðu séráliti.

**Anheuser-Busch hf. gegn Portúgal**

**Dómur frá 11. október 2005**

**Mál nr. 73049/01**

**1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar**

***Hugtakið eign. Lögmætar væntingar. Vörumerki.***

**1. Málsatvik**

Kærandi er Anheuser-Busch hf., bandarískt hlutafélag með skráða starfsstöð í St. Louis í Bandaríkjunum. Það framleiðir bjór og selur undir vörumerkinu „Budweiser“ víða um heim.

Árið 1981 óskaði fyrirtækið eftir því við Einkaleyfastofu í Portúgal að vörumerkið „Budweiser“ yrði skráð. Stofan varð þó ekki við beiðninni strax þar sem vörumerkið „Budweiser Bier“ hafði þegar verið skráð af hálfu tékknesks fyrirtækis, Budejovicky Budvar. Árið 1989 höfðaði kærandi mál þar sem krafist var ógildingar vörumerkjaréttar Budejovicky Budvar og var á það fallist árið 1995. Skráði Einkaleyfastofan í kjölfarið vörumerkið „Budweiser“. Hið tékkneska fyrirtæki krafðist þess fyrir dómi að ákvörðun um ógildingu vörumerkis þess yrði hnekkt og byggði á tvíhliða samningi Portúgal og Tékklands (þá Tékkóslóvakíu) frá 1986 sem tekið hafði gildi 1987 um vernd skráðra upprunamerkja. Dómstóll féllst ekki á kröfu hins tékkneska fyrirtækis, en áfrýjunardómstóll sneri við þeim dómi og fyrirskipaði Einkaleyfastofu að hafna skráningu „Budweiser“ sem vörumerkis. Kærandi áfrýjaði til Hæstaréttar sem hafnaði kröfum hans árið 2001 á þeim grundvelli að vörumerkið „Ceskebudejovicky Budvar“ sem útlagðist Budweis eða Budweiss á þýsku nyti verndar umrædds tvíhliða samnings Þýskalands og Tékklands. Var skráningu á „Budweiser“ sem vörumerki því hafnað.

**2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

***Kæran***

Kærandi byggði á því að milliríkjasamningurinn frá 1986 hefði brotið gegn friðhelgi eignarréttar fyrirtækisins skv. 1. gr. 1. viðauka sáttmálans þar sem hann hefði tekið gildi eftir að kærandi sótti um skráningu „Budweiser“ sem vörumerkis. Byggði kærandi á því að réttur til verndar vörumerkis stofnaðist þegar umsókn um skráningu þess væri lögð fram. Hefði hann því verið sviptur þeim rétti án þess að bætur hefðu komið fyrir og án þess að almannahagsmunir hefðu legið þeirri ákvörðun til grundvallar að vernda skráð upprunavörumerki á grundvelli milliríkjasamnings Portúgal og Tékklands.

***Niðurstaða***

Dómstóllinn byggði á því að hugverkaréttur nyti ótvírætt verndar skv. 1. gr. 1. viðauka sáttmálans. Sú spurning lá fyrir dómstólnum að meta nákvæmlega hvenær réttur til verndar vörumerkis telst verða eign í skilningi ákvæðisins.

Fram kom að kærandi, sem var með heimsþekkt vörumerki, hefði óhjákvæmlega fjárhagslega hagsmuni af skráningu vörumerkisins. Dómstóllinn leit til þess að

## 1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

samkvæmt portúgölskum lögum hefði allt frá árinu 1995 verið unnt að krefjast skaðabóta vegna tjóns af völdum ólögmætrar og sviksamlegrar notkunar þriðja aðila á vörumerki sem sótt hefði verið um skráningu á. Þá hefði sá aðili forgang til skráningar vörumerkis sem fyrr setti fram umsókn um skráningu þess. Þrátt fyrir að þessi sjónarmið styddu það að kærandi hefði öðlast kröfu til ákveðinna fjárhagslegra hagsmuna sem notið gætu lagaverndar taldi dómstóllinn stöðu kæranda ekki nægilega sterka til þess að hann teldist geta haft lögmætar væntingar til eignar sem gerði vernd 1. gr. 1. viðauka sáttmálans virka. Vísaði dómstóllinn til þess að kærandi gat ekki verið viss um að njóta vörumerkjaréttarins fyrr en eftir að vörumerkið hefði verið endanlega skráð og eftir að ljóst var að skráningin sætti ekki andmælum þriðja aðila. Réttur kæranda var því skilyrtur og féll niður afturvirkur eftir að í ljós kom að skráning merkisins braut rétti þriðja aðila. Taldi dómstóllinn að ákvæði portúgalskra laga þess efnis að mótmæla mætti skráningu vörumerkis innan þriggja mánaða frá skráningu þess skýrt, nákvæmt og sanngjarnt. Af þessu leiddi að mati dómstólsins að kæranda mátti vera ljóst að mögulegt væri að beiðni hans um skráningu yrði hafnað af portúgölskum stjórnvöldum, sérstaklega þar sem umræddur samningur Portúgals og Tékklands hafði verið í gildi í tvö og hálf ár þegar kærandi krafðist ógildingar skráningar upprunavörumerkis hins tékkneska fyrirtækis.

Að lokum kom fram í niðurstöðu dómstólsins að þrátt fyrir að ljóst væri að vörumerki teldist í sjálfu sér eign í skilningi 1. gr. 1. viðauka sáttmálans væri þó ekki svo fyrr en skráningu væri að fullu lokið í samræmi við þau lög og reglur sem í hverju landi gilda. Fram að þeim tíma hefðu umsækjendur vissulega von um að öðlast slíkan eignarrétt en ekki lögmætar væntingar sem nytu réttarverndar. Í því sambandi skipti það ekki máli að umræddur milliríkjasamningur frá 1986 hafði tekið gildi eftir að kærandi óskaði eftir skráningu vörumerkisins „Budweiser“, enda átti kærandi ekki eign í skilningi 1. gr. 1. viðauka þegar samningurinn tók gildi þann 7. mars 1987.

Var það því niðurstaða dómstólsins að 1. gr. 1. viðauka ætti ekki við í máli kæranda og hafði því ekki verið brotin.

Tveir dómáramur skiluðu séráliti.

### **N.A. o.fl. gegn Tyrklandi**

**Dómur frá 11. október 2005**

**Mál nr. 37451/97**

### **1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar**

***Svipting eignar. Réttur til skaðabóta.***

#### **1. Málsatvik**

Kærandur eru fimm tyrkneskir ríkisborgarar fæddir á árabílinu 1926-1956 og allir búsettir í Tyrklandi.

Árið 1986 var þeim með ákvörðun stjórnvalda veitt heimild til byggingar hótels á landspíldu sem þeir höfðu erfð. Fjárýslustofnun svæðisins vísaði ákvörðuninni

## 1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

til dómstóla sem ógiltu skráningu í landskrá fasteigna og fyrirskipaði að hótelið sem þá var í byggingu yrði jafnað við jörðu. Var þetta gert á þeim grundvelli að umrædd landspilda gæti ekki verið í eign einkaaðila. Var dómurinn staðfestur af áfrýjunar-dómstóli 1. mars 1990. Kærendur reyndu án árangurs að krefjast bóta fyrir dómstól-um vegna tjóns og missis eignarréttinda sem og vegna eyðileggingar hótelsins.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

#### *Kæran*

Kærendur byggðu á því að þeim hefði ekki verið bætt það tjón sem leiddi af eyðileggingu hótels þeirra og ógildingu skráningar eignar þeirra í landskrá fasteigna. Byggðu þeir á 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann.

#### *Niðurstaða*

Kærendur höfðu að mati dómstólsins komist yfir umrædda landspildu í góðri trú. Höfðu þeir verið viðurkenndir eigendur hennar og greitt af henni skatta fram að þeim tíma sem réttur þeirra var ógiltur og landspildan skráð sem eign ríkisins. Þeir höfðu því notið eignar sinnar í friði fram að þeim tíma og höfðu hafið byggingu hótels á landinu á grundvelli byggingarleyfis stjórnvalda. Taldi dómstóllinn að takmörkun á eignarrétti kæranda væri þess eðlis að hún fæli í sér sviptingu eignar í skilningi 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. 1. viðauka. Kærendur voru sviptir eign sinni með dómsúrlausn sem dómstóllinn taldi á engan hátt handahófskennda. Svipting eignarréttar á þeim grundvelli að landspildan var á strandlengju og því hluti strandarinnar sem væri opinbert svæði og opið öllum almenningi fullnægði að mati dómstólsins kröfum sáttmálans um að lögmætt markmið í almannabágu lægi til grundvallar skerðingu eignarréttar.

Varðandi það hvort gætt hefði verið meðalhófs tók dómstóllinn fram að við eignarnám væri að jafnaði ekki gætt meðalhófs nema sanngjarnar bætur kæmu fyrir eign. Einungis í undantekningartilvikum við mjög sérstakar aðstæður gæti það talist lögmæt takmörkun á eignarrétti að greiða engar bætur. Kærendur höfðu engar bætur hlotið vegna sviptingar eignarréttar þeirra á landspildunni eða vegna eyðileggingar hótels þess sem þeir höfðu hafið byggingu á, en þeir hefðu þó staðið fyrir málshöfðun í því markmiði fyrir tyrkneskum dómstólum. Þá hafði tyrkneska ríkið engar málsástæður fært fram sem gætu talist til sérstakra aðstæðna og réttlætt það að alls engar bætur voru greiddar fyrir skerðingu eignarréttar. Var það því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 1. gr. 1. viðauka sáttmálans. Hins vegar taldi dómstóllinn ekki tímabært að taka afstöðu til þess hverjar væru sanngjarnar bætur til kæranda.

**Roche gegn Bretlandi**

**Dómur frá 19. október 2005 - Yfirdeild**

**Mál nr. 32555/96**

**Sjá reifun dómsins undir 8. gr.**

***Þátttakendur í gastilraunum. Hermenn. Aðgangur að gögnum um persónulega hagi. Jákvæðar skyldur. Frelsi til að taka við upplýsingum. Réttindi að einkamálarétti. Hugtakið eign.***

**Saliba gegn Möltu**

**Dómur frá 8. nóvember 2005**

**Mál nr. 4251/02**

**1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar**

***Takmarkanir á eignarrétti. Niðurrif byggingar.***

**1. Málsatvik**

Kærandi, Benny Saliba, er ríkisborgari Möltu, fæddur 1941 og búsettur á Möltu. Snemma á áttunda áratugnum eignaðist kærandi landspildu í Gozo en þar hafði þá þegar verið reist vörugeymsla. Síðar var kærandi tvisvar ákærður í refsímáli fyrir að hafa staðið fyrir byggingarframkvæmdum á lóðinni án tilskilinna leyfa. Var hann sýknaður af fyrri ákærinni en sakfelldur vegna þeirrar síðari. Var honum gert að greiða sekt og rífa bygginguna niður. Kærandi áfrýjaði dóminum.

Í október 1992 ógilti áfrýjunardómstóll refsisdóminn en fyrirskipaði þó niðurrif vörugeymslunnar, þar sem hún hefði verið byggð án tilskilinna leyfa. Byggði dómstóllinn á ákvæðum lögreglulaga. Kærandi höfðaði þá einkamál þar sem hann byggði á því að framangreindum lögum hefði verið breytt 6. júní 1988 og að fyrir þann dag hefði ekki verið unnt að beita því refsikennda úrræði að láta rífa niður byggingu væri sakborningur sýknaður. Þá byggði kærandi á því að þar sem hin meinta refsiverða háttsemi var framin fyrir 6. júní 1988 hefði refsingin ekki verið fyrirsjáanleg. Kröfu kæranda var hafnað og áfrýjaði hann þá til stjórnlagadómstóls sem einnig hafnaði kröfunni. Byggði dómstóllinn á því að refsiverð háttsemi hefði átt sér stað og að koma þyrfti aftur á lögsmætu ástandi, án tillits til þess hver hefði framið hina refsiverðu háttsemi. Í tilviki kæranda hefði því sú eina leið verið fær að fyrirskipa niðurrif byggingarinnar.

**2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

***Kæran***

Kærandi byggði á því að ákvörðun um niðurrif byggingar hans hefði brotið rétt hans skv. 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann.

***Niðurstaða***

Dómstóllinn taldi innlenda dómstóla ekki hafa byggt ákvörðun sína um niðurrif byggingarinnar á umdeilanlegum forsendum. Þá taldi dómstóllinn að eftir að



## 1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

breytingar voru gerðar á lögreglulögum hefði kæranda mátt vera ljóst að yrði bygging vörueymslunnar talin ólögmet samkvæmt þeim yrði niðurrið hennar fyrirskipað, án tillits til niðurstöðu um sekt hans sjálfs.

Dómstóllinn taldi að markmið þess að niðurrið byggingarinnar var fyrirskipað væri það að koma á því lögmæta ástandi sem uppi hefði verið hefði lögum verið fylgt. Bryti dómur um niðurrið byggingarinnar ekki gegn meðalhófsreglu í ljósi þess lögmæta markmiðs sem stefnt væri að. Þótt kærandi hefði sjálfur verið sýknaður gat það að mati dómstólsins ekki breytt þessari niðurstöðu. Önnur niðurstaða væri til þess fallin að skylda innlend yfirvöld til að þola ólögmetar byggingar hefðu eignarráð yfir þeim flust yfir til grandlauss þriðja aðila.

Var það niðurstaða dómstólsins að sú takmörkun á eignarrétti sem um ræddi hefði verið lögmæt og ekki falið í sér brot gegn meðalhófsreglu. Því taldi dómstóllinn ekki hafa verið brotið gegn 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann.

Tveir dómarar skiluðu séráliti.

### **J.A. Pye (Oxford) hf. gegn Bretlandi**

**Dómur frá 15. nóvember 2005**

**Mál nr. 44302/02**

### **1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar**

***Eignarsvipting. Hefð.***

#### **1. Málsatvik**

Kærendur eru tvö bresk fyrirtæki, J.A. Pye (Oxford) hf. og J.A. Pye (Oxford) Land hf. Síðarnefnda félagið var skráður eigandi 23 hektara landbúnaðarjarðar sem metin var á 21 milljón punda. Fyrirnefnda félagið var áður eigandi jarðarinnar. Eigendur jarðar sem lá að jörðinni, Graham-fjölskyldan, hafði beitarafnot af landinu í samræmi við ákvæði samnings sem gilti til 31. desember 1983. Þann 30. desember 1983 var Graham-fjölskyldunni fyrirskipað að rýma landið þar sem samningurinn væri um það bil að renna út, en hún varð ekki við því.

Í janúar 1984 höfnuðu kærendur frekari samningum um beit á landi sínu þar sem þeir hugðust óska eftir skipulagsleyfi á jörðinni og töldu áframhaldandi beit geta skaðað möguleika sína á slíku leyfi. Frá september 1984 til ársins 1999 hélt Graham-fjölskyldan áfram að nýta landið til beitar án heimildar kæranda.

Árið 1997 lét Graham-fjölskyldan skrá mótmæli sín við eignarrétti kæranda að jörðinni í opinbera skrá landeigna á þeim grundvelli að fjölskyldan hefði áunnið sér eignarrétt að jörðinni fyrir hefð. Kærendur leituðu eftir ógildingu skráningarinnar fyrir dómi og hófu aðgerðir til að fá viðurkennd eignarráð sín yfir landinu. Graham-fjölskyldan mótmælti kröfum kæranda á grundvelli laga frá 1980 þar sem mælt var fyrir um að einstaklingur gæti ekki höfðað mál til viðurkenningar eignarréttar yfir jarðeign þegar liðin væru 12 ár frá upphafstíma eignarhefðar annars aðila. Þá byggði Graham-fjölskyldan einnig á því að samkvæmt lögum frá 1925 væri það svo að eftir framangreint 12 ára tímabil væri landið einungis í vörslu skráðs eiganda fyrir hönd

## 1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Þess aðila sem hefði áunnið sér eignarrétt að því fyrir hefð. Dómstóll féllst á að kær- endur hefðu misst eignarrétt sinn að jörðinni til Graham-fjölskyldunnar og að fjöl- skyldan skyldi skráð eigandi jarðarinnar.

Kærandur áfrýjuðu og var fallist á málsástæður fyrir eignarrétti þeirra á milli- dómstigi, en dóminum var snúið við hjá æðsta áfrýjunardómstól.

Lög um skráningu lands frá árinu 2002, sem hafa ekki afturvirk áhrif, heimila nú þeim sem eignast hefur land fyrir hefð, að sækja um skráningu sem eigandi jarð- ar að liðnum 10 árum frá upphafstíma eignarhefðar. Er sú krafa gerð að skráðum eiga- anda sé tilkynnt um umsóknina. Skráðum eiganda er þá veittur tveggja ára frestur til að endurheimta yfirráð yfir jörðinni, svo sem með útburði hefðanda, en geri hann það ekki á sá rétt til að skrá sig sem eiganda.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

### *Kæran*

Kærandur byggðu á því að bresk lög um hefð sem leiddu til þess að þeir misstu eignarrétt yfir landinu til nágranna síns væru ekki í samræmi við 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

### *Niðurstaða*

Um 1. gr. 1. viðauka: Meint takmörkun á eignarrétti kæranda. Dómstóllinn taldi að ákvæði laganna frá 1980 og 1925 sviptu kærndur efnislegum eignarrétti þeirra og útilokuðu að kærndur gætu á lögmætan hátt endurheimt þau. Það hefði verið eignarhefð Graham-fjölskyldunnar sem leiddi til þess að kærndur misstu eignarréttindi sín. Hefðu umrædd lög ekki verið í gildi hefðu umráð Graham-fjöl- skyldunnar á jörðinni aldrei getað leitt til þess að kærndur misstu eignarrétt sinn að jörðinni. Var það því að mati dómstólsins aðeins vegna löggjafar sem kærndur voru sviptir eignarrétti sínum til hagsbóta fyrir Graham-fjölskylduna. Taldi dómstóllinn það því vera vegna áhrifa umræddra laga að kærndur hefðu verið sviptir eign sinni í skilningi 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

*Lögmætt markmið.* Dómstóllinn taldi, með fáum undantekningum þó, mjög ólíklegt að óvissa um eignarhald að fasteign kæmi upp í landi þar sem skylt væri að halda fasteignaskrá, eins og í máli kæranda, og eigandi lands því auðfundinn. Fyrir daga slíkrar skráningar hefði mátt réttlæta markmið umræddra laga með þeim rök- um að þeim væri ætlað að koma í veg fyrir langvarandi óvissu um eignarhald. Hins vegar væri erfitt að sjá nokkra réttlætingu fyrir lagaákvæði sem leiddi til svo ósann- gjarnrar niðurstöðu þegar slíkt skráningarkerfi væri fyrir hendi.

Dómstóllinn tók mið af því að mörg önnur aðildarríki sem byggja á réttarkerfi venjuréttar, eins og í Bretlandi, og eru með slíkt skráningarkerfi hafa annað hvort af- numið eignarhefð eða takmarkað verulega efnisleg áhrif eignarhefðar. Þrátt fyrir verulegar breytingar á lögum um eignarhefð árið 2002 hvað varðaði skráð land hefðu hin eldri lög ekki verið felld úr gildi í heild sinni. Dómstóllinn taldi þess vegna að lögin þjónuðu ekki viðvarandi almannahagsmunum hvað skráð land varðaði.

*Meðalhóf.* Dómstóllinn taldi að 12 ára eignarhefðartímabil væri tiltölulega langt og að ákvæði laga um það væru vel þekkt og hefðu ekki breyst á þeim tíma

## 1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

sem kærundur áttu eignarrétt að hinni umdeildu fasteign. Þá féllst dómstóllinn á að til að koma í veg fyrir hefð Graham-fjölskyldunnar hefðu kærundur ekki þurft að gera annað en að koma reglu á nýtingu hennar á landinu eða höfða mál til þess að endurheimta eignarrétt sinn innan 12 ára tímabilsins. Þrátt fyrir það stæði sú spurning eftir hvort, með hliðsjón af tómlæti kæranda, meðalhóf væri á milli skerðingar kæranda á eignarrétti sínum annars vegar og þeirra lögsmætu almannahagsmuna sem skerðingin þjónaði hins vegar.

Dómstóllinn leit til þess að kærundur hefðu ekki aðeins verið sviptir eignarrétti sínum, heldur hefðu engar bætur komið fyrir. Höfðu hefðarreglurnar því sérstaklega alvarleg áhrif á hagsmuni kæranda og slíkt væri aðeins unnt að réttlæta við alveg sérstakar aðstæður. Taldi dómstóllinn að líta þyrfti til skorts á bótarétti í ljósi þess að viðeigandi málsmeðferðarreglur gagnvart eigendum fasteigna sem ættu hagsmuna að gæta. Dómstóllinn lagði áherslu á það í því sambandi að þess var ekki krafist að lögum að skráðum eigendum væri tilkynnt á nokkurn hátt um kröfu um eignarhefð sem gefið gæti eiganda tilefni til að gæta réttar síns.

Breska ríkið byggði á því að á því hvíldi engin skylda til að vernda einstaklinga gegn eigin tómlæti. Dómstóllinn tók hins vegar fram að slíkt tómlæti hefði ekki haft nein áhrif á réttindi kæranda nema vegna umræddra lagaákvæða. Enn mikilvægara væri að breska þingið hefði viðurkennt umrædda málsmeðferðaranmarka á lögum um eignarhefð með breytingum 2002. Með hinum nýju lögum var þess ekki einungis krafist af hefðanda að hann tilkynnti skráðum eiganda formlega um kröfu sína til eignarhalds eftir 10 ára umráð, heldur einnig að hann þyrfti að sýna fram á sérstakar ástæður fyrir því að hann ætti að öðlast eignarrétt að fasteigninni gegn mótmælum skráðs eiganda. Sú staðreynd að lög hefðu breyst á þessa vegu til frekari tryggingar réttindum samkvæmt sáttmálanum leiddi að mati dómstólsins hins vegar ekki sjálfkrafa til þess að hið fyrra kerfi teldist hafa verið í ósamræmi við ákvæði sáttmálans. Dómstóllinn taldi þó rétt að líta sérstaklega til þeirra breytinga sem orðið hefðu á skráningarkerfinu þegar metið væri meðalhóf kerfisins í tilfelli kæranda.

Það var niðurstaða dómstólsins að beiting ákvæða umræddra laga frá 1925 og 1980, sem svipt hefði kærundur eignarrétti sínum, hefði haft í för með sér einstaklingsbundna og úr hófi þunga byrði fyrir kærundur og hefði ekki verið í samræmi við það meðalhóf sem ríkja hefði átt milli almannahagsmuna annars vegar og réttar kæranda til að njóta eigna sinna í friði hins vegar. Var það því niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 1. gr. 1. viðauka.

Dómstóllinn taldi að ekki væri unnt að svo stöddu að ákvarða til kæranda skv. 41. gr. sáttmálans.

Þrír dómáttarar skiluðu séráliti.

**1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar**

---

**Capital Bank AD gegn Búlgaríu**

**Dómur frá 24. nóvember 2005**

**Mál nr. 49429/99**

**Sjá reifun dómsins undir 6. gr.**

*Lögsaga dómstóla. Gjaldprot. Leyfi til bankastarfsemi. Almennar takmarkanir eignarréttar. Polandi brots.*

---

**2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar**

---

**Leyla Sahin gegn Tyrklandi**

**Dómur frá 10. nóvember 2005 - Yfirdeild**

**Mál nr. 44774/98**

**Sjá reifun dómsins undir 9. gr.**

*Bann við notkun höfuðklúta. Réttur til aðgangs að háskóla.*

---

## 3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga

---

**Hirst gegn Bretlandi**

**Dómur frá 6. október 2005 - Yfirdeild**

**Mál nr. 74025/01**

**3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga**

**10. gr. Tjáningarfrelsi**

**14. gr. Bann við mismunun**

*Takmörkun kosningaréttar. Fangar.*

### 1. Málsatvik

Kærandi, John Hirst, er breskur ríkisborgari.

Þann 11. febrúar 1980 játaði kærandi manndráp og dæmdur til lífstíðarfangelsis með fyrirvara um endurskoðun. Sá hluti refsingar hans sem byggðist á varnaðar- og endurgjaldssjónarmiðum rann út 25. júní 1994. Hann var hins vegar áfram vist- aður í fangelsi á þeim grundvelli að af honum stafaði almannahætta. Þann 25. maí 2004 var honum veitt reynslulausn úr fangelsi.

Sem fanga á refsiaflánun er kæranda, ásamt um 48.000 öðrum fögnum í Bretlandi, óheimilt skv. 3. gr. laga um borgararétt frá 1983 að kjósa í þing- og sveitarstjórnarkosningum. Kærandi höfðaði mál fyrir dómstólum á grundvelli breskra mannréttindalaga frá 1998 þar sem hann byggði á því að 3. gr. greindra laga bryti gegn sáttmálanum. Kröfum hans og síðar áfrýjun var hafnað.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

#### *Kæran*

Kærandi byggði á því að bann við þátttöku hans í kosningum á þeim grundvelli að hann væri refsifangi bryti gegn 3. gr. 1. viðauka við sáttmálann, sem og 10. og 14. gr. sáttmálans.

#### *Niðurstaða deildar*

Þann 30. mars 2004 komst deild 7 dómara að þeirri einróma niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 3. gr. 1. viðauka við sáttmálann og að ekki væri nauðsynlegt að skoða kærana sérstaklega frá sjónarhóli 10. og 14. gr. sáttmálans. Dómstóllinn taldi þá niðurstöðu fela í sér nægilegar miskabætur kæranda til handa, en dæmdi honum 12.144 evrur í málskostnað á grundvelli 41. gr. sáttmálans.

#### *Niðurstaða yfirdeildar*

Um 3. gr. 1. viðauka: Dómstóllinn lagði áherslu á að réttindi sem tryggð eru með 3. gr. 1. viðauka sáttmálans eru grundvallarstoðir skilvirks og raunverulegs lýðræðis og réttarríkis, en jafnframt væru ýmsar leiðir færar við tilhögun og framkvæmd kosninga og tækju þær m.a. mið af sögulegum, pólitískum og menningarlegum forsendum í hverju aðildarríki fyrir sig.

### 3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga

Að því er fanga snerti lagði dómstóllinn áherslu á að þeir njóta almennt þeirra grundvallarmannréttinda sem sáttmálinn tryggir, þó að undanskildum réttinum til frelsis. Sáttmálinn byggði á því að umburðarlyndi og víðsýni væru aðalsmerki lýðræðislegs þjóðfélags, og því kæmi sjálfkrafa svipting kosningaréttar á grundvelli almenningsálits ekki til greina. Krafan um umburðarlyndi kæmi þó ekki í veg fyrir að ríki gætu varið sig gegn háttsemi sem hefur það að markmiði að grafa undan eða vanvirða réttindi sem í sáttmálanum felast. Þannig gætu þau réttindi sem 3. gr. 1. viðauka tryggir ekki útilokað að takmarkaður sé kosningaréttur manns sem gerist t.d. sekur um misbeitingu opinbers valds eða vanvirðir grundvallarstöðir lýðræðis- og réttarríkis. Mikið þyrfti þó að vera í húfi áður en gripið væri til þess að svipta mann svo mikilsverðum rétti sem kosningarétti. Í því sambandi krefðist meginreglan um meðalhóf þess að skýr og nægileg tengsl væru á milli háttseminnar sem um ræddi og sviptingar kosningaréttar. Hér, eins og endranær, veitti málsmeðferð fyrir dómstóli ríka tryggingu gegn handahófskenndum ákvörðunum.

*Lögmætt markmið.* Í 3. gr. 1. viðauka eru þau markmið sem réttlæta takmörkun á rétti sem greinin tryggir ekki rakin sérstaklega. Af hálfu breska ríkisins var því haldið fram að takmörkunin væri reist á varnaðarsjónarmiðum og einnig væri henni ætlað að auka borgaralega ábyrgð og virðingu fyrir réttarríkinu. Dómstóllinn féllst á að líta mætti svo á að umrædd takmörkun væri gerð í greindum tilgangi.

*Meðalhóf.* Breska ríkið hélt því fram að bannið væri í raun háð takmörkunum þar sem það hefði aðeins áhrif á um 48.000 fanga, og aðeins þá sem dæmdir höfðu verið fyrir háttsemi sem varðaði fangelsisrefsingu, en ekki þá sem væru í gæsluvarðhaldi eða þá sem afplánuðu vararefsingu vegna sekta.

Dómstóllinn taldi hins vegar umræddan fjölda, 48.000 fanga, umtalsverðan og að ekki væri hægt að bera því við að fjöldinn væri í raun óverulegur. Í hópi þessara 48.000 fanga væru m.a. fangar sem afplánuðu fangelsisrefsingu allt frá einum degi til lífstíðar, sumir fyrir afbrot sem gátu talist tiltölulega smávægileg en aðrir fyrir hin alvarlegustu brot. Þá leit dómstóllinn til þess að við sakfellingu og ákvörðun refsingar tækju dómstólar á Englandi og í Wales enga sérstaka afstöðu til sviptingar réttinda hverju sinni og þá væru engin skýr tengsl á milli atvika hvers máls og sviptingar kosningaréttar. Ljóst væri einnig að engin málefnaleg umræða hefði farið fram af hálfu löggjafans um réttmæti þessarar fortakslausu takmörkunar á kosningarétti og hefðu því hvorki þeir hagsmunir sem á vegast með banninu verið metnir sérstaklega af löggjafanum né sjónarmið um meðalhóf.

Hvað varðaði málsástæðu um sameiginlega hefð aðildarríkja um sambærilega takmörkun réttinda fanga tók dómstóllinn fram að þótt nokkurs ósamræmis gætti á milli laga aðildarríkja hvað þetta varðaði væri óumdeilt að Bretland væri ekki eina landið sem takmarkaði kosningarétt refsifanga. Í raun gengju lög Bretlands ekki eins langt og sumra annarra ríkja hvað þetta varðaði. Bæði væru þær undantekningar gerðar á sviptingu kosningaréttar sem áður voru raktar og auk þess fengju menn kosningarétt aftur að lokinni afpláun. Framhjá því yrði þó ekki litið að minnihluti aðildarríkja sáttmálans, ekki fleiri en 13, hefðu lögleitt sambærilega takmörkun á

### 3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálstra kosninga

---

kosningarétti fanga. Auk þess hefði það atriði eitt og sér ekki úrslitaáhrif á niðurstöðu máls kæranda að um sameiginlega hefð Evrópuríkja væri að ræða.

Enda þótt að aðildarríkjum sé veitt ríkt svigrúm til mats á þessu sviði sáttmálans er það alls ekki ótakmarkað að mati dómstólsins. Þó að staða fanga hafi að nokkru verið bætt með lögum á árinu 2000, sem heimiluðu kosningarétt gæsluvarðhaldsfanga, yrði ekki framhjá því litið að umrædd 3. gr. laganna frá 1983 sem takmarkaði kosningarétt refsifanga hefði almennt gildissvið. Að mati dómstólsins var takmörkunin svo almenn, sjálfvirk og fortakslaus að hún gat ekki fallið innan þess svigrúms aðildarríkja til mats sem gildir skv. 3. gr. 1. viðauka sáttmálans, jafnvel þótt ríkt væri. Hefði nefnt ákvæði því verið brotið.

Að því virtu að aðildarríki sáttmálans hafa valið ólíkar leiðir til að taka á þeim álitamálum sem tengjast banni við kosningarétti refsifanga taldi dómstóllinn það undir breska ríkinu komið að meta hvernig réttindi þau sem felast í 3. gr. 1. viðauka sáttmálans yrðu sem best tryggð framvegis.

Um 10. og 14. gr.: Að mati dómstólsins gaf kæruefnið ekki tilefni til sérstakrar skoðunar varðandi 10. og 14. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi niðurstöðu sína um að brotið hefði verið á framangreindum rétti kæranda fela í sér nægilegar bætur honum til handa. Honum voru dæmdar 23.200 evrur í málskostnað á grundvelli 41. gr. sáttmálans.

Fimm dómarar skiluðu séráliti.

